„HVAR VAR KJARTAN GUNNARSSON?“

Oddný Sturludóttir og Egill Helgason setjast á rökstóla

ALLA SUNNUDAGA
20 SÍÐUR
RE/MAX Fasteignablað
www.remax.is - öflugur fasteignavefur

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
17. febrúar 2008 — 47. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

ALGERIR YFIRBURÐIR

Wayne Rooney og félagar í Manchester United kjöldrógu lið Arsenal í ensku bikarkeppninni í gær.

ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



ÁFRAM VÆTUSAMT Í dag verður yfirleitt fremur hæg suðvestlæg átt. Rigning sunnan og vestan til annars úrkomulítið. Hiti 5-10 stig.

VEÐUR 4

Yfir hundrað skipta um nafn á hverju ári

901 Íslendingur skipti um eiginnafn á árunum 1997 til 2005. Þjóðskrá rukkar 4.400 krónur fyrir nýtt eiginnafn, en sumir kjósa að fella niður nafn eða breyta kenninafni, sem er gjaldfrjálst. Ekki má breyta eiginnafni tvisvar á ævinni.

FÓLK „Ég er mjög sáttur við breytinguna og enn sem komið er er enginn annar sem heitir Gneisti á landinu, sem veldur því að maður týnist ekki svo auðveldlega í fjöldanum,“ segir Óli Gneisti Sóleyjarson, sem lét árið 2002 fella niður nafn, bæta við öðru og kenna sig við móður sína. Hann er einn þeirra fjölmörgu Íslendinga sem hafa breytt eiginnafni sínu.

Á árunum 1997 til 2005 breytti 901 Íslendingur um eiginnafn. 456 þeirra tóku upp nýtt eiginnafn samhliða öðru, en 227 tóku upp nafn og felldu annað niður. 174 breyttu nafni við ættleiðingu.

Um hundrað manns skipta um nafn á hverju ári. Ef ætlunin er að bæta inn nýju nafni þarf að greiða Þjóðskrá 4.400 krónur fyrir ómakið. Gjaldfrjálst er að fella niður nafn, kenna sig við móður, taka upp ættarnafn úr fjölskyldunni eða taka upp íslenskt nafn samhliða ríkisborgararétti.

„Það var minnisstætt augnablik þegar ég settist niður með mömmu og pabba og skýrði þeim frá ákvörðun minni,“ segir Halldór Tinni Sveinsson, sem felldi niður millinafn sitt Vésteinn og tók upp gælunafn frá barnæsku, Tinni, í staðinn. „Vésteins-nafnið er nefnilega hugmynd mömmu og hún var svona svolítið hvumsa þar til hún áttaði sig á þeim sannleik að nöfn er ekki hægt að taka af manni.“

- jma / sgj / sjá síðu 16

HÁSKÓLADAGURINN Kynningardagur var í íslenskum háskólum í gær. Háskóli Íslands og Kennaraháskólinn kynntu starfsemi sína í hinu nýja Háskólatorgi og var múgur og margmenni á staðnum. Birna Daníelsdóttir líffræðinemi var meðal þeirra sem kynntu nám sitt fyrir gestum og gangandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BARIST VIÐ ELD Ólga er meðal innflytjenda í Danmörku. Kveikt hefur verið í bílum, skólum og ruslatunnum víða.

Óeirðir í Danmörku:

Lögðu eld að barnaheimili

DANMÖRK, AP Kveikt var í barnaheimili í úthverfi Árósa í gærkvöldi. Þá loguðu eldar víðs vegar um Danmörku á föstudagskvöld og aðfaranótt laugardags. Meðal annars hefur verið kveikt í ruslagámum, bílum og skólum í óeirðum síðustu daga.

Alls hafa 43 verið handteknir í óeirðunum, að mestu leyti innflytjendur. Óeirðirnar eru að einhverju leyti raktar til endurbirtinga fjölmargra danskra dagblaða á teikningum af Múhameð spámanni. Þá er einnig talið að almenn óánægja innflytjenda með stöðu sína hafi sitt að segja.

- þeb

Æ fleiri fara í lýtaaðgerð:

Körlum er illa við síðuspikið

FÓLK Íslenskir karlar leita í auknum mæli á náðir lýtalækna. Vinsælast er að láta laga svæðið í kringum augu og nef. Auk þess er síðuspik illa séð hjá mörgum körlum.

Að sögn lýtalækna hérlendis er ekki um neina sprengingu að ræða en þeir kveðast finna fyrir auknum áhuga karla á fegrunaraðgerðum.

Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um fjölda slíkra aðgerða en varlega áætlað má reikna með að þær séu í kringum hundrað á ári.

- fgg / sjá síðu 30

GÆÐASTJÓRNUN VIÐ VERKLEGAR FRAMKVÆMDIR
Næsta námskeið
20. febrúar
Skráning á www.idan.is
IÐAN fræðslusetur

Kvenfangar hafa ekki sömu tækifæri og karlfangar en úrbætur á því eru hafnar:

Tveir kvenfangar fluttir á Kvíabryggju

FANGELSISMÁL „Sannleikurinn er sá að við höfum verið pínulítið eftir á þegar kemur að afplánun kvenna. Við viljum þó auðvitað að jafnrétti kynjanna ríki í fangelsismálum eins og annars staðar,“ segir Erlendur S. Baldursson, afbrotafræðingur hjá Fangelsismálastofnun, en á föstudag voru fyrstu tveir kvenfangarnir fluttir í fangelsið á Kvíabryggju til afplánunar.

Erlendur segir að í Kópavogsfangelsi, þar sem konur afplána fangelsisdóma, séu ekki sömu möguleikar fyrir hendi og til dæmis á Litla-Hrauni og Kvíabryggju til tómstunda, útivistar eða vinnu. Við enduruppbyggingu Kvíabryggju hafi verið litið til þess að þar mætti í framtíðinni vista bæði kynin og því var útbúið sérhúsnæði fyrir konur sem nú hefur verið tekið í notkun.

„Þær taka svo bara þátt í því sama og karlarnir gera rétt eins og á að gerast alls staðar í samfélaginu,“ segir Erlendur en útskýrir að föngum sé gert að fara eftir sérstökum reglum um samskipti kynjanna í fangelsinu. Hann segir þær konur sem treyst er til afplánunar á Kvíabryggju valdar þangað inn rétt eins og gerist með karlfangana.

Þessar breytingar eru liður í miklu uppbyggingarstarfi sem hafið er og liggur fyrir hjá fangelsismálayfirvöldum.

FYRIRMYNDARFANGELSI Fangelsið á Kvíabryggju hefur þótt til fyrirmyndar en þar hafa konur ekki getað afplánað fyrr en nú.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

- kdk/-mh/ sjá síðu 8

OPIÐ FRÁ 13 TIL 18
Á SUNNUDÖGUM
Kringlan

SPURNING DAGSINS

Atie, ætlið þið að fá almættið með ykkur í lið?

„Já, það væri upplagt að fá smávegis hjálp af himnum ofan."

Samtökin Sól á Suðurlandi efna til fundar í Fríkirkjunni við Reykjavíkurtjörn klukkan fjögur í dag, þar sem áformum Landsvirkjunar um virkjun Þjórsár verður mótmælt. Atie Bakker bóndi segir kirkjuna hafa orðið fyrir valinu vegna þess hve ódýrt var að leigja hana.

Hætta á misklíð á landsfundi demókrata ef prófkjör sýna ekki skýra niðurstöðu:

Al Gore vill hindra sundrung

BANDARÍKIN Nóbelsverðlaunahafinn Al Gore og aðrir háttsettir demókratar óttast sundrung í Demókrataflokknum og munu því ekki lýsa yfir stuðningi við annan hvorn frambjóðenda demókrata til forseta Bandaríkjanna. Hætta er á misklíð á landsfundi demókrata í ágúst ef enginn reynist skýr sigurvegari eftir forkosningar flokksins sem mun ljúka í júní.

Barack Obama og Hillary Clinton eiga í harðri baráttu um landsfundarfulltrúa til að tryggja sér útnefninguna, en mjótt er á munum. Að líkindum munu 795 landsfundarfulltrúar sem gegna trúnaðarstörfum fyrir flokkinn, svokallaðir ofurfulltrúar, ráða úrslitum. Þeir mega kjósa þann frambjóðanda sem þeir vilja og eru ekki bundnir af úrslitum forkosninga eins og aðrir fulltrúar.

AL GORE Varaforsetinn fyrrverandi er í miklum metum í Demókrataflokknum og vildu margir að hann byði sig fram til forseta.

Gore hefur því rætt við Nancy Pelosi, forseta fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, og þrjá forsetaframbjóðendur sem hafa dregið sig úr baráttunni, þá John Edwards, Joe Biden og Chris Dodd. Ekkert þeirra hefur lýst yfir stuðningi við frambjóðendurna og óttast þau óánægju stuðningsmanna þess frambjóðanda sem verður undir ef ofurfulltrúarnir munu ráða úrslitum, samkvæmt umfjöllun New York Times.

Obama og Clinton reyna nú sitt ýtrasta til að sannfæra sem flesta ofurfulltrúa um ágæti sitt fyrir landsfundinn. **- sgj**

Japanski tæknirisinn Toshiba:

Ætlar að gefast upp á HD DVD

TÆKNI Japanska tæknifyrirtækið Toshiba hyggst gefast upp á HD DVD háskerputækninni. Tilkynningar þess efnis er að vænta á næstu dögum, hefur fréttastofa Reuters eftir heimildarmanni innan fyrirtækisins.

Fyrirtækið hefur átt í harðri baráttu við Sony á mynddiskamarkaðnum undanfarin ár, en Sony stendur að baki Blu-Ray, helsta keppinaut HD DVD. Nú lítur út fyrir að stríðinu ljúki brátt með sigri Blu-Ray og Sony.

Stríðinu má líkja við það sem var háð milli myndbandsspólanna VHS og BetaMax á níunda áratugnum, nema að þá var Sony í tapliðinu. - sþs

Yfirvöld í Kosovo:

Lýsa yfir sjálfstæði í dag

SERBÍA, AP Kosovo-hérað í Serbíu mun formlega lýsa yfir sjálfstæði í dag, að sögn Hashim Thaci, forsætisráðherra héraðsins. Héraðið er formlega hluti af Serbíu, en hefur verið stjórnað af Sameinuðu þjóðunum frá árinu 1999.

Evrópusambandið samþykkti í gær að senda 1.800 manna lið til héraðsins til að veita yfirvöldum aðstoð við öryggis- og dómsmál. Yfirvöld í Serbíu eru andvíg sjálfstæði Kosovo. Gert er ráð fyrir því að Bandaríkin og flest Evrópusambandslöndin viðurkenni sjálfstæði héraðsins. **- þeb**

HREFNA OG KÁLFUR Þessa mynd tóku áhafnarmeðlimir ástralska skipsins af hinu meinta broti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hvalveiðar Japana:

Ástralar mynda meint reglubrot

ÁSTRALÍA, AP Ástralíustjórn sakar nú japanska hvalveiðimenn í Suður-Íshafi um gróft brot á reglum um vísindaveiðar eftir að myndir náðust úr skipi áströlsku tollgæslunnar af því þegar verið var að hífa hræ af hrefnu og dauðum kálfi hennar um borð í japanskt hvalveiðiskip.

Yfirmaður japanska flotans neitar að kálfur hafi verið drepinn og segir skipið hafa verið í rannsóknarleiðangri. Líkir hann aðgerðum Ástrala við Greenpeace og Sea Shepherd. Ástralíustjórn íhugar málsókn. - kka

KARPAÐ Í KARPHÚSINU Aðilar vinnumarkaðarins búast við að samningar verði tilbúnir til undirritunar seinni partinn í dag, en áfram þurfi að bíða eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Óttast að ráðamenn mæti ekki kröfum

Kjarasamningar verða í uppnámi ef aðkoma ríkisstjórnarinnar stendur ekki undir væntingum. Samtöl við ráðuneytisstarfsmenn vekja ekki bjartsýni verkalýðshreyfinganna. Samningar verða að öðru leyti tilbúnir til undirritunar í dag.

KJARAMÁL Samtöl aðila vinnumarkaðarins við starfsmenn ráðuneyta í gær voru ekki til þess fallin að auka bjartsýni þeirra um myndarlega aðkomu ríkisstjórnarinnar að kjarasamningum. Ljóst er að vegna eðlis samninganna verða þeir í uppnámi ef aðkoma ríkisstjórnarinnar stendur ekki undir væntingum.

Samningaviðræður stóðu fram eftir kvöldi í gær og verður haldið áfram í dag. Aðilar vinnumarkaðarins hafa lýst því yfir að ekki verði skrifað undir fyrr en útspil ríkisstjórnarinnar liggur fyrir. Margir bjuggust við að ríkisstjórnin myndi klára þetta hraðar.

„Það sem hefur sést er svo fjarri öllu lagi að undirskrift samninga mun dragast nokkuð," segir Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands. „Það eru engar líkur á því eins og staðan er nú að það verði skrifað undir næstu dagana nema ríkisstjórnin kúvendi sinni stefnu."

Guðmundur segir ríkisstjórnina hafa haft nægan tíma til að undirbúa sýnar tillögur. „Við lögðum kröfurnar fram 12. desember með ítarlegum útskýringum og það er bara þeim að kenna ef þeir hafa ekki unnið heimavinnuna sína."

Viðræðurnar eru að öðru leyti á lokastigi. „Ágreiningsefnunum fækkar stöðugt," segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ. „Ég vona að seinni partinn á morgun verði samningarnir tilbúnir til undirritunar eftir allan frágang og yfirlestur."

Starfsgreinasambandið hætti viðræðum snemma í gær en heldur þeim áfram í dag. Að sögn Kristjáns Gunnarssonar formanns á nær eingöngu eftir að prófarkalesa og ganga frá skjölum. Enn er beðið eftir svörum ríkisstjórnarinnar. Kristján vill ekki ræða innihald þeirra viðræðna sem verkalýðsfélögin hafa átt við starfsmenn ráðuneytanna. „Ef allir væru sáttir væri búið að kynna svör ríkisstjórnarinnar," segir Kristján.

Ekki náðist í Árna Mathiesen fjármálaráðherra í gær.

steindor@frettabladid.is

SIGURVEGARARNIR Hauge og Helness sigruðu í tvímenningi. MYND/JÓN BJARNI JÓNSSON

Bridgehátíð 2008:

Norskir heimsmeistarar unnu

FÓLK Norsku heimsmeistararnir Rune Hauge og Tor Helness sigruðu í tvímenningi á Bridgehátíð 2008, Icelandair Open, sem fram fór á Hótel Loftleiðum í fyrradag. Í verðlaun hljóta þeir 200 þúsund krónur.

Helness tók þátt í mótinu þegar það var fyrst haldið árið 1982 og lenti þá í öðru sæti, bæði í tvímenningi og liðakeppni. Hauge er hins vegar frægari fyrir annað en að spila bridds, en hann átti stóran þátt í umdeildum félagaskiptum knattspyrnumannsins John Obi Mikel frá Lyn til Manchester United og síðar Chelsea árið 2006.

Sveitakeppni hófst í gær og mun ljúka síðdegis í dag, en um sjötíu lið etja kappi. Verðlaunaafhending fer svo fram í kvöld. **- sgj**

LÖGREGLUFRÉTTIR

Rændu Pizza Pronto

Rán var framið á veitingastaðnum Pizza Pronto við Ingólfstorg um klukkan sex í gær. Tveir menn á tvítugsaldri hrifsuðu skiptimynt úr peningakassa, slógust við afgreiðslumann og hlupu síðan á brott. Afgreiðslumanninn sakaði ekki. Lögregla leitaði ræningjanna þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Karlmanni sem handtekinn var með Annþóri Karlssyni í Mosfellsbæ sleppt:

Flóttinn skaðaði ekki rannsóknina

LÖGREGLUMÁL Mjög ólíklegt er að flótti Annþórs Kristjáns Karlssonar hafi skaðað rannsókn á fíkniefnainnflutningi sem hann er grunaður um að tengjast. Þetta segir Eyjólfur Kristjánsson, fulltrúi lögreglunnar á Suðurnesjum.

„Áhrifin á rannsóknina eru ekki komin í ljós en ég tel mjög ólíklegt að hann hafi getað skaðað hana eitthvað," segir hann. „Og ef hann hefur skaðað hana eitthvað þá er það mjög lítið."

Annþór sat í gæsluvarðhaldi á lögreglustöðinni við Hverfisgötu þegar hann flúði í fyrradag. Hann fannst í skáp í heimahúsi í Mosfellsbæ um kvöldið. Gæsluvarðhaldið yfir honum var þá framlengt um þrjár vikur, en það rann út fyrr um daginn.

Karlmanni sem handtekinn var með Annþóri í Mosfellsbænum var sleppt eftir yfirheyrslur í gær. Hinum tveimur mönnunum sem hjálpuðu Annþóri að flýja var sleppt í fyrradag.

Eyjólfur segir flóttatilraun sem þessa kunna að leiða til refsiþyngingar ef Annþór verður fundinn sekur fyrir glæpinn sem hann er grunaður um að hafa framið.

Rannsókn á því hvað fór úrskeiðis hjá lögreglunni þegar Annþóri tókst að flýja úr fangaklefa í Lögreglustöðinni við Hverfisgötu hefst eftir helgi. **- sþs**

Í LÖGREGLUFYLGD Annþór var hulinn ljósbláu teppi þegar hann var færður fyrir dómara í Héraðsdómi Reykjaness í fyrrakvöld. Þar var gæsluvarðhald hans framlengt um þrjár vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is

GENGIÐ 15.02.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	66,58	66,90
Sterlingspund	130,61	131,25
Evra	97,71	98,25
Dönsk króna	13,107	13,183
Norsk króna	12,330	12,402
Sænsk króna	10,479	10,541
Japanskt jen	0,6164	0,6200
SDR	105,24	105,86

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
128,9687
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samorka segir of mikla áherslu á eignarhald í orku- og veitufyrirtækjum á Íslandi:

Of mikið rætt um eignarhald

ORKUMÁL „Umræða um málefni orku- og veitufyrirtækja snúast oft óþarflega mikið um eignarhald á auðlindum og veitukerfum," segir í ályktun aðalfundar Samorku sem haldinn var í gær.

Segir þar að hægt sé að stýra starfsemi allra orku- og veitufyrirtækja í krafti laga og reglna án tillits til eignarhaldsins. Telur fundurinn líklega að ekkert fyrirtæki sé að hagnast á dreifingu raforku hvort sem fyrirtækið er í opinberri eða einkaeign. „Ætla verður að ríki og sveitarfélög geri af sjálfsdáðum nauðsynlegar ráðstafanir í orku- og veitumálum án þess að sett séu lög sem beinlínis

AF AÐALFUNDI SAMORKU Ályktaði að hægt sé að stýra starfseminni í krafti laga án tillits til eignarhalds. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

banna einkaaðilum að starfa á þessum sviðum."

„Við teljum að enginn þurfi að óttast þó að eignarhaldið taki einhverjum breytingum," segir Gústaf Adolf Skúlason, aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku. „Í dag er mikið af þessum auðlindum, jarðhita og vatnsafli í einkaeign," segir hann en tekur fram að þeir séu ekki að biðja um að auðlindir verði færðar í einkaeign.

Gústaf Adolf segir fjögurra prósenta hámarksarðsemi lögbundna sem geri ekki mikið meira en að dekka fjárfestingarkostnað. „Þó svo að einkaaðilar myndu kaupa öll dreifikerfi raforku á Íslandi í dag þá myndi það ekki hafa nokkur áhrif á verðlag eða rekstur. Líkurnar á því að einkaaðilar munu falast eftir því að kaupa þessi fyrirtæki eru afar litlar enda hagnaðarvonin engin." - ovd

Framtíð Orkuveitunnar:

Ráðgjöf um stefnu að utan

ORKA Utanaðkomandi ráðgjafar verða fengnir til að koma að framtíðarstefnumótun Orkuveitunnar, eftir að tillaga þess efnis, borin upp af minnihlutaeigendum í fyrirtækinu, var samþykkt á eigendafundi fyrirtækisins á föstudaginn.

„Þetta er sameignarfyrirtæki og eðlilegt að óháður aðili komi að mótun stefnunnar frekar en að innra eftirlit Reykjavíkurborgar standi eitt að þessu. Þetta var ákveðið hér í sveitarstjórn og á Akranesi voru sömu áherslur," segir Björn Bjarki Þorsteinsson, forseti sveitarstjórnar Borgarbyggðar. - kóþ

Elsti innflytjandinn:

102 ára flytur til Nýja-Sjálands

NÝJA SJÁLAND **„Ég er himinlifandi að vera hér," segir hinn 102 ára Breti Eric King-Turner, sem fluttist búferlum til Nýja-Sjálands. Ástæða flutninganna er sú að kona Erics, sem er aðeins 89 ára, er frá Nýja-Sjálandi og höfðu þau búið í þrettán ár í Bretlandi.**

King-Turner ákvað að taka af skarið því hann vildi ekki hugsa til baka þegar hann væri orðinn 105 ára og sjá eftir því að hafa ekki flutt. Hann hlakkar til að veiða á flugu og lifa rólegu lífi á Nýja-Sjálandi. - áf

Tillögur um aðstoðarmenn:

Geta sameinast um hjálparkokk

ALÞINGI Aðstoðarmenn landsbyggðarþingmanna verða í hlutastarfi og hafa aðstöðu í kjördæmunum. Þingmenn geta því ákveðið að deila aðstoðarmanni, segir í tillögum forsætisnefndar Alþingis.

Allir 29 þingmenn úr Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæmum fá aðstoðarmann í hlutastarfi. Formenn stjórnarandstöðuflokka fá einnig hver sinn aðstoðarmann í fullu starfi.

Laun aðstoðarmannanna verða hlutfall af þingfararkaupi. Þeir verða ekki opinberir starfsmenn en farið verður eftir sömu hæfisskilyrðum. Einnig verða settar skorður við ráðningu skyldmenna. - sgj

REYKJAVÍK

Rafmagn af miðbænum

Rafmagnslaust varð í miðbæ Reykjavíkur frá rúmlega ellefu til tuttugu mínútur í eitt á föstudagskvöld. Laugavegur og Hverfisgata frá Snorrabraut að Lækjartorgi voru án rafmagns í um einn og hálfan tíma. Ástæða rafmagnsleysisins var bilun í háspennustreng á Hallveigarstíg.

Einkareknir leikskólar leggja upp laupana

Kópavogsbær ætlar að taka við rekstri tveggja einkarekinna leikskóla í bænum. Þjónustusamningi við leikskólann Hvarf hefur verið sagt upp vegna samstarfsörðugleika, og bærinn hyggst kaupa leikskólann Kjarrið að beiðni eigandans.

MENNTAMÁL Kópavogsbær hyggst taka við rekstri tveggja af fimm einkareknum leikskólum í Kópavogi. Öðrum rekstraraðilanum hefur verið sagt upp en hinn bað bæjaryfirvöld um að kaupa leikskólann af sér.

Í Kópavogi eru fimm einkareknir leikskólar: Kjarrið í Dalsmára, Undraland við Hábraut, Ylur við Suðurlandsveg, Hvarf við Álfkonuhvarf og Kór við Baugakór. Tvo þeirra, Hvarf og Kór, á Kópavogsbær en felur öðrum reksturinn með þjónustusamningi. Hinir þrír eru í einkaeigu og -rekstri.

Um áramótin var þjónustusamningi bæjarins við rekstraraðila Hvarfs, ÓB Ráðgjöf, sagt upp vegna samstarfsörðugleika. Um tíma ríkti óvissa um það hver tæki við rekstri leikskólans þegar uppsagnarfresturinn rennur út 1. maí, en á bæjarráðsfundi síðastliðinn fimmtudag var ákveðið að bærinn tæki við honum. Hvarf verður þá ekki lengur einkarekið.

Að sögn Eddu Guðrúnar Guðnadóttur, trúnaðarmanns starfsmanna á Hvarfi, er starfsfólki mikill léttir að ákvörðun bæjaryfirvalda. „Við vitum þá allavega hvert framhaldið verður. Eins og stendur er málið leyst, við erum búin að fá þau svör sem við vildum og erum nokkuð sátt."

Boðað hefur verið til fundar með foreldrum og starfsmönnum næsta miðvikudag þar sem farið verður yfir stöðu mála í leikskólanum.

Einnig lítur út fyrir að leikskólinn Kjarrið, sem er í einkaeigu, verði það ekki lengur innan

KJARRIÐ Leikskólinn Kjarrið í Kópavogi tók til starfa árið 2001, og hefur rými fyrir 56 börn. Hann er í einkaeigu, en nú lítur út fyrir að bærinn muni taka yfir reksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

skamms. Eigandi hans hefur óskað eftir því að bærinn kaupi húseignina og reksturinn. Á bæjarráðsfundinum á fimmtudag var Gunnari I. Birgissyni bæjarstjóra falið að gera kauptilboð í leikskólann.

Rekstur hinna þriggja einkareknu leikskóla bæjarins gengur vel eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. Þjónustusamningur bæjarins við Kór er í fullu gildi og verður það til 1. júní 2009. Ekkert hefur verið rætt um yfirtöku Kópavogsbæjar á rekstri Yls eða Undralands í bæjarráði.

salvar@frettabladid.is

ÓLGUÁSTAND Stjórnarandstæðingar mótmæltu komandi kosningum á götum úti í Lahore í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Kosningar í Pakistan:

37 látnir í sjálfsmorðsárás

PAKISTAN, AP **Tæplega fjörutíu manns létu lífið og yfir níutíu særðust í sjálfsmorðsárás í Pakistan í gær. Bíl var ekið inn á kosningaskrifstofu í Parachinar í norðvesturhluta landsins. Talið er að flestir hinna látnu hafi verið stuðningsmenn PPP, stjórnarandstöðuflokks Benazir Bhutto. Kosningar fara fram í landinu á morgun en með þeim lýkur átta ára herstjórn Pervez Musharraf, forseta landsins.**

Samkvæmt skoðanakönnunum í Pakistan segist 51 prósent landsmanna halda að svindlað verði í kosningunum. - þeb

STJÓRNSÝSLA

Sækir um pólitískt hæli

Paul Ramses Oduor, einn kosningastjóra stjórnarandstöðunnar í Kenía, hefur sótt um hæli sem pólitískur flóttamaður hér á landi. Vegabréfsáritun Oduor gildir fram á miðvikudag.

BANDARÍKIN

Sjálfstraustið lítið

Bandarískir neytendur óttast uppsagnir á vinnumarkaði og niðurskurð. Sjálfstraust bandarískra neytenda hefur samkvæmt nýrri rannsókn ekki mælst minna í sextán ár.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

HVENÆR KÓLNAR?

Það er svo skrítið að á meðan frost er á landinu fæ ég alltaf dágóðan skammt af spurningum um hvenær hlýni. Svo loksins þá hlýnar spyr þetta sama fólk hvenær kólni aftur. Það eru horfur á að kólni nokkuð síðla þriðjudags, einkum vestan til.



Á MORGUN 8-13 m/s vestan til, annars hægari.

ÞRIÐJUDAGUR 3-8 m/s. Ört kólnandi vestan til síðdegis.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	7°
Billund	6°
Ósló	5°
Stokkhólmur	4°
Gautaborg	8°
London	8°
París	9°
Frankfurt	6°
Friedrichshafen	8°
Berlín	4°
Alicante	16°
Mallorca	14°
Basel	8°
Eindhoven	8°
Las Palmas	21°
New York	6°
Orlando	28°
San Francisco	16°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

DYNAMO REYKJAVÍK

ENIGA MENIGA

– við erum að tala um peninga

Auktu ánægju þína með fjárhagslegri heilsu. Það er mikilvægt fyrir þig að skoða fjármálin reglulega. Sérstaklega þegar aðstæður breytast. Fjárhagslega heilsupróf Byrs gefur þér yfirsýn yfir fjármálin og hjálpar þér að taka betri ákvarðanir til að bæta fjárhagslega heilsu þína. Fjárhagslega heilsuprófið er hannað í samvinnu við viðskiptavini Byrs, viðskiptavini annarra banka og fjárhagslega einkaþjálfara Byrs. Prófið tekur á þeim þáttum sem skipta mestu máli fyrir þig. **Komdu þér í fjárhagslegt form með Byr.**

Byrjaðu á byr.is – kannaðu fjárhagslega heilsu þína núna. Komdu með í ræktina.

BYR
SPARISJÓÐUR

Sími 575 4000 • byr.is

KJÖRKASSINN

Líst þér vel á vinningstillöguna um byggð í Vatnsmýrinni?

Já	48,3%
Nei	51,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Óttastu handrukkara?

Segðu þína skoðun á visir.is

Bjarni Benediktsson, þingmaður og formaður utanríkismálanefndar:

Tiltekt fyrst, svo ESB-umræða

STJÓRNMÁL Alvarleg umræða um Evrópusambandsaðild getur ekki farið fram fyrr en búið er að ná tökum á efnahagslífinu. Þetta er mat Bjarna Benediktssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks og formaður utanríkismálanefndar.

„Verkefni dagsins í dag er að ná tökum á efnahagslífinu, lækka vexti en á sama tíma halda verðbólgunni í skefjum. Þegar við höfum náð tökum á þessu og stöndum styrkum fótum getum við velt fyrir okkur framtíðarsamskiptunum við Evrópusambandið," segir hann. „Sjálfstæðismenn hafa aldrei útilokað neitt í þeim málum, þetta er stöðugt hagsmunamat sem þarf að halda áfram."

Á ÞINGI Bjarni Benediktsson segir að nota eigi kjörtímabilið í að halda áfram vinnu við endurskoðun stjórnarskrárinnar, meðal annars með hliðsjón af umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Hann segir að í millitíðinni eigi tvímælalaust að halda áfram vinnu við að endurskoða stjórnarskrána, meðal annars með hliðsjón af umsókn um aðild í Evrópusambandið. „Það er fjölmargt sem við getum gert nú þegar til að halda þessum málum í deiglunni en það liggur fyrir að það verður ekki sett fram nein aðildarumsókn á þessu kjörtímabili."

Bjarni segist einnig telja að tími sé kominn til að menn slái hugmyndir um einhliða upptöku evrunnar út af borðinu. „Það þýðir að við ræðum ekkert um evruna án þess að henni fylgi aðild að evrópusambandinu." - sþs

Kona kom upp um sjálfa sig:

Gleymdi að fela heimabruggið

LÖGREGLUMÁL Kona í Reykjanesbæ kom upp um eigið heimabrugg í gær. Hún óskaði eftir aðstoð lögreglu þegar hún taldi einhvern hafa reynt að brjótast inn hjá sér, en gleymdi að fela bruggtæki og heimagert áfengi áður en lögregluþjónarnir komu í heimsókn.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum fundust engin ummerki um innbrot í íbúð konunnar, en bruggtækin voru gerð upptæk ásamt áfenginu. Konan á von á kæru fyrir að brugga ólöglega á heimili sínu.

- sþs

Segir bridgehátíð svipa til pókermóts

Pókermótshaldari telur það mikla mismunun að ekkert sé aðhafst í málum Bridgehátíðar sem er með sama fyrirkomulagi og pókermót sem hann hélt en það var stöðvað af lögreglu. Aðstoðarsaksóknari vill engu svara.

SPILAMÓT Sindri Lúðvíksson pókermótshaldari gerir athugasemdir við að Bridgehátíð Icelandair Open 2008 sé ekki stöðvuð. Hann staðhæfir að sama fyrirkomulag sé á hátíðinni og pókermóti sem hann hélt. Pókermótið var stöðvað af lögreglu. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er sama fyrirkomulag á vinningum á Bridgehátíð og á pókermótinu.

Keppendur á Bridgehátíðinni greiða keppnisgjald en hluti þess rennur svo í vinningssjóð fyrir vinningshafa. Að sögn Ólafar Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra Bridgesambands Íslands, er vinningsfjárins þó einnig aflað með öðrum leiðum.

„Þetta er alveg sama fyrirkomulag og við höfðum á pókermótinu," segir Sindri. „Þar greiddu menn keppnisgjald sem síðan fór allt í vinningssjóð þannig að einu fjármunirnir sem menn gátu í raun og veru tapað voru sú upphæð sem þeir greiddu fyrir mótsgjaldið. Það var ekki hægt að leggja neitt aukalega undir eins og mér heyrist sumir vera að halda fram sem hafa tjáð sig um þetta. Þetta er sama fyrirkomulag og haft er á golfmótum og bridgemótum nema hvað ég tók ekkert fyrir þetta."

SINDRI LÚÐVÍKSSON

Hann telur að hér sé um mikla mismunun að ræða sem fyrst og fremst stafi af vanþekkingu yfirvalds á eðli pókermóta. „Það er kannski ekki hægt að ætlast til þess að þeir þekki þetta vel en mér heyrist á þeim viðtölum sem ég hef heyrt af embættismönnum sem hafa tjáð sig um málið að þeir haldi að verið sé að leggja undir peninga í hverju spili en svo er alls ekki. Reyndar tel ég að við séum svolítið að gjalda fyrir nafnið á þessu, hefði ég kallað þetta mót í ólsen ólsen hefðu viðbrögðin sennilega orðið allt öðruvísi."

Karl Ingi Vilbergsson aðstoðarsaksóknari vildi ekki tjá sig um málið en taldi afar ólíklegt að einhver afskipti yrðu höfð af Bridgehátíðinni. Ekki náðist í Friðrik Smára Björgvinsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Ólöf segir að mikil hefð sé fyrir bridgehátíðinni enda hafi hún verið haldin í 28 ár. „Ég held að það sé nú hluti af málinu, það er mikil hefð á bak við bridgemót og margir þjóðþekktir menn búnir að taka þátt í þeim. Það er hugsanlegt að það haldi aftur af yfirvöldum."

Keppnisgjald á Bridgehátíðinni er frá 15 til 40 þúsund krónur á parið og vinningar eru á bilinu frá rúmum 20 þúsund til 201 þúsund króna. jse@frettabladid.is

BRIDGEHÁTÍÐ 2008 Sindri Lúðvíksson segir að sama fyrirkomulag sé á Bridgehátíðinni og pókermóti sem hann hélt í sumar. Þó hefur hátíðin farið fram án afskipta yfirvalds en pókermótið var hins vegar stöðvað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Það er mikil hefð á bak við bridgemót og margir þjóðþekktir menn búnir að taka þátt í þeim. Það er hugsanlegt að það haldi aftur af yfirvöldum.
>
> **ÓLÖF ÞORSTEINSDÓTTIR**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI
> BRIDGESAMBANDSINS

Tilnefningar til Blaðamannaverðlauna tilkynntar í gær:

Fréttablaðið með tvær tilnefningar

FJÖLMIÐLAR Fréttablaðið hlaut tvær tilnefningar til Blaðamannaverðlauna Blaðamannafélags Íslands, sem voru gerðar kunnar í gær.

Óli Kristján Ármannsson á Fréttablaðinu, Kristján Már Unnarsson á Stöð 2 og Pétur Blöndal á Morgunblaðinu eru tilnefndir til Blaðamannaverðlauna ársins 2007; Óli Kristján fyrir aðgengileg og upplýsandi skrif um efnahagsmál og viðskipti, Kristján Már fyrir upplýsandi fréttir úr hversdagslífi á landsbyggðinni og Pétur fyrir umfjöllun um REI-málið.

Fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins eru tilnefnd Svavar Hávarðsson, Fréttablaðinu, fyrir víðtæk skrif um sjóöryggi á siglingaleiðum, ritstjórn DV fyrir umfjöllun um Breiðavík og önnur vistheimili, og Þóra Tómasdóttir og Sigmar Guðmundsson, Sjónvarpinu, fyrir umfjöllun um drengi sem voru vistaðir í Breiðavík.

Í flokki bestu umfjallana ársins eru Jóhannes Kr. Kristjánsson og Kristinn Hrafnsson, Stöð 2, tilnefndir fyrir umfjöllun Kompáss um byssur á svörtum markaði á Íslandi, ástandið í Írak og heilablóðföll. Baldur Arnarson, Morgunblaðinu, er tilnefndur fyrir umfjöllun um svifryksmengun, og Kristín Sigurðardóttir, Fréttastofu Útvarps, er tilnefnd fyrir röð frétta um gjaldtöku vegna fitkostnaðar.

Verðlaunin verða veitt næsta laugardag. - þeb

VERÐLAUNAHAFARNIR Í FYRRA Auðunn Arnórsson, blaðamaður á Fréttablaðinu, Árni Torfason ljósmyndari, Lára Ómarsdóttir og Ingi R. Ingason, Kompási, og Davíð Logi Sigurðsson, Morgunblaðinu, hlutu verðlaun á síðasta ári.

skiptu núna á **sko.is**

Ódýrara GSM

Frelsið ódýrast hjá SKO

Farsímanotanda af yngri kynslóðinni er best borgið hjá SKO, samkvæmt verðkönnun Fréttablaðsins. Mest þarf hann að borga hjá Vodafone og Símanum. Fimmtíu prósenta munur er á hæsta og lægsta verði.

SKO býður upp á ódýrustu farsímaþjónustuna fyrir dæmigerðan notanda af yngri kynslóðinni. Dýrust er þjónustan hjá Vodafone og Símanum. Þetta er niðurstaðan í verðkönnun Fréttablaðsins.

Verðskrár hjá fjarskiptafyrirtækjum geta verið æði flóknar og gert neytendum erfitt um vik að bera saman verð á þjónustu milli fyrirtækja. Til að einfalda samanburðinn í verðkönnun Fréttablaðsins var búinn til ímyndaður farsímanotandi, sem notast jafnt við SMS sem símtöl til að vera í sambandi við aðra og er með fyrirframgreitt frelsiskort í stað hefðbundins símreiknings.

Notandinn hringir úr farsímanum sínum í tíu mínútur á dag, og er hvert símtal að meðaltali tvær mínútur að lengd. Það gerir samtals 150 símtöl á mánuði, þar sem hann talar í 300 mínútur. Fjöldi símtala hefur áhrif á upphafsgjald, sem er einn af kostnaðarliðunum.

DÆMIGERÐ NOTKUN

Viðskiptavinur af yngri kynslóðinni

Mínútur á mánuði	300
- Í heimasíma	150
- Í farsíma utan kerfis	75
- Í farsíma innan kerfis	75
- Þar af í farsímavin	25
SMS á mánuði	300

VERÐSAMANBURÐUR Á FARSÍMAÞJÓNUSTU

Mánaðarlegur kostnaður miðað við dæmigerða notkun

Upphafsgjald · Símtöl í farsíma innan kerfis · Símtöl í farsíma utan kerfis · Símtöl í heimasíma · SMS



Símtölin skiptast jafnt á milli farsíma og heimasíma; notandinn hringir í 150 mínútur á mánuði í farsíma og 150 mínútur í heimasíma. Símtöl í farsíma skiptast þannig að helmingurinn er í farsíma innan sama kerfis, eða 75 mínútur, og hinn helmingurinn í farsíma utan kerfisins. Af mínútunum 75 sem eru í farsíma innan kerfis eru 25 þeirra þó í skráða farsímavini.

Þess utan sendir notandinn tíu SMS á dag, eða 300 á mánuði. Í verðskrám fjarskiptafyrirtækjanna er ekki gerður greinarmunur á SMS-sendingum innan og utan kerfis.

Miðað við þessa notkun er mánaðargjaldið lægst hjá SKO, eða 6.241 króna. Næstlægst er það hjá Nova, eða 7.606 krónur. Næst á eftir kemur Síminn með 9.275 krónur, og að lokum Vodafone með 9.459 krónur sem er hæsta verðið.

Til að einfalda verðsamanburðinn var ekki tekið tillit til sértilboða sem gilda fyrir ákveðna dagsetningu. Aðeins var farið eftir verðskrá fyrirtækjanna miðað við notkun dæmigerðs notanda.

Ekki var heldur gerður greinarmunur á símtölum í Nova-farsíma og símtölum í aðra farsíma utan kerfis, en Síminn og Vodafone rukka meira fyrir símtöl í farsíma í Nova-kerfinu.

salvar@frettabladid.is

Verðkönnun Fréttablaðsins 14. febrúar 2008

Skiptu núna á **sko.is**
– það kostar ekkert að færa númerið yfir.

SKO

Tala meira. Borga minna.

FRÉTTASKÝRING – BAK VIÐ LÁS OG SLÁ 4. HLUTI

Refsing og betrun vinni saman

Í framtíðaráformum fangelsismálayfirvalda er gert ráð fyrir miklum betrumbótum á fangelsum landsins. Nýtt móttökuhúsnæði við Litla-Hraun mun gjörbreyta aðstæðum til leitar til hins betra, segir Margrét Frímannsdóttir, forstöðumaður á Litla-Hrauni. *Karen D. Kjartansdóttir* og *Magnús Halldórsson* skoðuðu hvernig refsing og betrun geta unnið saman í fyrirmyndarfangelsum.

„Fyrirmyndarfangelsi er fangelsi þar sem fyllsta öryggis er gætt bæði gagnvart þjóðfélaginu sjálfu en einnig hvað varðar starfsfólk og fanga," segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar.

Páll segir jafnframt mikilvægt að fangar hafi möguleika á að hljóta þjálfun í starfi, námi og almennri lífsleikni.

„Þeir eiga að vera færir um að elda mat sinn, þvo þvotta og þrífa. Það á að gefa þeim kost á að ná tökum á þeim vandamálum sem fyrir hendi eru, til dæmis fíkniefnavandamálum, heilbrigðisvandamálum og félagslegum örðugleikum. Það á að gefa þeim kost á að hafa samskipti við sína nánustu þannig að lok afplánunar verði auðveldari. Fyrirmyndarfangelsi er því fangelsi þar sem varnaðaráhrif refsinga ná fram að ganga og markviss betrun á sér stað," segir hann.

Ofbeldismenn á Kvíabryggju

Gagnrýnt hefur verið að fangar sem gerst hafa sekir um ofbeldisglæpi séu vistaðir á Kvíabryggju, sem hingað til hefur talist fyrirmyndarfangelsi Fangelsismálastofnunar. Páll bendir á að stór hluti íslenskra fanga hafi gerst sekur um ofbeldi. Mennirnir séu hins vegar ólíkir innbyrðis og margir þeirra því vel hæfir til að vistast í opnu fangelsi, að minnsta kosti hluta afplánunartímans eins og á Kvíabryggju.

„Við reynum eftir megni að meta aðstæður hvers og eins þegar vistunarstaður er valinn. Allir eru væntanlega sammála um það að markmiðið sé að fangar komi helst betri menn út. Til þess eru opin fangelsi og áfangaheimili mikilvæg þar sem menn aðlagast samfélaginu smám saman og hafa ákveðið frelsi en sæta jafnframt mjög ströngum skilyrðum. Mikilvægt er að mögulegt sé að umbuna föngum sem sýnt hafa mjög góða hegðan í fangelsi."

Ungir afbrotamenn og afplánun

Spurningum um hvort ekki sé þörf á að útbúa sérvistunarúrræði fyrir menn sem nýlega hafa náð sakhæfisaldri svarar Páll því til að oft gæti misskilnings þegar fullyrt sé að eldri fangar séu ávallt forhertari en þeir sem yngri eru. „Margir eldri fangar hafa lítt eða ekki afplánað dóma áður, eru að vinna vel í sínum málum og af þeirri ástæðu þarf alls ekki að vera slæmt að vista yngri og erfiðari fanga með þeim. Margir hinna eldri eiga börn sjálfir og eru að reyna hafa sem best samskipti við þau," segir Páll. Hann segir einnig stóran hluta ástæðunnar fyrir því að sérfangelsi fyrir yngri afbrotamenn séu ekki heppileg sé hve íslenskt samfélag er lítið. Það geri það að verkum að oft þekki ungir fangar hver annan til margra ára og hafi oft stundað afbrot saman. Þeir geti því myndað sterkan hóp og því sé skynsamlegra að reyna að aðskilja þá en að hafa þá í sama fangelsi eða sömu deild.

PÁLL WINKEL



„Hins vegar er í gildi samkomulag Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu um vistun fanga yngri en 18 ára," segir Páll og útskýrir að mat Fangelsismálastofnunar sé að grundvallaratriði sé að afbrotamenn á aldursbilinu 15 til 18 ára afpláni á meðferðarheimilum þar sem fram fari sérhæfð meðferð. Það sé gert nema þegar Barnaverndarstofa sjái sér ekki fært að taka viðkomandi menn í sína umsjá. Sem stendur sé þó enginn fangi yngri en 19 ára í afplánun í fangelsi.

Uppbyggingin getur skipt sköpum

„Það er mikill uppbyggingartími fram undan," segir Margrét Frímannsdóttir, forstöðumaður Litla-Hrauns og fyrrverandi þingkona, en til stendur að hefja byggingu móttökuhúsnæðis við fangelsið um leið og undirbúningsvinnu er lokið. „Þau mál eru á lokastigi. Það á eftir að klára samninga milli ríkisins og Árborgar um byggingarland. Þegar þau mál eru komin á hreint verður hafist handa við að koma húsinu upp," segir Margrét.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á föstudaginn reyndust rúmlega sjötíu prósent fanga á Litla-Hrauni hafa neytt fíkniefna þegar könnun á fíkniefnanotkun í fangelsum landsins var gerð síðastliðið haust. Margrét telur nýtt móttökuhúsnæði við fangelsið skipta sköpum hvað varðar forvarnastarf inn í fangelsinu. „Ég er ekki viss um að fólk geri sér grein fyrir því hvað aðstaða eins og sú sem byggja á upp við Litla-Hraun skiptir miklu máli fyrir starfsemina í fangelsum. Með henni verður hægt að taka á tilraunum til fíkniefnasmygls inn í fangelsið með miklu skilvirkari hætti en nú er." Sama segir Margrét að gildi um sterasmygl en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leikur grunur á að töluvert sé um það á Litla-Hrauni að sterum sé smyglað inn í fangelsið.

Mikil vinna hefur verið unnin af hálfu fangelsismálayfirvalda við að greina starfsemi fangelsa hér á landi, hvaða þætti má efla og hvernig má breyta verklagi til hins betra. Hugmyndafræðin að baki nýjum fangelsisbyggingum snýr meðal annars að því að auka sveigjanleika starfseminnar, með tilliti til þess að skipta verkefnum milli einstakra deilda. Mikilvægt þykir að eiga þess kost að skilja að deildir í fangelsum þar sem mismunandi öryggisstig gildir, að því er fram kemur í samantekt Fangelsismálastofnunar um framtíðaruppbyggingu fangelsa. Þá er gert ráð fyrir að í nýju fangelsi, sem ekki er endanlega ljóst hvar mun rísa, verði góð aðstaða til afeitrunar fyrir fíkla og fyrir meðferðir.

Margrét segir þessa stefnu geta verið leiðarljós við uppbyggingu fangelsisins á Litla-Hrauni sem þó verði áfram litið á sem öryggisfangelsi öðru fremur. „Í framtíðinni stendur til að byggja við húsnæðið og fjölga klefum. Það er í raun alltaf leitast við að gera öll fangelsi að fyrirmyndarfangelsum og það er eitthvað sem er hægt að gera á Litla-Hrauni," segir Margrét.

Fangelsismálastofnun hefur í bréfum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins bent á að nokkur fjöldi fanga eigi við „geðræn vandamál" að stríða, eða sex til átta á þeim tíma sem bréfin voru skrifuð, og þurfi á sérhæfðri hjálp að halda. Stefnt er að því að byggja upp aðstöðu í nýju fangelsi fyrir fanga með geðræn vandamál, samtals sex rými með sérútbúinni aðstöðu.

MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR Forstöðumaður Litla-Hrauns.

Margrét segir starfsfólk Litla-Hrauns og annarra fangelsa sjá fram á bjartari tíma í framtíðinni nái hugmyndir um uppbyggingu í fangelsismálum fram að ganga. „Hér eru allir fullir bjartsýni enda ekki ástæða til annars. Eins og gefur að skilja getur það verið erfitt að vinna í fangelsum. Með gagnkvæmri virðingu starfsfólks og fanga næst góður árangur og með það að leiðarljósi á okkur eftir að ganga vel," segir Margrét.

STIGAR OG HANDRIÐ ÚR GLERI OG STÁLI

ÚTI SEM INNI

ATLANTSKAUP Upplýsingar á www.atlantskaup.is
Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,112 Reykjavík S: 533 3700

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á VAKTINNI Hluti af betrumbótum fangelsisyfirvalda á fangelsum landsins felst í bættu öryggi, meðal annars því er lýtur að fíkniefnasmygli.

HONDA
The Power of Dreams

MÁTAÐU CR-V VIÐ FÆRIÐ

H:N markaðssamskipti / SÍA

www.honda.is

www.bernhard.is

Nýr glæsilegur CR-V er endurhannaður borgarjeppi með skynvætt fjórhjóladrif. Þú finnur það strax og þú mátar CR-V að þú ert færari við allar aðstæður, hvort sem þú ert í rólegum vetrarakstri í borginni eða á leið út á land með þá sem þér þykir vænst um; mýkri línur, glæsilegri ásýnd, meira innanrými, minni loftmótstaða, liprari, hljóðlátari og aflmeiri. CR-V hefur ómótstæðilega aksturseiginleika og yfirburðatækni á öllum sviðum; ABS með EBD hemlajöfnunarbúnaði, stöðugleikabúnaður með spól- og skrikvörn (VSA – ESP), stöðugleikabúnaður fyrir tengivagna (TSA), loftpúðar, loftpúðagardínur, loftpúðar í sætum, 17” álfelgur, tvískipt loftkæling og meiri búnaður en þú getur ímyndað þér. Þegar þú sérð glæsilegan CR-V í fyrsta sinn stenst þú ekki mátið. Nú er tækifærið - komdu og mátaðu stórglæsilegan CR-V við framtíð þína.

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 · Sími 520 1100

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað á að gera við Seðlabankann?

Ný markmið

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Fjármálaórói síðustu mánaða hefur vakið umræðuna um krónuna af værum blundi. Kerfisbreyting á því sviði getur þó ekki verið þáttur í skyndilausn á aðsteðjandi vanda. Hún er langtímaúrræði. Skyndiákvarðanir um grundvallarbreytingar eru ekki á dagskrá eins og sakir standa bæði af formlegum og efnislegum ástæðum.

Í fyrsta lagi er ljóst að aðild að Evrópusambandinu kallar á stjórnarskrárbreytingu. Ætla verður að engin alvöru ríkisstjórn myndi sækja um aðild meðan hún er óheimil af stjórnskipulegum ástæðum. Í öðru lagi er ljóst að Ísland uppfyllir ekki aðildarskilyrðin við svo búið. Með markvissri efnahagsstjórn má á hinn bóginn ná því marki að stórum hluta á tveimur til þremur árum.

Á þessum tímapunkti er þar af leiðandi bæði skynsamlegt og rétt að fastsetja það markmið að þjóðin geti innan þriggja ára tekið slíka ákvörðun. Um leið þarf að gera þær efnislegu og formlegu ráðstafanir sem óhjákvæmilegar eru til þess að þeirri stöðu verði náð.

Aðsteðjandi vandi í peningamálum stafar annars vegar af ytri aðstæðum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og hins vegar af því að Seðlabankinn hefur í reynd lítil sem engin áhrif á fjármálalegan stöðugleika og verðbólgu. Ákvarðanir hans hafa fyrst og fremst áhrif á gengi krónunnar.

Rangt er að saka stjórnendur Seðlabankans um þessa stöðu. Þeir fara eftir lögum og sjálfvirkum reiknilíkönum. Rétt var á sínum tíma að gera þessa tilraun. Hún er nú fullreynd. Lögin og reiknilíkönin taka einfaldlega ekki tillit til þess að á opnum alþjóðlegum fjármálamarkaði eru aðrir kraftar aflmeiri en Seðlabankinn. Fyrir þá sök ræður hann ekki við það hlutverk sem honum er ætlað. Það er sú staðreynd sem blasir við.

Verðbólgumarkmiðið sem lögum samkvæmt er sett sameiginlega af ríkisstjórn og Seðlabanka hefur verið marklaus bókstafur of lengi. Nú er brýnast að horfast í augu við þann raunveruleika og setja bankanum ný markmið sem einhverjar líkur eru á að haldi.

Þetta á ekki að gera til þess að gefa eftir í baráttunni við að tryggja stöðugleika í þjóðarbúskapnum. Þvert á móti. En það gerir illt verra að láta Seðlabankann halda áfram þeirri einu meðalagjöf sem hann ræður yfir og virkar ekki lengur á þá bólgu sem hún á að vinna á.

Vaxtaákvörðunardagar Seðlabankans eiga með réttu að vera einhvers konar þyngdarpunktur í heilbrigðisdagatali fjármálamarkaðarins. Í staðinn eru þeir að verða eins og síendurtekinn sirkussýning án viðhlæjenda.

Viðskiptabankarnir hafa verið upptekni við það undanfarin ár að fjármagna hlutabréfakaup, fyrirtækjasamruna og yfirtökur. Þeir hafa lagt minni áherslu á að sinna venjulegum rekstri og innri verðmætasköpun í fyrirtækjunum. Þegar upp er staðið er það þó hún sem skapar þau verðmæti sem að baki hlutabréfunum standa. Nú verða viðskiptabankarnir því að beina kröftum sínum á ný að þessum grundvallarþáttum.

Ríkisstjórnin sem í raun ræður för varðandi fjárfestingar sem byggja á orkunýtingu verður að horfast í augu við þá staðreynd að á næstu árum verður þörf fyrir nýja verðmætasköpun á því sviði ef hér á að halda uppi velferðarsamfélagi af sama myndarskap og verið hefur. Það dugar ekki að hlaupa í kringum þann heita graut eins og kötturinn.

Allt eru þetta ný efnahagsleg- og fjármálaleg markmið sem þurfa að liggja skýr fyrir ef vel á að vera.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

IÐAN fræðslusetur

Bílasalar

Undirbúningsnámskeið vegna prófs
til leyfis sölu notaðra bifreiða
verður haldið á Akureyri 6.-11. mars og 7.–22. apríl í Reykjavík
ef næg þátttakanda næst.
Umsóknarfrestur er til 1. mars fyrir Akureyri og 1. apríl fyrir Reykjavík.
Nánari upplýsingar og skráning í síma 590 6400
eða ragnar@idan.is og www.bilgrein.is

IÐAN fræðslusetur
Hallveigarstíg 1 - 101 Reykjavík
www.idan.is - s. 590-6400

Prófnefnd bifreiðasala

FRÁ DEGI TIL DAGS

Af sem áður var

Lundarfarið í íslenskri þjóðarsál virðist hafa tekið nokkrum breytingum á síðustu mánuðum. Áður heyrðum við af konunglegum fjárútlátum viðskiptajöfra sem nokkur stíll var á þótt fjölmargir vitnuðu í speki forfeðranna sem kvað á um að menn ættu að kunna sér hóf. En nú ramba margir viðskiptajöfrar, sem fyrir hálfu ári vissu varla aura sinna tal, á barmi gjaldþrots.

Eru klósettseturnar úr gulli?

FL Group kynnti nýlega rekstrarafkomu sína og í stað þess að taka siðferðislega afstöðu til þess hvort menn eigi að kunna sér hóf eða ekki þá er nú spurt „þessir tveir milljarðar sem flokkast undir annan kostnað, í hvað fóru þeir?“ Sennilega verður fátt um svör nema klósettseturnar séu úr gulli í Síðumúlanum.

Ekkert raskar ró Sigga Easy

Síðan þrengir að annars staðar líka því loðnan hefur ekki fundist nema að litlu leyti. Forráðamenn sjávarútvegsfyrirtækja, sem nýlega hafa þurft að ganga í gegnum skerðingu veiðiheimilda á þorski, sjá nú fram á eitt áfallið enn. Það var þungt hljóðið í Eyjamönnum þegar blaðamaður ræddi við útvegsmenn þar. Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, sagðist þó vita um einn Eyjapeyja sem ekki léti þessar þrengingar raska ró sinni; hann stendur greinilega undir nafni gamli verbúðarjaxlinn Siggi Easy.

Kannski er hann hetja dagsins nú þegar fjármálafylleríið er búið og gömlu gildin verða guðspjall dagsins?

jse@frettabladid.is

BITBEIN Árni Páll Árnason spyr:

Hvernig er hægt að lækka stýrivexti?

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Ríkisstjórnin þarf að taka sér tak

Talsvert hefur gengið á í íslensku hagkerfi á umliðnum árum. Fjármálakerfi þjóðarinnar hefur verið endurskapað með sjálfsábyrgum viðskiptabönkum, umsvifamikil útrás á sér stað, stærstu stórframkvæmdir Íslandssögunnar hafa gengið yfir og húsnæðislán og veðlánamarkaður hafa gengið í gegnum byltingu. Á sama tíma náðist töluverð kaupmáttaraukning m.a. vegna ábyrgrar efnahagsstefnu þáverandi ríkisstjórnar. Sveiflur í gengi íslensku krónunnar verða að teljast skiljanlegar við þessar aðstæður. Raunar er það svo að sveiflur gjaldmiðla almennt eru staðreynd.

Boðaðar eru skattalækkanir sem ekki er útlit fyrir að geti orðið að veruleika á næstu árum og ekki eru teknar óþægilegar ákvarðanir um stór mál. Fjármálalífið, atvinnulífið og fólkið í landinu hanga í lausu lofti.

Umræðan þroskist

Umræða um aðild að Evrópusambandinu eða upptöku annars gjaldmiðils þarf þó að halda áfram og þroskast. Á hinn bóginn er ljóst að við þessar aðstæður þarf að halda fast um stjórnartaumana. Seðlabankinn hefur til þess eitt stjórntæki, stýrivexti. Til þess að það tæki láti fyllilega að stjórn þarf umhverfið að spila með og vegur þar einna þyngst efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar. Því miður virðist núverandi ríkisstjórn ekki taka hlutverk sitt á þessu sviði mjög alvarlega. Verulega bólgin fjárlög og innspýtingar á sviði ríkisútgjalda verða grátbroslegur einleikur á sviði efnahagsmálanna sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir heimilin í landinu.

Úthald og þrek á þrotum

Það er veruleg einföldun að líta á stýrivexti eina og sér í þessu samhengi því fleiri strengir eru á hljóðfærinu. Mikilvægast er að ná stöðugleika. Hann næst með jafnvægi á milli efnahags-, atvinnu- og fjármála. Til þess þarf bæði úthald og þrek sem ekki verður séð að núverandi ríkisstjórn hafi. Hún hefur eingöngu áhuga á að kaupa sér vinsældir með auknum útgjöldum sem aftur hafa neikvæð áhrif á stjórntækið stýrivexti. Boðaðar eru skattalækkanir sem ekki er útlit fyrir að geti orðið að veruleika á næstu árum og ekki eru teknar óþægilegar ákvarðanir um stór mál. Fjármálalífið, atvinnulífið og fólkið í landinu hanga í lausu lofti.

Bremsuklossar búnir

Niðurstaða mín er sú að til þess að hægt verði að lækka stýrivexti, verði ríkisstjórnin að snúa sér að því að taka ákvarðanir um fyrirhugaðar stórframkvæmdir og tímasetningar þeirra, að draga verulega úr útgjöldum þó henni finnist gaman að eyða peningum hins vel stæða ríkissjóðs og koma í veg fyrir að þensla með tilheyrandi verðbólgu nái ennþá frekari útbreiðslu en þegar er orðið. Verkefnið er erfitt og það reynir á vinsældir. Í mínum huga er þó ljóst að ef menn taka sér ekki tak, og það strax, bretta upp ermar og vinna vinnuna sem enginn vill vinna, þá væri farsælla fyrir íslenska þjóð að ríkisstjórnin pakkaði saman og fengi aðra í verkið. Bremsuklossar Seðlabankans eru búnir.

ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Stöðugleikinn er fyrir öllu

Ákvörðun Seðlabankans um óbreytta stýrivexti þurfti engum að koma á óvart. Lengi hefur legið fyrir sú spá bankans að ekki kæmi til lækkunar stýrivaxta fyrr en á síðari hluta þessa árs. Þótt markaðsaðstæður hafi síðan versnað er verðbólga síðustu 12 mánaða samt tæp 6% og útlit er fyrir að hún hækki í næsta mánuði. Þá er ekki farið að gæta lækkana á húsnæðismarkaðnum og ekkert lát virðist á eftirspurn eftir innfluttri neysluvöru. Það mátti því vera ljóst að ólíklegt væri að bankinn breytti um stefnu og hæfi nú vaxtalækkunarferlið. Bankinn skýrði hins vegar að vænta má fyrstu lækkana í síðasta lagi á fyrir fram ákveðnum vaxtalækkunardegi í apríl.

Erfið staða Seðlabankans

Eftir stendur hins vegar að hlutverk Seðlabankans er ekki auðvelt nú. Margt bendir til að stýrivaxtastefnan sé í sjálfheldu og að lækkunarferlið geti verið erfitt í framkvæmd, sérstaklega þar sem bankinn virðist einnig horfa til gengismarkmiðs, a.m.k. að hluta. Við höfum búið við hækkandi stýrivexti frá árinu 2004, á sama tíma og verðbólga hefur alltaf verið yfir verðbólgumarkmiði bankans. Vegna þessara háu vaxta nota heimili og fyrirtæki í auknum mæli aðra gjaldmiðla með lægri vöxtum. Þetta langvarandi hávaxtatímabil hefur þannig frekar orðið til að verðleggja krónuna út af innlendum peningamarkaði, en til að draga úr innlendri eftirspurn. Það er þess vegna ekkert gefið að stýrivaxtastefnan dugi til að endurheimta stöðugleikann.

Sumir kalla nú eftir flatri skattalækkun til að hressa upp á efnahagslífið. Ekkert er jafn vitlaust við núverandi aðstæður.

Allir þurfa að leggjast á eitt

Við þessar aðstæður skiptir höfuðmáli að hið opinbera styðji við stýrivaxtastefnu Seðlabankans. Gæta þarf aðhalds í fjármálastjórn hins opinbera og styðja þannig við þau markmið stýrivaxtastefnunnar að draga hratt úr eftirspurn.

Nú eru allar horfur á að kjarasamningar á almennum vinnumarkaði séu á lokastigi. Verkalýðshreyfingin hefur við samningsgerðina sýnt í verki samfélagslega ábyrgð sína og lagt höfuðáherslu á að bæta kjör þeirra sem minnst hafa milli handanna. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög styðji við þessa stefnumörkun. Það verður best gert með skattabreytingum sem nýtast fyrst og fremst þeim sem lægstar hafa tekjurnar. Þar má meðal annars horfa til aukningar framlaga til barnabóta, vaxtabóta, húsaleigubóta eða til nýs lægra skattþreps á lágar tekjur.

Sumir kalla nú eftir flatri skattalækkun til að hressa upp á efnahagslífið. Ekkert er jafn vitlaust við núverandi aðstæður. Slík skattalækkun nýtist best þeim sem mestar hafa tekjurnar. Hún myndi líka ýta undir verðbólguþrýsting og draga þannig úr líkum á að Seðlabankinn telji sér fært að lækka stýrivexti fljótlega. Við höfum bitra reynslu af illa tímasettum skattalækkunum á liðnum árum og eigum ekki að feta þá braut á ný.

Eiga neytendur ekki skilið samkeppni í bókaútgáfu?

UMRÆÐAN
Bókaforlög

PÁLL GUNNAR PÁLSSON

Nýleg ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um samruna JPV og Vegamóta (Eddu útgáfu) í útgáfufyrirtækið Forlagið hefur vakið nokkra og verðskuldaða athygli og sýnist sitt hverjum um gagnsemi ákvörðunarinnar.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var tekin að undangenginni ítarlegri gagna- og upplýsingaöflun sem leiddi í ljós að samruninn kynni að verða skaðlegur samkeppni ef ekki yrði gripið til íhlutunar vegna hans. Samkeppniseftirlitið reisti þetta mat á því að hið sameinaða forlag myndi að óbreyttu verða markaðsráðandi á almennum bókamarkaði, með 55-60% markaðshlutdeild. Til yrði markaðsráðandi fyrirtæki með verðmæt útgáfuréttindi og birgðir af bókum í eigu sinni, styrkari stöðu en keppinautar í samskiptum við bóksala, einkum smærri bóksala, og sterka stöðu gagnvart rithöfundum og öðru fagfólki sem vinnur við bókaútgáfu. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins sýndi að önnur bókaforlög en Forlagið voru með mun minni hlutdeild á markaðnum en hið sameinaða forlag og yrði ekkert þeirra með meiri markaðshlutdeild en 0-5% eftir samrunann.

Í stað þess að láta reyna á það fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála og eftir atvikum dómstólum hvort þetta mat Samkeppniseftirlitsins á markaðsráðandi stöðu Forlagsins væri rétt, ákváðu forsvarsmenn þess að leggja fyrir Samkeppniseftirlitið tillögur að skilyrðum sem Forlagið myndi hlíta og væru til þess fallin að ryðja samkeppnishindrunum úr vegi. Leiddu viðræður til þess að Forlagið gekkst undir sátt um tiltekin skilyrði sem miða að þessu. Með því sýndu forsvarsmenn Forlagsins ábyrga afstöðu.

Annars vegar er um að ræða skilyrði sem fela í sér að Forlagið selji frá sér tiltekin útgáfuréttindi ásamt bókabirgðum. Tilgangurinn með því er að draga úr markaðsstyrk Forlagsins gagnvart keppinautunum. Um leið er nýjum og smærri keppinautum í bókaútgáfu gefið betra tækifæri en ella til þess að gera sig gildandi á þessum mikilvæga markaði. Þannig fá þeir nú tækifæri til þess að eignast mikilvæg útgáfuréttindi sem geta styrkt stöðu þeirra og eflt samkeppni, ef vel er á málum haldið. Tíminn leiðir í ljós hvort og þá hvernig þeir nýta það tækifæri.

Hins vegar eru sett ýmis önnur skilyrði með ákvörðuninni sem tryggja eiga að Forlagið geti ekki neytt aflsmunar í samskiptum við rithöfunda, smásala og aðra sem starfa að bókaútgáfu, í því skyni að hindra samkeppni. Þannig er svigrúm rithöfunda til samninga við önnur bókaforlög tryggt, einnig er tryggt að Forlagið mismuni ekki endurseljendum með ýmsum hætti og loks mun Forlagið ekki lengur að miklu leyti ákveða smásöluverð bóka sinna, með svonefndu leiðbeinandi smásöluverði, eins og hingað til, heldur munu bóksalar ákveða smásöluverð bóka sem þeir selja neytendum líkt og almennt tíðkast í samkeppnisumhverfi.

Í umræðu um þessa ákvörðun hefur því m.a. verið haldið fram að allt önnur sjónarmið gildi um bókaútgáfu en aðra markaði. Lífsnauðsyn sé fyrir bókaútgáfuna í landinu að forlögin séu stór, ella fái þau ekki þrifist. Þrátt fyrir augljósa þversögn halda sömu aðilar því oft fram að smærri aðilum sé í lófa lagið að hefja bókaútgáfu og gera sig gildandi á þessum markaði.

Ekki er hægt að fallast á að almenn markaðslögmál eigi ekki við á bókamarkaði. Markaðsráðandi staða eða einokun leiðir almennt til hærra vöruverðs og minna úrvals. Virk samkeppni stuðlar að lægra verði og aukinni fjölbreytni og gæðum. Samkeppniseftirlitið hefur gert sitt til þess að nýir og smærri keppinautar fái þrifist á bókamarkaði, samkeppninni og neytendum til heilla. Neytendur eiga það skilið.

Höfundur er forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Heilbrigði búfjár

Sigurður Sigurðsson skrifar:

I. Kopareitrun
Ástæða er til að vara bændur við því að nota viðbótarfóður og efni fyrir aðrar dýrategundir en þau eru framleidd fyrir. Það getur haft óheppilegar afleiðingar. Vitað er um sauðfjárbændur, sem ekki hafa gáð nógu vel að sér í þessum efnum, ekki lesið leiðbeiningar á pakkningunum.

Sérstök hætta er á kopareitrun fyrir sauðfé af steinefnablöndum, steinum og stömpum sem ætlaðir eru öðru búfé, t.d. nautgripum og svínum. Kindur þola miklu minna af kopar en fyrrnefndar dýrategundir. Koparinn safnast fyrir í líkama þeirra og bráður bani er þeim vís, þegar magnið er komið yfir þolmörk.

Fóðurfræðingar, ráðunautar, dýralæknar, afgreiðslumenn á slíkum vörum, eftirlitsaðilar og ekki síst framleiðendur og seljendur slíkra vara: Hugið að því, hvort ástæða er til að grípa til frekari viðvarana.

II. Heyflutningar og smithætta
Nýlega hefur orðið vart við heyflutninga til Rangárvallasýslu austur yfir Þjórsá. Sumt hefur verið unnt að upplýsa, annað er óupplýst eða ekki unnt að sanna.

Þetta er að sjálfsögðu brot á reglum og glæfralegt vegna þess að riðuveiki er talin geta borist með heyi og riðuveiki hefur verið að finnast í Árnessýslu um árabil, bæði í uppsveitum og Flóa og einnig í Ölfusi fyrir fáum árum. Mest er þó hættan af flutningi á lifandi fé í óleyfi, en það hefur verið gert og flutt þessa sömu leið. Vonandi tókst að afstýra því þá að riða bærist austur yfir Þjórsá.

Rangæingar verða að standa saman og verja sitt svæði, aðrir geta það ekki betur, en þeir geta leitað aðstoðar og upplýsinga hjá héraðsdýralækni, ef óvissa er. Sama gildir um menn annars staðar á landinu. Verjið ykkar svæði og leitið aðstoðar, ef á þarf að halda. Þetta á ekki bara við hey frá sýktum svæðum til ósýktra, ósótthreinsuð landbúnaðartæki og reyndar allt, sem óhreinkast hefur af sauðfé á sýktum svæðum getur borið með sér smitefni.



Kinesis
- nýtt æfingakerfi sem eykur styrk, jafnvægi og liðleika.

Skráðu þig strax í síma **578 8200**

Goran superform á 4 vikum

GORAN SUPERFORM er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

VILT ÞÚ:

Efla orku þína og komast í form?
Léttast og bæta meltinguna?
Styrkja óncæmiskerfi og heilbrigði?
Koma jafnvægi á hormónana?
Auka andlega vellíðan?
Bæta minni og einbeitingu?

Þú getur æft hvar sem er.
Það eina sem þú þarfnast eru fáeinir fermetrar.
Það er ástæðulaust að slá slöku við.
Líkami þinn er á sama máli.
Þú þarft ekki á neinum tækjum að halda.
Aðeins eigin líkamsþyngd.

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.
Persónuleg næringarráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.
Frábær spennandi lífrænn matur.
Næringardrykkur í lok hvers tíma.
Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni,
kl. 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30.

Námskeiðin byrja 18. febrúar!

Grand Spa | Grand hótel | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is

GrandSpa

JANICE DICKINSON FYRIRSÆTA ER 55 ÁRA Í DAG

„Ég flýg til Dallas í botox á hálfs árs fresti. Ég ætla mér að verða fallegasta lík í heimi.“

Janice Dickinsson var einn af aðaldómurunum í þættinum America´s Next Top Model.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 17. FEBRÚAR 1969

Golda Meir forsætisráðherra Ísraels

Golda Meir varð fjórði forsætisráðherra Ísraels og fyrst kvenna. Hún fæddist í Rússlandi 1898 og flutti ung með foreldrum sínum til Bandaríkjanna. Þar lauk hún skólagöngu gegn vilja foreldra sinna sem vildu að hún hætti námi og giftist. Golda giftist Morris Meyerson nítján ára gömul og saman fluttu þau til Palestínu þar sem hún vann á samyrkjubúi. Þau settust svo að í Jerúsalem með tveimur börnum sínum og Golda varð ritari ráðs verkakvenna. Hún tók virkan þátt í stjórnmálum og 1946 var hún foringi Gyðingaráðsins og var ein af þeim tuttugu og fjórum sem skrifuðu undir sjálfstæðis yfirlýsingu Ísraels. Hún starfaði sem utanríkisráðherra uns hún varð forsætisráðherra árið 1969. Golda þótti hörð í horn að taka og fékk viðurnefnið Járnfrúin. Eftir morðin á liði Ísraela á Ólypíuleikunum í München 1972 leyfði Golda Meir aðgerðir til að elta uppi og drepa meðlimi „Svarta september“ sem stóðu fyrir morðunum á íþróttaliðinu. Kvikmyndin Münich eftir Steven Spielberg er byggð á þessum aðgerðum. Golda biðlaði til Bandaríkjana um hernaðarlega aðstoð árið 1973 þegar nokkur arabaríki réðust inn í Ísrael en ríkisstjórn hennar var gagnrýnd fyrir lélegan undirbúning fyrir stríðið. Golda lét af störfum sem forsætisráðherra árið 1974 og lést úr krabbameini fjórum árum síðar, áttræð að aldri.

MERKISATBURÐIR

1737 Tólf manns látast í stormviðri og fjúkhríð sem gerði fyrir norðan land.

1866 Kristján Jónsson fjallaskáld yrkir kvæðið Þorraþræl.

1933 Fyrsta tölublað fréttatímaritsins Newsweek kemur út.

1943 31 maður lætur lífið þegar vélskipið Þormóður frá Bíldudal ferst á leið frá Vestfjörðum til Reykjavíkur.

1962 265 manns farast í stormi í Hamborg.

1968 Kolakraninn við Reykjavíkurhöfn rifinn. Hann var um 25 m hár.

1982 Vatnsmagn í Elliðaánum tvöhundruðfaldast í miklum vatnavöxtum.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Snorri Þór Rögnvaldsson

húsgagnasmíðameistari,
Goðabyggð 12, Akureyri,

andaðist á FSA miðvikudaginn 13. febrúar.

Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 21. febrúar kl. 13.30.

Margrét Hrefna Ögmundsdóttir

Ögmundur Snorrason	**Deslijati Zjarif**
Oddný Stella Snorradóttir	**Níels Einarsson**
Rögnvaldur Örn Snorrason	**Kristjana Jóhannsdóttir**
Ingibjörg Halla Snorradóttir	**Hreinn F. Arndal**
Kolfinna Hrönn Snorradóttir	**Raymond Sweeney**
Hanna Margrét Snorradóttir	**Thomas Tue Jensen**

og barnabörn.

†

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Richard Svendsen (Rikki)

Suðurhólum 24, Reykjavík.

Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir

Ingvar Hinrik Svendsen	**Iðunn Vaka Reynisdóttir**
Hermann Markús Svendsen	
Elísabet Alma Svendsen	

og barnabörn.

†

Hjartans þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Svövu Sigurrósar Hannesdóttur

frá Hannesarbæ, Keflavík,
síðar til heimilis að Hrafnistu, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hrafnistu Hafnarfirði fyrir sérlega góða umönnun og óeigingjarnt starf.

Guð blessi ykkur öll.

Gestur Guðjónsson

Guðný Svava Gestsdóttir	***Ægir Jónsson***
Guðjón Gestsson	**Marta Kristjánsdóttir**
Sonja Gestsdóttir	**Haraldur Björgvinsson**
Arnar H. Gestsson	**Anna Ólafsdóttir**
Gestur Kr. Gestsson	**Berglind F. Steingrímsd.**

ömmu- og langömmubörn.

FEBRÚARTILBOÐ

á legsteinum og fylgihlutum

10-50% afsláttur

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is

FÉLAGIÐ ÍSLENSK ÆTTLEIÐING: FAGNAR ÞRJÁTÍU ÁRA STARFSEMI

300 fjölskyldur alls staðar að

Íslensk ættleiðing hefur verið starfandi frá byrjun árs 1978. Það byrjaði sem foreldrafélag nokkurra fjölskyldna sem ættleitt höfðu börn frá Kóreu með aðstoð norskrar ættleiðingarskrifstofu.

Tilgangurinn var að fá meira form á samskipti við stjórnvöld og árið 1987 fékk félagið meðmælabréf frá íslenskum stjórnvöldum til að leita eftir samstarfi erlendis og var skrifstofan opnuð ári síðar. Í dag telur félagið um 300 fjölskyldur og börn þeirra frá um 20 löndum.

Ingibjörg Jónsdóttir, formaður Íslenskrar ættleiðingar, og Guðrún Sveinsdóttir framkvæmdastjóri segja hópinn fara stækkandi.

„Fjölskyldurnar koma alls staðar að af landinu,“ segir Ingibjörg. „Stærstu löndin sem við ættleiðum börn frá eru Indland og Kína. Svo erum við einnig með sambönd við Kólumbíu og Tékkland og mörg fleiri þannig að hópurinn er stór og fer stækkandi.“

Ingibjörg segir ýmislegt á döfinni á árinu til að halda upp á tímamótin og nefnir málþing í maí þar sem erlendir fyrirlesarar koma fram og veglegan aðalfund félagsins 13. mars þar sem sálfræðingur mun fjalla um ættleiðingu frá sjónarhóli barnsins en Ingibjörg segir félagið leggja áherslu á að vinna með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi.

Margir áfangar hafa náðst á þessum þrjátíu árum og nefnir Guðrún atriði eins og jafnan rétt kjörfjölskyldna til fæðingarorlofs og einnig að fá ættleiðingu á erlendu barni inn í íslensk lög. „Lengi var hvergi minnst á ættleiðingar að utan í íslenskum lögum,“ segir Guðrún. „Þau tóku ekki gildi fyrr en árið 2000 og þurfti að berjast dálítið fyrir því. Í framhaldi af því fékk Íslensk ættleiðing löggildingu frá dómsmálaráðuneyti til starfa sem skipti töluverðu máli.“

Með löggildingunni varð Ísland aðili að alþjóðlegum hagsamningi um ættleiðingarmál. „Þessi samningur tryggir það í rauninni að ættleiðingin sé á forsendum barnsins en ekki á forsendum foreldranna og að það sé í öllu ferlinu verið að fjalla um ákveðið barn til ættleiðingar en ekki bara ættleiðingu á óskilgreindu barni,“ útskýrir Ingibjörg. Þær nefna fleiri mikilvæg atriði sem félagið hefur áorkað en árið 2007 fékkst það í gegn að fjölskyldur fá styrk til ættleiðingar.

INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR FORMAÐUR ÍSLENSKRAR ÆTTLEIÐINGAR Segir starfið erfitt en mjög gefandi.

„Það skiptir miklu máli og jafnar fjárhagsstöðu fólks því þegar þarf að borga svona mikla peninga þá segir það sig sjálft að fólk er fljótt að detta út,“ segir Ingibjörg og Guðrún bætir við að það setji líka strik í reikninginn að fólk þurfi sjálft að borga hluta af tæknifrjóvgunum hér á landi. „Víða á Norðurlöndunum borgar ríkið allt að þrjár meðferðir að fullu en hér borgar fólk hluta sjálft og hefur ekki tækifæri til að safna fyrir ættleiðingu á meðan.“

Þær eru sammála um að starfið sé mjög gefandi en það geti tekið á fólk að bíða eftir barninu sínu og biðtíminn getur dregist á langinn.

„Biðtíminn er að lengjast og er stressandi og erfiður fyrir marga, við finnum það og erum í því með fólkinu,“ segir Guðrún. „Bæði er verið að herða reglur úti og umsóknum hefur fjölgað. Börn sem eru laus til ættleiðingar eru færri núna en oft áður. En svo er alveg yndislegt að sjá barn koma heim og vaxa og dafna hjá fjölskyldu sinni.“

Ferlið sem þarf að ganga í gegnum þegar ættleiða á barn er flókið. Fyrst þarf að sækja um og standast þær kröfur sem íslensk stjórnvöld gera til kjörforeldra áður en umsóknin er send út og svo hefst biðtími sem er oft 2-3 ár meðan málið er í vinnslu í því landi sem ættleiða á frá.

„Allt ferlið þarf að vera hundrað prósent því þetta er mjög viðkvæmt og vandmeðfarið,“ segir Ingibjörg. „Börnin geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér og eru algjörlega varnarlaus. Ég segi að hver ættleiðing sé algjört kraftaverk. Í ljósi allra þeirra hluta sem þarf að hafa í huga þá er það að koma einu barni hingað heim kraftaverk og þannig held ég að við eigum að horfa á það.“

Félagið býður til hefðbundinnar afmælisveislu í dag í tilefni tímamótanna, með kökum og blöðrum og skemmtiatriðum fyrir börnin og svo verður endað á diskóteki fyrir unglingana.

heida@frettabladid.is

†

Systir okkar,

Elín Eiríksdóttir (Stella)

Vitastíg 5, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 31. janúar.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Guðbjartur Eiríksson
Guðbjörg Eiríksdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Margrétar G. Albertsdóttur

Krosshömrum 1a, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Landspítala við Hringbraut, deild 11E, fyrir frábæra umönnun og hlýhug.

Birgir Þór Ólafsson

Helga Sólveig Jóhannesdóttir	**Guðmundur P. Jónsson**
Þuríður Guðjónsdóttir	**Þórhallur Vigfússon**

og barnabörn.

1.499 kr/kg. áður 2.527 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur án skinns

855 kr/kg. áður 1.425 kr/kg.
Goða gourmet ungnautahakk

1.270 kr/kg. áður 2.116 kr/kg.
Goða gourmet nautastrimlar

1.481 kr/kg. áður 2.116 kr/kg.
Goða gourmet ungnautagúllas

2.589 kr/kg. áður 3.698 kr/kg.
Goða gourmet lambafille kryddað

1.571 kr/kg. áður 2.244 kr/kg.
Goða gourmet ungnautasnitsel

149 kr/pk. áður 199 kr/pk.
Ávöxtur drykkur 3 tegundir

149 kr/pk.
Doritos nacho cheese

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Vikurfréttir

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 14. febrúar. til 17.febrúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



Hvar var Kjartan

Egil Helgason langar svolítið til að vera gerður að heiðursborgara Reykjavíkur og telur að **Oddný Sturludóttir** sé lélegur kokkur. Oddný heldur að Egill sé ekki gefinn fyrir útilegur og myndi gefa honum hitapoka í Valentínusargjöf. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* fór yfir Valhallarflótta og kreppumáltíðir með rökstólapari vikunnar.

Egill: Ég gef ekkert á Valentínusardaginn. Ég veit ekki einu sinni hvenær hann er! Verð ég? Ég myndi þá bara kannski gefa Valdísi Gunnarsdóttur eitthvað. Hún er svona Valentínusarkona.

Oddný: Já, hún eiginlega skóp Valentínusardaginn í íslensku samfélagi.

Á RÖKSTÓLUM

Hver er fyrsta minning ykkar um hvort annað?
Lokið augunum og nefnið fjóra hluti sem einkenna hvort annað.

Egill: Ég man fyrst eftir henni á Kaffibarnum. Í grænni kápu fyrir um tíu árum. Áttirðu ekki græna kápu?

Oddný: Jú, ég átti sko lengi vel græna kápu. Ég á svolítið erfitt með þetta. Hvenær byrjaðirðu með þáttinn? Eru tíu ár síðan?

Egill: Já.

Oddný: Þá man ég náttúrlega fyrst eftir honum úr sjónvarpinu. En það var eitthvert sumarið, líklega árið 2000, þar sem við vorum í sama „vinagengi“. Þá hittumst við reglulega og drukkum saman kaffi.

Egill: Já, það voru mjög ánægjuleg kynni. Þetta var sumarið sem Oddný og vinkonur hennar voru að skrifa bókina Dís. En fjögur atriði sem einkenna Oddnýju segirðu. Það er þá fyrir það fyrsta að Oddný kann að tala aftur á bak.

Oddný: Já, ég er slyng í því.

Egill: Svo segi ég bara fjölhæf, greind og dugleg kona.

Oddný: Ég myndi segja að Egill væri fyndinn, hlýr og skapandi karl. Krullur koma líka mjög sterkt upp í hugann. Hann hefur alltaf verið eins og gróinn við Laugaveginn.

Egill: Ég er einmitt svo hégómlegur að ég hef velt því fyrir mér hvort ég gæti kannski endað á því að verða gerður að heiðursborgara fyrir að vera nógu mikið í bænum. Það var í það minnsta karl sem bjó fyrir ofan Prikið hér í gamla daga sem var svo gerður að heiðursborgara Reykjavíkur af þeirri sök einni.

Oddný: Þú gætir allavega prófað að gefa kost á þér.

Sigur Rós mætti segja veðurfréttirnar

Nefnið einnig þrjá hluti um hvort annað sem þið vitið ekki hvort eru sannir eður ei, en gætuð engu að síður trúað að væru það?

Oddný: Mig grunar að Egill sé frábær pabbi. Og ég held hann sé ekki alveg búinn að bræða með sér hvað hann ætli að verða þegar hann er orðinn stór. Hann á eftir að vinna sína stærstu sigra og það verður eitthvað tengt bókmenntum og hans eigin sköpun. Svo held ég að hann sé týpa sem hefur ekki sofið mikið í tjaldi.

Egill: Það er auðvitað erfitt fyrir mig að leggja dóm á þetta en ég held ég sé ágætur pabbi. Ég var að kveðja son minn, sem ég keyrði á leikskólann, rétt áðan, og við kvöddumst af mikilli ástúð. Og það er satt – ég er ekki mikið gefinn fyrir hrakninga. Þótt ég hafi reyndar teoríska áhuga á til dæmis heimskautaferðum og lesi mikið um þær.

Oddný: En uppi í sófa og undir teppi.

Egill: Ég held að Oddný sé ekkert rosalega góður kokkur.

Oddný: Haaa… uu… ég… hvað…!

Egill: En það er ekkert neikvætt. Ég geri enga kröfu til kvenna um að þær séu góðir kokkar. Ég hugsa að Oddný geti líka verið ströng við börnin sín því hún er skynsöm en jafnframt réttsýn. Ég er ekki alveg viss um að pólitíkin sé hennar endanlegi áfangastaður en ef hún er það getur hún farið alla leið.

Veðurfréttamenn eru nýju hasarhetjurnar okkar enda veturinn einn sá versti – í það minnsta í sögu Icelandair. Ef þið fengjuð það verkefni að ráða þrjár þjóðþekktar manneskjur til að segja okkur veðurfréttirnar, hverja mynduð þið ráða?

Egill: Ég myndi ráða Vinstrigræna. Ég myndi láta Steingrím, Jón Bjarnason og einhvern einn enn vera í þessu. Mér dettur það allavega fyrst í hug, veðrið er búið að vera svo vont og þetta er allt eitthvað frekar neikvætt.

Oddný: Ég myndi ráða meðlimi Sigur Rósar. Þar fara menn með notalega nærveru í sjónvarpi. Náttúrubörn og svona.

Egill: Já, þeir eru svolítið mosalegir.

Oddný: Svo dettur mér í hug Vala Matt. Mjög jákvæð kona og það er kannski akkúrat það sem við þurfum í þessari veðráttu.

Egill: Svo væri hægt að hafa Jón Bjarnason í myndrænum veðurfréttum. Ég er svo hrifinn af svona einföldum veðurfréttum þar sem veðurfréttamaðurinn kemur fram í baðfötum eða snjógalla eftir því hvernig viðrar.

Hefðum gott af kreppu

Úr veðrinu í þjóðfélagsástandið sem að minnsta kosti erlendir lánardrottnar og fjölmiðlar eru farnir að kalla kreppu. Er þetta kreppa eða hystería?
Hvaða þrjú sparnaðarráð mynduð þið gefa vísitölufjölskyldunni sem ætlar að komast í gegnum hann krappan?
Og hver er eftirlætis kreppumáltíðin ykkar?

Oddný: „Kreppan“ er nauðsynleg niðursveifla, til að ná jafnvægi. Allir sem þekkja inn á bílvélar vita að það er ekki gott að keyra bílinn áfram í fimmta gír mjög lengi. Og ég hef alltaf átt dálítið erfitt með að dásama góðæri þegar við getum ekki einu sinni mannað stöður og störf sem okkur þykja þau mikilvægustu.

Egill: Ég er reyndar alveg sammála þér í því að ég held að Íslendingum verði ekkert meint af smá kreppu. Ég er alinn upp á þeim tíma þegar það var alltaf meira og minna einhver kreppa og það var bara alveg ágætt. Manni leið bara alveg ljómandi vel. Fólk er auðvitað búið að spenna bogann hátt og þótt það kubbist eitthvað af hlutabréfamarkaðnum er það kannski bara allt í lagi. En svo mættu menn líka þá fara að taka til núna – losa okkur við krónuna og taka upp skynsamari efnahagsstjórnun – það er hætta á því að menn stökkvi út í það að byggja nýtt álver í staðinn.

Oddný: Já, það þarf að styrkja innviðina. Hina íslensku innrás. En ég hlakka til að heyra sparnaðarráðin þín Egill …

Egill: Já, ég er nefnilega hryllileg eyðslukló þannig að ég get ekki gefið nein ráð með góðri samvisku. Jú, ég gæti kannski sparað með því að borða aðeins minna en ég kann eiginlega bara að eyða peningum. Eða jú ókei – hér er eitt ráð – ekki taka bílalán.

Oddný: Hvað eigið þið marga bíla?

Egill: Við eigum bara einn gamlan Benz.

Oddný: Já, það er nú sparnaðarráð – að eiga einn bíl. Það eru margir sem gætu misst annan bílinn og þar er til mikils að vinna. Versla ódýrt og eitt ágætis ráð líka er að segja upp Mogganum. Á mínu heimili sparaði það bæði pening og stórbætti andrúmsloftið. Og það er ómetanlegt! Eins og segir í auglýsingunni.

Egill: Heyriði, jú, ég sparaði! Ég sleppti því að vera með enska boltann. Og það kostar alveg hryllilega mikið. Þetta er lúmskt hvað maður sparar. En ég eyði allt of miklum peningi í að sofa á 5 stjörnu hótelum á ferðalögum. Það er hreinlega veikleiki hjá mér.

Oddný: Þetta er heldur ekki svo einfalt því þú sparar alveg örugglega annars staðar ómeðvitað til að geta leyft þér 5 stjörnu hótelin. Allt spurning um forgangsröðun.

Egill: Já, þú segir nokkuð. Ég er hreinlega að öðlast nýja innsýn í sjálfan mig. Ég kaupi mér til dæmis ekki dýr laxveiðileyfi.

Oddný: Þarna sérðu – það er nokkurs konar sparnaður.

Egill: Rétt er það. En eftirlætiskreppumáltíðin. Þegar maður fer að hugsa um kreppumat kemur eitthvað þjóðlegt upp í hugann en slíkur matur er orðinn svo dýr í dag. Það sem var kreppumatur hér áður dugir ekki sem kreppumatur lengur. Ætli ég segi því ekki linsubaunir og naglasúpa.

Oddný: Og ég kýs grjónagraut. Ég

➜ VISSIR ÞÚ AÐ…

Oddný og Egill eiga bæði syni sem heita Kári. Á milli drengjanna er eitt ár.
Egill og Hallgrímur Helgason, unnusti Oddnýjar, eru gamlir vinir enda fæddir sama ár.
Egill heldur að hann hefði gott af því að prófa að vera stjórnmálamaður í einn dag.
Oddný væri einnig til í að prófa að stjórna Silfri Egils í einn dag og helga þá þáttinn menntamálum.
Oddný og Egill eiga bæði foreldra sem starfað hafa sem kennarar.

Gunnarsson?

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

LÚMSKUR SPARNAÐUR Oddný Sturludóttir veitti Agli Helgasyni nýja innsýn í sjálfan sig þegar hún leiddi hann í allan sannleik um það að hann kynni í raun að spara. Egill myndi hins vegar splæsa í sinfóníuhljómsveit næst þegar einhver þyrfti að bíða lengi eftir blaðamannafundi en Oddný myndi láta góða kammersveit nægja.

metta auðveldlega fjögurra manna fjölskyldu með grjónum og mjólk.

Börn elska sushi

Umræðan undanfarna viku hefur snúist að nokkru leyti um andúð Íslendinga á útlendingum. Teljið þið að rasismi sé meira áberandi nú eða er þetta bara að koma upp á yfirborðið? Og hver er eftirlætis „útlenski" veitingastaðurinn ykkar á landinu?

Egill: Útlendingum hefur auðvitað fjölgað og rasisminn eykst yfirleitt í samræmi við það. Ég tek því fagnandi að hér séu fleiri útlendingar. Við erum fremur einsleit og dauf þjóð. Engu að síður er samt barnalegt að halda að einhverjum mislíki þetta ekki.

Oddný: Ég held að í grunninn séum við mjög umburðarlynd þjóð. Við sjáum að Gay Pride er stærri hátíð en þjóðhátíðardagurinn okkar.

Egill: Jú, það er alveg rétt.

Oddný: Og forsetafrúin okkar er gyðingur af erlendum uppruna. Við kusum einstæða móður forseta árið 1980. Svona gæti ég haldið endalaust áfram. Straumar að utan er það allra jákvæðasta sem komið hefur fyrir íslenskt samfélag.

Egill: En eftirlætis útlenski veitingastaður – allir veitingastaðir á Íslandi eru útlenskir! Við yrðum mun fljótari að telja upp þá íslensku.

Oddný: Já – þá Ask og Blástein í Árbæ.

Egill: Og Múlakaffi.

Oddný: Þessi spurning segir allt sem segja þarf um þau jákvæðu áhrif sem hér er að finna erlendis frá.

Egill: En mér finnst sushi ógeðslega gott.

Oddný: Þar eru við sko sammála. Sushibarinn er æði.

Egill: Já, mjög. Svo förum við strákurinn minn í Iðuhúsið og borðum sushi af færibandinu þegar mamma hans er í burtu.

Oddný: Krakkar elska sushi.

Egill: Já, sérstaklega laxabitana.

Oddný: Ég er líka mjög hrifin af taílensku stöðunum – Krua Thai og Ban Thai fyrir fínni tilefni.

Fátt slær út Ingva Hrafn á húninum

Nokkur skref inn í borgarmálin. Atvik vikunnar er að margra mati þegar Vilhjálmur lét fjölmiðla bíða í tæpa tvo klukkutíma eftir sér, dreifði svo blaðamannamúgnum og tæklaði þá einn í einu. Hver er eftirminnilegasta bið Íslandssögunnar? Ef þið væruð að stjórna sjónvarpsútsendingu þar sem biðin yrði löng eftir aðalatriðinu – hvað mynduð þið gera til að stytta sjónvarpsáhorfendum stundir?

Og hvert er eftirlætisatvikið ykkar úr farsa síðustu vikna og mánaða?

Oddný: Það er náttúrlega þegar við biðum eftir Þorgeiri ljósvetningagoða. En ólíkt biðinni í Valhöll hafði Þorgeir eitthvað að segja okkur þegar hann kom loks undan feldinum.

Egill: Ég held það jafnist náttúrlega ekkert á við Ingva Hrafn á hurðinni í Höfða hér um árið. Þegar hann lýsti hurðarhúninum í smáatriðum meðan beðið var eftir Reagan og Gorbatsjov. Það var alveg hilaríus. Gísli Marteinn og Hanna Birna í kjallaranum slá það ekki út. En til að stytta sjónvarpsgestum stundir í langri bið – ég myndi fá Sinfóníuhljómsveitina. Klassíska tónlist í sjónvarpið – alvöru hámenningu – það mætti alveg sjást meira af slíku í sjónvarpinu. Við þurfum ekki að snobba svona mikið niður á við.

Oddný: Já, þú segir nokkuð. Ég sá einhvern veginn fyrir mér að ég þyrfti að fylla upp í þennan tíma sjálf.

Egill: Þú hefðir þá getað talað aftur á bak.

Oddný: Það er satt.

Egill: Vissirðu að maður þarf að vera mjög gáfaður til að geta talað aftur á bak?

Oddný: Já, takk. Ég er hjartanlega sammála þér um það. En ég held ég taki undir með Agli – rigga upp góðri músík. En kannski samt bara litlum kammerhópi. Bæði til að spara... Sinfó og kammerhópur er munurinn á Agli og mér! Og kannski aðeins minna tilstand fyrir sjónvarpsfólkið. Eftirlætisatvikið mitt undanfarinna vikna er heimspekilegar vangaveltur Kjartans Magnússonar í Silfri Egils um skilgreiningu þess hvenær samtal verður að þreifingum. Er þetta til dæmis samtal, viðtal eða kaffihúsaspjall?

Egill: Af því að ég er í fjölmiðlum eru það tveir blaðamannafundir sem sitja í mér. Annars vegar þegar nýjasti meirihlutinn tók við og Ólafur F. móðgaðist strax á þriðju spurningu. Og svo er það náttúrlega þessi dæmalausi blaðamannafundur í Valhöll þar sem menn ímynduðu sér að hægt væri að hleypa mönnum inn í goggunarröð fram eftir degi. Ég spyr bara eins og margir aðrir: Hvar var Kjartan Gunnarsson?

Oddný: Hefði hann afstýrt þessu?

Egill: Já.

Að lokum. Valentínusardagurinn var fjórtánda þessa mánaðar. Ef þið væruð par – hvað mynduð þið gefa hvort öðru í Valentínusargjöf.

Egill: Ég gef ekkert á Valentínusardaginn. Ég veit ekki einu sinni hvenær hann er! Verð ég? Ég myndi þá bara kannski gefa Valdísi Gunnarsdóttur eitthvað. Hún er svona Valentínusarkona.

Oddný: Já, hún skóp eiginlega Valentínusardaginn í íslensku samfélagi.

Egill: Ég á konu sem er alveg sjúk í demanta.

Oddný: Heldurðu að ég sé týpa til að vilja helst demanta?

Egill: Nei ... ég held nú ekki. Ljóðabók er full væmið en gjöfin yrði held ég að vera einhvers staðar á milli demanta og ljóðabókar. Kannski stór vöndur af liljum?

Oddný: Í þessari kuldatíð myndi ég gefa Agli hitapoka með heitu vatni frá Orkuveitu Reykjavíkur. Það er rómantísk íslensk gjöf. En hana gæti ég gefið alla daga ársins. Valentínus kemur því máli ekkert við.

Að kaupa sér nafn

Ríflega hundrað manns láta breyta eiginnafni sínu ár hvert og algengast er að nýju nafni sé bætt við annað sem fyrir er. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* komst að því að langi hana til að breyta nafni sínu og heita Rakel Sif eins og hana dreymdi um í nokkur ár, kostar það hana 4.400 krónur og eins gott að vera alveg viss því ekki er í boði að breyta aftur.

Að minnsta kosti eru lögin þannig í dag að ekki er hægt að kaupa sér nafn nema einu sinni á ævinni. Þjóðskrá segir þó að sjái fólk mikið eftir mannanafnabreytingunni og vilji breyta aftur í gamla nafnið síðar meir megi prófa að sækja um með góðum rökstuðningi og er þá hvert tilvik metið fyrir sig.

Samkvæmt Þjóðskrá er heimilt að breyta eiginnafni, annað hvort að taka sér nafn eða nöfn til viðbótar því nafni sem einstaklingur ber fyrir, eða fella niður nafn eða nöfn sem hann ber. Að fella niður nafn án þess að nýtt sé tekið upp kostar ekki en kostnaðurinn við að bæta inn nýju nafni er sem fyrr segir 4.400 krónur og Þjóðskrá skráir og fylgist með öllum breytingum sem gerðar eru á nöfnum fólks.

Vilji fólk breyta kenninafni sínu, kenna sig til móður eða bæta við ættarnafni sem verið hefur í fjölskyldunni, kostar slíkt ekkert og fólk af erlendum uppruna, sem varð að taka sér íslenskt nafn á sínum tíma til að fá ríkisfang hér, getur í dag fellt niður þau íslensku nöfn sem því var gert að taka sér, sér að kostnaðarlausu.

Árið 2005 skilaði eftirlitsnefnd með mannanafnalögum skýrslu til dómsmálaráðherra þar sem meðal annars má sjá að síðustu rúm 10 árin hafa um 100 manns látið breyta eiginnafni sínu ár hvert. Að meðaltali eru það um 57 manns sem hafa tekið upp nýtt eiginnafn til viðbótar öðru sem fyrir er ár hvert frá árinu 1997 og 35 til viðbótar hafa svo tekið upp nýtt eiginnafn og látið fella annað niður. Mun færri hafa hins vegar bara látið fella niður nafn án þess að bæta nýju við, eða um 5 á ári.

HVER VEIT HVAÐ VERÐUR Þótt foreldrarnir ráði nafngift barna sinna oftast og flest þeirra sitji sá sem síðar meir ákveða að hafa áhrif á nafngift sína sjálfir og breyta nafni sínu.

EINI GNEISTINN Á LANDINU

„Ég hét áður Haraldur Óli Haraldsson en árið 2002 lét ég breyta nafninu í Óli Gneisti Sóleyjarson. Ástæða nafnbreytingarinnar er af tvennum toga – annars vegar dó mamma mín þegar ég var ungur og hefur mig alltaf langað til að kenna mig við hana. Svo hef ég aldrei verið kallaður annað en Óli og mér hafði alltaf þótt það óþægilegt, í skóla til dæmis þegar lesið var upp og slíkt, að ansa í raun aldrei því nafni sem ég taldi mig fyrst og fremst bera. Til að losna við þann rugling endanlega lét ég taka Haralds-nafnið út. Mér fannst ég hins vegar þurfa að aðgreina mig aðeins frá öllum þeim Ólum sem til eru og þar kemur nafnið Gneisti inn. Ég hafði rekist á það nafn í Gísla sögu Súrssonar, en þar er einn sem heitir Þorvaldur Gneisti og svo í Njálu er að finna mann sem er Gneistason. Nafnið vakti aðdáun mína og ákvað ég að bæta því við. Ég er mjög sáttur við breytinguna og enn sem komið er er enginn annar sem heitir Gneisti á landinu, sem veldur því að maður týnist ekki svo auðveldlega í fjöldanum.“

AMMA RAK MIG Í ÞETTA

„Ég var skírður Ágúst Þórgnýr Thoroddsen þannig að sú breyting sem átti sér stað var sú að ég lét fella niður nafnið Ágúst. Ég var alltaf kallaður Gústi og er reyndar enn kallaður Gústi af fjölskyldu og nánustu vinum þótt ég kynni mig sjálfur sem Þórgný, en það hef ég gert frá því að ég var tíu ára gamall. Þegar ég var fjórtán ára hvæsti hún amma mín einhvern tímann á mig af hverju ég færi ekki bara og skipti um nafn, orðin langþreytt á að heyra mig kynna sjálfan mig sem Þórgný, þannig að ég tók hana á orðinu og hljóp niður á Hagstofu og lét breyta þessu. Ég man nú ekki alveg af hverju ég tók upp á því að vilja láta kalla mig Þórgný fremur en Ágúst en ætli það hafi ekki verið að mér hafi fundist nafnið meira spes og fólk dáðist jafnan að því. Ég var hins vegar nefndur Ágúst í höfuðið á góðum vini hans pabba og þegar ég var sextán ára

sagði ég honum að ég hefði breytt um nafn og skiljanlega var hann sár yfir því, því hann kom suður og bað eiginlega um nafnið.“

BÆTTI VIÐ NAFNI SEM ER EKKI Í NOTKUN Í DAG

„Ég er skírð Björk Bjarkadóttir en þegar ég var tvítug lét ég bæta nafninu Nína framan við Björk og er því í dag skráð sem Nína Björk Bjarkadóttir í þjóðskrá. Þegar ég var unglingur bjó ég lengi í Svíþjóð og þar kviknaði hugmyndin fyrst, og seinna, þegar ég flutti til Frakklands eftir stúdentspróf, var ég farin að finna fyrir því að það var erfitt að heita Björk á franskri grundu. Vinkonur mínar byrjuðu því að kalla mig Nínu í gamni og svo festist það bara við mig. Á sínum tíma fannst mér því mjög mikilvægt að láta breyta þessu í þjóðskrá en í dag er ég bara kölluð Nína af frönskum vinum mínum og þar sem ég bý nú í Noregi kalla ég mig Björk. Þannig hefur Nínu-nafnið dottið upp fyrir en ég hef ekkert farið út í að láta breyta því aftur.“

NÝTT NAFN TIL HEIÐURS TEIKI

„Ég var skírður Halldór Vésteinn Sveinsson og breytti nafninu í Halldór Tinni Sveinsson fyrir þremur árum. Ástæðan er sú að þegar ég var lítill byrjaði bróðir minn að kalla mig eftir eftirlætis teiknimyndapersónunni sinni – Tinna sjálfum. Nafnið festist við mig og varð ég vitaskuld sjálfur mikill aðdáandi Tinna og á í dag mikið og flott safn af Tinnadóti. Ég starfa sem blaðamaður og það að ég kallaði sjálfan mig Tinna en var í þjóðskrá skráður sem Halldór Vésteinn var farið að valda miklum misskilningi. Ég sá mér því leik á borði og ákvað einn daginn að láta fella niður Vésteinn og skrá Tinna inn í staðinn. Ég vildi ekki gefa Halldórs-nafnið upp á bátinn þar sem börnin mín eru

ALGENGAST AÐ NÝJU EIGINNAFNI SÉ BÆTT VIÐ

Eiginnafnsbreytingar eftir aldri á árunum 1997 til 2005

Breyting gerð	Á 1. ári	Eins árs	2-4 ára	5-14 ára	15-24 ára	25-44 ára	45-64 ára	65 ára og eldri	Alls
Nafnbreyting við ættleiðingu	52	89	22	7	3	1	0	0	174
Eiginnafn tekið upp til viðbótar öðru eiginnafni	24	25	38	115	98	98	51	7	456
Eiginnafn fellt niður	4	2	4	8	6	13	6	1	44
Eiginnafn tekið upp og annað fellt niður	12	14	15	36	36	77	32	5	227
Alls	**92**	**130**	**79**	**166**	**143**	**189**	**89**	**13**	**901**

HEIMILD: ÞJÓÐSKRÁ

febrúar 2008
menning
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

VATNSMÝRIN
102 Reykjavík

Áfangi 1 **Verðlaunatillagan gerir ráð fyrir að nyrsta svæðið merkt gulu umhverfis Háskóla Íslands verði fyrst byggt upp, bæði umhverfis Aðalbygginguna og vestan og sunnan við Norræna húsið og hús Íslenskrar erfðagreiningar sem hér eru merkt svörtu.**

Áfangi 2 **Í þessum áfanga hefst jarðvegsundirbúningur og hér má sjá stöðu flugvallarins og bygginga umhverfis hann merkt með gulu.**

Áfangi 3 **Helstu landslagshlutum komið fyrir: ný tjörn grafin upp og á svæðinu milli litla og stóra Skerjafjarðar þar sem lendingabrautin er nú rís hverfi lágvaxinna einbýlishúsa. Háskólinn í Reykjavík er risinn og nýja sjúkrahúsið efst á myndinni og þar fyrir neðan viðskiptahverfi og samgöngumiðstöð, allt merkt gulu.**

Áfangi 4 **Byggð rís á vesturbakka nýju tjarnarinnar og stórt hverfi blandaðrar byggðar þar sem nú er miðja flugvallarins. Ferhyrndir byggingarreitir með súlugöngum og bílastæðum undir miðjugörðum sem minna á grunnhugmynd skipulagsins frá 1927. Nýbyggingar merktar gulu.**

Áfangi 5 **Raðhúsabyggð rís í hlið Öskjuhlíðar mót vestri og lagar sig að hæðarlínum í landinu. Frá byggingu Háskólans í Reykjavík rís strimill húsnæðis á línu norðaustur-suðvestur. Nýbyggingar merktar gulu.**

Áfangi 6 **Síðasti áfangi tillögunnar á hinu gamla hafnarstæði sem Einar Benediktsson sá við Skerjafjörð. Þar rís þétt íbúðabyggð tengd útilífsaðstöðu á ströndinni vestan Nauthólsvíkur með smábátahöfn og mögulegri tengingu á stórgötu sem nær frá Tónlistarhúsinu um Lækjargötu, Fríkirkjuveg og áfram að brú yfir í Kársnes og suður eftir. Nýbyggingar merktar gulu.**

ALLAR MYNDIR BIRTAR MEÐ LEYFI SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐS REYKJAVÍKUR

NÝTT LJÓÐ EFTIR VILBORGU DAGBJARTSDÓTTUR ■ ÍSLENSK MYNDLIST Á UPPBOÐI Í KAUPMANNAHÖFN ■ ÍSLAND Í HEIÐURSSESSI Á FRANKFURTARMESSUNNI 2011 ■ ER HÆGT AÐ BÚA TIL SAGNASKÁLD? ■ TVÆR NÝJAR SINFÓNÍUR ■ RITDÓMAR ■ FRÁ HEIMSSTYRJÖLD TIL HERVERNDAR ■ VOFUR HVERSDAGSINS OG DALUR DRAUGANNA

SAMKEPPNISSTOFNUN HAMLAR STÓRVIRKJUM

Páll Baldvin Baldvinsson skrifar

Skilyrði sem Samkeppniseftirlitið hefur sett fyrir sameiningu JPV og Máls og menningar munu ef gengur eftir hamla dýrum og fjárfrekum verkefnum í íslenskri bókaútgáfu. Stofnunin telur nauðsynlegt að skorið sé af verkum sem hið sameinaða fyrirtæki ætti rétt á til endurútgáfu: Íslenskri orðabók, Ensk-íslenskri orðabók og áframhaldandi útgáfu á verkum Halldórs Laxness.

Þegar eru til þúsundir eintaka af verkum Halldórs í hillum landsmanna. Raunar vann Ólafur Ragnarsson þrekvirki með endurútgáfu á öllum tiltækum verkum Halldórs sem voru uppurin á sínum tíma hjá Helgafelli þá hún rann saman við Vöku. Ekki er því eftir miklu að slægjast í þeim rétti en vissulega er það stöðutákn hjá þeim sem býður í réttinn og lagerinn. Í hlut þeirrar útgáfu kemur að berjast áfram á erlendum vettvangi fyrir útgáfu á verkum Halldórs, sem verður bæði tímafrekt og fjárfrekt verkefni.

Verra er með orðabækurnar: slík útgáfa heimtir sterka stofna, fyrirtæki sem eru með margþætta útgáfu á mörgum sviðum og eru því þess megn að geta tekið stórvirki á borð við þessar orðabækur reglulega til endurskoðunar. Á sínum tíma var ráðist í útgáfu á vegum ríkisins meðal annars til að standa fyrir útgáfu að þessu tagi. Vel má vera að Hið íslenzka bókmenntafélag treysti sér til að taka þann bagga af eigendum hins nýstofnað Forlags, en það verður aðeins til þess að harðar verður af þeim sótt í sameiginlega sjóði landsmanna eftir útgáfustyrkjum. Byrðinni og ábyrgðinni er þannig velt yfir á skattborgara.

Víst er Samkeppniseftirlitinu skylt lögum samkvæmt að huga að stærð fyrirtækja á markaði. Margt í dómi þeirra er í raun viðurkenning á gildandi reglum í samskiptum höfunda og forlaga, til dæmis tímalengd útgáfusamninga. Annað lýtur að afsláttarpólitík gagnvart stórum söluaðilum. Þeir hjá Samkeppniseftirlitinu segjast hafa leitað víða eftir athugasemdum hjá aðilum í íslenskum bókaiðnaði. Gaman væri að vita hverjir hafa verið ráðgjafar þeirra í smíði skilyrða sem vega svo alvarlega að útgáfu stærri verka. Ekki hafa þeir eða starfsmenn Samkeppniseftirlitsins litið til sögunnar og reynslunnar og áttað sig á hinu sögulega samhengi í íslenskri bókaútgáfu: Almenna bókafélagið, Mál og menning fyrr á tíð, Fróði, Örn og Örlygur, Iðunn, Svart á hvítu, Vaka-Helgafell – frá stríðslokum hafa öll þessi fyrirtæki risið og hnigið, oft sökum þess að forráðamenn þeirra réðust í stórvirki í útgáfu sem var ekki studd dreifðari tekjupóstum og naut ekki styrkja á því litla málsvæði sem við erum á. Saga íslenskrar bókaútgáfu á tuttugustu öld er vörðuð horfnum fyrirtækjum sem færðust of mikið í fang og lutu í gras fyrir bragðið. Og nú eru samkeppnisaðgerðir orðnar Þrándur í götu íslenskum bókaútgefendum.

LJÓÐIÐ

Vilborg Dagbjartsdóttir

FURÐA

Sumir karlar eru svo frábitnir öllu kvenlegu
að þeir sjá ekki einu sinni móður sína
fyrir fjallskugga föðurins.

Þeir ráða ráðum sínum
í reykmettuðum skrifstofum
og fundarsölum.

Síðdegis leita þeir hvíldar
á garðbekkjum
og muldra og tuldra í skeggið
hver við annan

Beri svo við
að þeir rölti niður á strönd
í kvöldrökkrinu
hætta hafmeyjarnar söng sínum
og stinga sér í þögult djúpið.

Þeir heyra aðeins lágvært gjálfur
lognöldunnar við fjöruborðið.

MIKIÐ FRAMBOÐ *listaverka*

Uppboðshúsin dönsku eru áhrifamikil um verðþróun á eldri myndlist frá Íslandi.

MYNDLIST **PÁLL BALDVIN BALDVINSSON**

Mörg íslensk verk eru á uppboðshrinu hjá Uppboðshúsi Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn í byrjun mars. Dagana 3.-7. mars verða fjögur uppboð á vegum Rasmussen. Hinn 3. og 4. er stórt uppboð á verkum CoBrA-málaranna og hefur verið safnað til þess í nokkurn tíma en um þessar mundir eru sextíu ár síðan hreyfingin varð til. Í allt verða 277 verk seld og eru olíuverk þar í mestum meirihluta auk vatnslitaverka, teikninga og þrívíðra verka. Hefur ekki í annan tíma verið náð saman svo stóru safni verka eftir Jörn, Appel og félaga. Elstu verkin eru frá stríðsárunum og þau yngstu ná allt fram til starfsloka þessara meistara. Seinni daginn eru verk úr safni Richards Winter málara (1926-2007) sem var samtímamaður CoBrA-manna í Höfn sem ungur maður og kenndi síðar við Konunglegu Listaakademíuna í Höfn frá 1975-76 og var þar prófessor 1980-86 og átti gríðarstórt safn myndaverka. Þar í bland eru fimm myndir úr safni Roberts Dahlman Olsen eftir Svavar Guðnason en úr hans safni hafa komið óhemju mörg verk eftir Svavar á síðustu misserum.

Dýrustu verkin að mati uppboðshússins verða seld fyrsta daginn að kvöldi til, safn Winters er selt frá kl. 13 þann 4. en um kvöldið er uppboð á sérvöldum málverkum yngri málara og eru þar á meðal þrjú verk eftir Ólaf Elíasson, stórt olíumálverk frá 1992 (110 x 140 cm) og er það metið á 250 - 300 þúsundir danskra króna; nýlegt ljósmyndaverk frá Íslandi og það þriðja er mynd frá unglingsárum hans, Werewolf frá 1982.

Íslenskir málarar eru fyrirferðarmeiri í uppboðinu þann 7. mars sem hefst kl. 13 en þar eru 22 íslensk málverk til sölu eftir ýmsa: Þórarin B. Þorlaksson, Ásgrím Jónsson, Þorvald Skulason, Jón Engilberts, Júlíönu Sveinsdóttur, Svein Þórarinsson og fleiri. Má sjá myndir af verkum á þessum uppboðum á vef: www.bruun-rasmussen.dk.

Uppboðið hjá Gallerí Fold þann 3. febrúar bendir til að verðlækkun sé á íslenskum myndlistarmarkaði á verkum í hærri hluta verðskalans. Fór þar mikill fjöldi verka langt undir mati af þeim sem ódýrari voru metin en af hinum dýrari má greina verðlækkun sem er á milli 10 og 20 prósent. Næsta uppboð Gallerí Foldar er fyrirhugað í byrjun mars.

Um allan er heim er búist við að verð á virtri myndlist á uppboðum fari lækkandi og það hægist á sölu verka í galleríum. Þeirra áhrifa gæti bæði á alþjóðlegum markaði og heimamarkaði sem er víða. Hér á landi er ekki hægt að tala um hlutdeild hins erlenda markaðar enda verk flutt að utan sköttuð með fullum virðisaukaskatti meðan innlend verk, bæði á uppboði og í umboðssölu gallería eru undanþegin virðisaukaskatti.

Málverk eftir Ólaf Elíasson unnið 1992 er í allt öðrum stíl en síðari verk hans sem þekktari eru. Það er metið á tvær og hálfa til þrjár miljónir íslenskra króna.
MYND/BRUUN RASMUSSEN UPPBOÐSHÚS

Olíumynd eftir Þorvald Skulason úr eigu dóttur hans er seld á uppboðinu 7. mars.
MYND/BRUUN RASMUSSEN

Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Art Museum



Lóan er komin

Steingrímur Eyfjörð



Þögn

Finnbogi Pétursson
Finnur Arnar Arnarson
Haraldur Jónsson
Harpa Árnadóttir

Sýningar í Hafnarhúsinu



Hugmyndasamkeppni um Vatnsmýrina

Vatnsmýri – 102 Reykjavík

Aðgangur ókeypis
Free admission



Ofurhetjur

Erró

D—7

Ingirafn Steinarsson

Hafnarhúsið er opið daglega 10 – 17
og öll fimmtudagskvöld til kl. 22.

Leiðsögn í Hafnarhúsi og á Kjarvalsstöðum
alla sunnudaga kl. 15.

Aðgangur ókeypis.

Listasafn Reykjavíkur er safnið þitt.

www.listasafnreykjavikur.is listasafn@reykjavik.is S 590 1200 F 590 1201

Morgunblaðið
Vífilfell

BÓKAMARKAÐUR MEÐ LANDKYNNINGU

Eftir þrjú ár tæp, haustið 2011, er stefnt að því að Ísland verði fyrst Norðurlandanna gestaþjóð í heiðursssæti á stærstu bókahátíð heims, Bókamessunni í Frankfurt. Þann sess skipuðu Katalóníumenn á síðasta ári. Mikið sóknarfæri felst í þessu boði Bókamessunnar. Þýskaland er gamall og sterkur markaður fyrir íslenskar bókmenntir. Hvernig tókst þetta til hjá Katalónum?

BÓKMENNTIR
HELGA BREKKAN

Í október á hverju ári safnast útgefendur alls staðar að saman í Frankfurt í Þýskalandi í nágrenni við Mainz þar sem Jóhannes Gutenberg, upphafsmaður prentlistarinnar, raðaði stöfum sínum fyrst saman árið 1450. Bókamarkaðurinn Frankfurter Buchmesse er sá stærsti í heimi með fimm hundruð ára sögu að baki.

Flesta fulltrúa á bókamessunni í Frankfurt haustið 2007 áttu forlög frá þýska málsvæðinu en það telur um 100 milljónir manna. Þangað komu 3.358 forlög frá Þýskalandi, 146 frá Austurríki og 218 forlög frá Sviss. Bandaríkin og Bretland sendu saman yfir þúsund forlög á staðinn, Ítalía 279 og Spánn 383. Frá Íslandi komu fulltrúar níu bókaforlaga. Sami fjöldi fulltrúa kom frá Víetnam, Liechtenstein, Venesúela, Kasakstan, Georgíu og Eistlandi.

Titlar í boði á messunni voru margir: 391.652 bókatitlar voru kynntir í fyrra og 283.293 gestir sóttu 172.000 fermetra stórt sýningarsvæðið heim.

Heiðursgestur bókasýningarinnar er land eða málsvæði. Árið 2007 voru katalónskar bókmenntir í sviðsljósinu og í ár hinn 15. til 19. október verður Tyrkland heiðursgestur. Árið 2009 er það Kína og Argentína 2010. Og litla Ísland árið 2011.

Sóknarfæri

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagði við setningu bókmenntahátíðar í Norræna húsinu síðastliðið haust: „Hér er um að ræða einstakt tækifæri fyrir Ísland til að kynna sögu okkar og sjálfsmynd, menningu og bókmenntir fyrir árvökulum augum umheimsins.“

Kynningarbásar gestaþjóða draga að meðaltali að sér fjörutíu þúsund gesti og eru sérfræðingar sammála um fjárhagslegt gildi þess að vera gestaþjóð á hátíðinni. Hefur þetta form verið gagnrýnt undanfarin ár, hvort „Gestaþjóðarkonseptið“ sé dottið niður á stig landkynningar þeirra sem borga.

Í sinfóníu hans er andrúmsloftið þröngt og kæfandi og ber jafnvel keim af eins konar kaos og ráðleysi, tónmyndir standa stutt við og eru sundurlausar. Hljómsveitarbúningurinn er mattur og ógagnsær þó stundum heyrist skærir kaflar, sérstaklega þegar stök hljóðfæri, t.d. klarinett og trompet láta til sín taka. Þessar strófur hljóma eins og lítil mannleg örlög einstaklinga sem kæfð eru í sviplausum grimmdarmassa. Hvergi er frelsi, hvergi andblær. Bara kæfandi tortúr. Það er erfitt að hlusta á þetta verk, það er í raun innhverft og þjáningarfullt en samt afskaplega mannlegt. Á einum stað heyrist einstaklega sorgarblandinn sellóleikur sem er líkt og síðustu leifar mennskunnar í hryllingnum. Þetta er tilfinningalega erfitt verk sem heimtar mikið af hlustandanum þó það sé ekki tónlistarlega strembið áheyrnar.

Sinfónía Atla Heimis fjallar um hamingjuna, frelsið og dauðann. Textinn við tónlistina er eftir Heinesen, Kasantsakis og Gunnar Gunnarsson. Textinn sem á að vera um dauðann fjallar reyndar um sjálfsvíg, maður lætur sig reka á ísjaka til hafs þar til bráðnar undan honum. Þetta finnst mér einkennilegt val á texta sem á að fjalla um dauðann. Og á maður að reyna að útleggja það eitthvað? Nei, það geri ég ekki, en það er ekki hægt að horfa framhjá því að þetta er ekki eðlilegur dauði.

Sinfónía Atla er seiðandi verk en samt opið og úthverft næstum því til enda. Söngraddirnar eru þjálar og lýsandi og hljómsveitarbúningurinn er hugsun og myndvísi textans til mikillar áherslu jafnframt því að hann hefur sitt eigið gildi og bakraddirnar, ásamt glitríkum hljómsveitarblæ, sveipa tónlistina ákveðnum töfraljóma, búa til sérstakan og skýran hljóð- og skáldlegleikaheim. Í seinni hluta síðasta kaflans dofnar hinn úthverfi blær og hann verður innhverfur – dauðinn nálgast.

Atli minnir í viðtalinu í Lesbókinni á orð Mahlers um það að sinfóníuformið eigi að spanna gervallan heiminn eða mannlífið. Ég er ekki frá því að í þessari sinfóníu sé hann á vissan hátt meðvitað og meðfram að gjalda þakkarskuld hinum horfna meistara. Blær tónlistarinnar minnir stundum á Das Lied von der Erde (enda fjalla verkin mikið til um það sama) og sinfóníur meistarans, t.d. trompetkallið í upphafi annars kaflans og þetta kemur líka fram í upphafshljómum þriðja kaflans sem er málandi mahlerískt og víðar og víðar. Í verkinu skynja ég líka það sem ég vil kalla sinfóníska gleði, nautn tónskáldsins af að semja tónlistina sem smitar til áheyrenda.

Flytjendur sungu og spiluðu af mikilli sannfæringu og elegans. Og sama er að segja um sinfóníuna eftir John Speight.

Því miður var ekki nærri því hálft hús á tónleikunum.

En þessir tónleikar voru algjör veisla.

Sigurður Þór Guðjónsson

Fortíðarþrá og ullarsokkar

AFI ULLARSOKKUR OG DALUR DRAUGANNA

Kristján Hreinsson

★★

Afi ullarsokkur og dalur drauganna er fimmta bók Kristjáns Hreinssonar um ævintýri Badda og vina hans. Baddi þessi er stráklingur sem á alveg frábæran afa sem er kenndur við ullarsokk og fjölmarga félaga aðra sem flestir eiga sér einnig eitthvert viðurnefni.

Þessi saga hverfist aðallega um ferðalag Badda og afa vestur í Dalasýslu og svaðilför þeirra í göngum með Kolbeini bónda sem hefur, líkt og margar aðrar persónur þessarar sögu, komið fyrir í fyrri Baddabókunum. Ævintýrin sem Baddi segir frá eru bæði stór og smá, fólkið í sveitinni sem og í þorpinu þar sem fjölskylda hans býr er upp til hópa stórfurðulegt og uppátækjasamt. Samskipti Badda og Bjarna litla vinar hans (sem talar í útúrsnúningum á málsháttum sem fljótt verður leiðigjarnt) eru fyrst og fremst við fullorðið fólk en ekki jafnaldrar þeirra. Brandarar, orðaleikir og vísanir í sögunni hafa því meira skemmtanagildi fyrir eldri aldurshóp – það mætti kannski segja að þetta væri bók fyrir öldruð börn.

Þessi raunsæislega saga er ekki frumleg; margt í henni sem minnir á barnabækur níunda áratugarins. Þá voru ófár sögur skrifaðar um sveitastörf og stemningu í sjávarþorpum þar sem „borgin“ og „nútíminn“ voru blessunarlega fjarri. Sagan um afa ullarsokk og dal drauganna er lituð af mikilli fortíðarþrá en boðskapur hennar er sígildur – óskin eftir einföldu lífi og mikilvægi þess að sýna öðrum virðingu og sanngirni

Kristján Hreinsson rithöfundur.

Í bókinni eru svarthvítar teikningar eftir Ágúst Bjarnason sem eru nokkuð skondnar en ósköp hefði verið skemmtilegt að prenta þær í lit.

Kristrún Heiða Hauksdóttir

Ljósi varpað á merkan kafla

FRÁ HEIMSSTYRJÖLD TIL HERVERNDAR
Keflavíkurstöðin 1942-1950

Friðþór Eydal

★★★★

Nú þegar á annað ár er liðið síðan Bandaríkjaher yfirgaf herstöðina á Miðnesheiði er mjög við hæfi að rifjað sé upp hvernig stöðin varð til á fimmta áratugnum og þær pólitísku deilur sem stóðu um hana á eftirstríðsárunum. Þessu verkefni, sem tiltölulega lítið hefur verið rannsakað til þessa, hefur Friðþór Eydal, fyrrverandi upplýsingafulltrúi varnarliðsins, helgað sig í þessari nýjustu bók sinni.

Í bókinni lýsir Friðþór tilurð Keflavíkurstöðvarinnar, sem var langstærsta einstaka framkvæmd Bandaríkjahers á Íslandi á stríðsárunum, og þeim deilum sem stóðu um hana eftir að íslenska ríkið eignaðist hana að stríðinu loknu. „Mikilvægi Keflavíkurstöðvarinnar í varnaráætlunum Bandaríkjanna í upphafi kalda stríðsins olli hatrömmum deilum um afkastamesta samgöngumannvirki þjóðarinnar og samskipti Íslands og Bandaríkjanna,“ segir í káputexta bókarinnar.

Friðþór byggir verkið á víðtækri heimildaöflun í skjalasöfnum hernaðaryfirvalda, íslenskra og bandarískra stjórnvalda og í frásögnum heimildarmanna. Það gefur bókinni sérstakt gildi hve margar áður óbirtar ljósmyndir úr ýmsum söfnum, bæði opinberra og einkaaðila, er í henni að finna. Þær hjálpa til að varpa skýru ljósi á þennan merka umrótskafla í Íslandssögunni, sem er ágætlega lýst í titli bókarinnar, frá heimsstyrjöld til herverndar.

Friðþór skilur við efnið þar sem kalda stríðið milli nýju stórveldanna í vestri og austri er sífellt að færast í aukana, Íslendingar sögðu endanlega skilið við hlutleysisstefnu með stofnaðild að Atlantshafsbandalaginu og grunnurinn er lagður að nýjum herverndarsamningi við Bandaríkin. Þannig má vænta þess að Friðþór ætli sér að taka þar upp þráðinn í nýju bindi um sögu Keflavíkurstöðvarinnar og varnarsamstarfs Íslands og Bandaríkjanna. Það væri verðugt.

Auðunn Arnórsson

Smásögur

Sara Vilbergsdóttir

sýnir í Galleríi Fold

Sara ræðir við gesti sýningarinnar
í dag á milli kl. 14–16

LISTMUNASALA fold

Opið er í Galleríi Fold Rauðarárstíg virka daga frá kl.10–18,
laugardaga frá kl. 11–16 og sunnudaga frá kl. 14–16

Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni

BRANAGH LEIKUR IVANOV

Írski leikarinn og leikstjórinn Kenneth Branagh ætlar að leika í Ivanov í sviðsetningu næsta haust. Hún er hluti af verkaröð sem hann stendur fyrir í Lundunum frá og með komandi hausti. Ber þar mest á sviðsetningu Branagh á Hamlet með Jude Law í aðalhlutverkinu í ársbyrjun 2009.

Bók sem veitir innblástur

og gerir lífið svo miklu skemmtilegra!

www.theideabook.org

Salka/GBÓ

Höfundurinn, Fredrik Härén, er heimsfrægur fyrirlesari sem kann heldur betur að kveikja frumlegar hugmyndir og benda á nýjar lausnir í starfi og leik.

Í HUGMYNDABÓKINNI eru yfir 60 fljótlesnir; hugljómandi kaflar um sköpun, sem og fjöldinn allur af viðeigandi tilvitnunum í þekkta einstaklinga. Í bókinni eru einnig 150 síður, sem eru fráteknar fyrir þínar eigin hugmyndir!

www.salka.is

HUGMYNDABÓKIN er ...

... handa þér; fáðu innblástur jafnframt því að safna þínum eigin hugmyndum í eina bók

... handa starfsfólkinu þínu til að uppörva það og hvetja og hjálpa því að útfæra hugmyndir þess og framkvæma þær.

... handa viðskiptavinum þínum jafnt sem vinum, til að minna þá á hversu skapandi og drífandi þú ert!

Fredrik Härén
Fyrirlesari ársins 2007 í Svíþjóð

Salka – Skipholti 50 c – Sími 552 1122

Salka

Tilvist, trú og tilgangur

Sigurjón Árni Eyjólfsson

Er Guð til? Hver er tilgangur lífsins? Guðfræðingar hafa tíðum leitað í smiðju til heimspekinnar til að skýra samband Guðs og manns. Í þessari bók er fjallað um nokkrar helstu kenningar um tilvist Guðs, allt frá guðssönnunum Anselms til guðsafneitunar Nietzsches. Lýst er tengslum guðfræði og heimspeki, inntak trúarhugtaksins er útskýrt, auk þess sem fjallað er um þá tilvistartúlkun sem löngum hefur sett mark sitt á evangelísk-lútherska guðfræði.

Hið íslenska bókmenntafélag
Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is

Feigð í greipum fortíðar

VOFUR HVERSDAGSINS
Hallberg Hallmundsson
★★★★

Ljúf bók, einfaldur skáldskapur á tungumáli hversdagsins, auðlesin og heiðskír ljóð sem hvísla örlátu erindi sínu beint að lesandanum en hafa þeim mun minni áhuga á sjálfum sér og eigin leikfimi.
Ljóð sem forðast flókið myndmál og afneita öllu skrúði, beita líkingum af varkárni og hafna því einkenni geimaldarljóðsins að etja saman hlut og hug í órökréttu samhengi. Skáldskapur sem virðir orð og tilfinningu í nöktum einfaldleik og höfðar til skynhrifa fremur en lærdóms, virðir þögnina umfram skarkala og krefst því vissrar sjálfsafneitunar sem ljóðið bregst við með hrekklausu undanhaldi. Einsog vitur öldungur sem vitjar að nýju barnsins innra með sér og auðgar rödd þess visku reynslunnar en leyfir henni þó að hjala. Stundum alveg á mörkum þess að standast ljóðræna áskorun.

Skáldið mælir í fyrstu persónu eintölu og fer hvergi leynt með skyldleika höfundar við ljóðmælanda sinn – þeir eru tvíeinn, virðulegur karl á efri árum sem víða hefur ratað og leyst sína þraut með sæmd en heyrir nú feigðina kalla og vekja upp áleitar vofur úr fortíð sem skáldinu ber að kveða niður á ný og hvíla fyrr en ljárinn hvín. Skáldið kýs að horfa fremur fram á veg en líta um öxl, en áköf ásókn minninganna sem jaðrar við ofríki varnar skáldinu friðar og ögrun bókarinnar felst í því að ótti sálarinnar og beygur óvissunnar beinist óskiptur að fortíð eigin jarðvistar en ekki því sem bíður. Jarðbundin samviska minninganna dæmir yfirsjónir og mælir heilræði og kveikir eftirþanka og efa um innri orðstír og vegferð, jafnvel eftirsjá eftir „því sem aldrei gerðist“, dómur framtíðar er því fólginn í frjálsu vali hversdagsins og eigin innra mannorði á jörðu fremur en yfirskilvitlegu forboði. Fortíðin þrengir sér uppá núið og „lætur oss lúta vorri þraut“ og treinir því mæðunni langan lífdag, fremur en geigur við ókannað land (Helgi/Hamlet 3,1).

Þeim reimleikum mætir skáldið í kveðskapnum, vísvitandi vopnlaust, með „orðum sem forðast að mæla“, yfirlýstri trú á ósögð orð og orðlausa tjáningu, vanmætti gagnvart dýrum orðum, og sjálfshöfnun ljóðrænunnar sem í fyrstu virðist uppgjöf, svolítið einsog latigeir á lækjarbakka, en vinnur á með vaxandi áherslu á umbreytingarafl orðsins sem að endingu sannar að það er meiri list að mæla sem barn en orga öpuðum hástöfum, meiri list að þreyta bráð en eta – og jafnvel þótt ætið hafi þá síðasta orðið og sleppi óséð. Ljóð getur átt eintal við skáld sitt svo allir hlýði og kveðið niður draug þess svo allir hvílist með því að skrúfa niður í sjálfu sér og leysa eða eyða þannig innri vanda (þótt ærinn sé) með þeim sömu fyrirmælum sem vægðarlaust berhátta allt hið ytra.

En ofurhversdagsleikinn í einstaka ljóðum og málfar sem stígur yfir mörk tals og ritmáls gerir það að verkum að skáldskapurinn tapar alvörunni einstaka sinnum og fær þá blæ af ömmu- og afasögum sem gleymdu að skrifa það niður að börnin uxu upp.

Hugljúf bók sem virðir hógværð ljóðsins – næstum að hættumörkum.

Þá hefur skáldið þýtt og gefið út 22 ljóð eftir spænska nóbelsverðlaunahöfundinn Juan Ramón Jiménez. Gullfalleg ljóð, full af tónlist og trega. Fengur í þýðingum Hallbergs að vanda.

Sigurður Hróarsson

flickr·flakk og heljarstökk

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography
Grófarhús · Tryggvagötu 15 · 101 Reykjavík · Sími 563 1790 · www.ljosmyndasafnreykjavikur.is
Opið mánudaga til föstudaga frá 12–19 · helgar frá 13–17 · AÐGANGUR ÓKEYPIS

Hellisheiði ófær vegna illviðris og hálku.

„Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg og VefTV – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is

Tjáðu þig!

Stærsta bloggsamfélagið! Yfir 150.000 notendur!



Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg

BlogCentral.is
Stærsta bloggsamfélagið á Íslandi

Það eru allir á sama máli

... AÐ TJALDABAKI

Á morgun rennur út frestur umsækjenda um leikhússtjórastólinn hjá Leikfélagi Akureyrar. Margir eru nefndir sem líklegir umsækjendur: Hilmar Jónsson sem hefur verið burðarás ásamt Erling Jóhannessyni í Hermóði og Háðvör í Hafnarfirði um árabil, Halldór Laxness sem hefur áður sótt um starfann nyrðra án árangurs, María Sigurðardóttir sem er nýbúin að leikstýra þar Fló á skinni og Edda Björgvinsdóttir leikkona. Talið er víst að umsækjendur verði fleiri en það er stjórnar LA að velja manninn.

Bjarni Jónsson leikskáld er þessa daga að leikstýra verki eftir sig í Útvarpsleikhúsi RUV. Nú er lokið frágfangi á dagskrá L'OKAL, alþjóðlegrar hátíðar sem Bjarni og Ragnhildur Skúladóttir kona hans eru upphafsmenn að en á þeirra vegum verða hér alþjóðlegar og íslenskar sýningar í byrjun mars.

Listahátíð mun brátt opinbera dagskrá sína. Meðal þess sem þar er í boði er dagskrá sönglaga við ljóð Steins Steinarr en hundrað ára árstíð hans er fram undan. Það eru Jón Ólafsson hljómborðsleikari og Sigurður Bjóla, fyrrverandi Spilverksmaður, sem eiga tónlistina í bland við eldri lög en meðal flytjenda á tónleikum 29. og 30. maí verða KK, Ellen, Helgi Björnsson, Hildur Vala, Þorsteinn Einarsson úr Hjálmum og Svavar Knútur Kristinsson úr Hrauni. Sex manna band spilar undir.

MIRALE

Kartell dagar

20% afsláttur
af öllum Kartell vörum
opið í dag 13–16

MIRALE
Síðumúla 33
108 Reykjavík
sími: 517 1020

Opið
mán.–föstud. 11–18
laugardag 11–16
sunnudag 13–16
www.mirale.is

Handan um höf – Helgi Hálfdanarson

Handritin – saga handrita og hlutverk um aldir

Ferðalok – Jónas Hallgrímson 1807–1845

Surtsey – jörð úr ægi

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

SÝNINGAR Á ÖLLUM HÆÐUM

Þjóðmenningarhúsið – The Culture House
National Centre for Cultural Heritage
Hverfisgötu 15, 101 Reykjavik
Sími 545 1400, www.thjodmenning.is
Veitingar á virkum dögum.
Sýningar - leiðsögn - verslun

Opið daglega kl. 11.00 – 17.00
Leiðsögn á íslensku um handritasýninguna í hádeginu kl. 12.10 á fimmtudögum. Leiðsögn á ensku um handritasýninguna kl. 15.30 á mánudögum og föstudögum.
Í versluninni: Myndlistarsýning Erlu Þórarinsdóttur – Sameign. Opinber rými.

ått með nafnið í gegnum lífið eru alltaf einhverjir

NIMYNDAPERSÓNU

Halldórsbörn og ég er nefndur eftir langömmu minni. Jú, ég er mjög ánægður með þessa breytingu og hún var jafnframt mjög frelsandi. Hins vegar eru foreldarnir, sem gáfu manni nöfnin í upphafi, stór þáttur í þessu máli. Því var það minnisstætt augnablik þegar ég settist niður með mömmu og pabba og skýrði þeim frá ákvörðun minni. Vésteinsnafnið er nefnilega hugmynd mömmu og hún var svona svolítið hvumsa fyrst þar til hún áttaði sig á þeim sannleik að nöfn er ekki hægt að taka af manni. Þótt maður breyti því í þjóðskrá þá fylgir nafnið manni alltaf og maður finnur fyrir því. Mamma gaf mér svo Tinnaplakat í skírnargjöf.“

ÖRLAÐI Á HNEYKSLUN Í BYRJUN

„Ég fékk skráningu á nafninu Eldey Huld Jónsdóttir hjá Hagstofu í ágúst 1995 og hafði þá ígrundað þetta síðan í byrjun árs 1995 en ég er skírð Huld Jónsdóttir. Það má segja að þessa nafns hafi verið vitjað hjá mér. Nafnið sem okkur er gefið held ég að sé flestum afar dýrmæt og persónuleg eign. Það verður engum það betur ljóst en þeim sem stendur frammi fyrir þeirri ákvörðun að breyta nafni sínu. Því tók ég mér góðan tíma til umhugsunar áður en endanleg ákvörðun var tekin og taldi mig á þeim tímapunkti sannfærða um að þetta væri það sem ég vildi. Í ljósi þessarar reynslu verður mér oft hugsað til þeirra sem voru skyldaðir til að taka upp nýtt nafn þegar þeir fengu ríkisborgararétt hér á landi. Ég myndi ekki vilja vera í þeirri stöðu að vera neydd til þess að skipta um nafn og vona að reglurnar séu ekki þannig ennþá. Þetta er svo persónulegur og dýrmætur hlutur, nafnið manns, að enginn ætti að þurfa að gefa það eftir nema vilja það sjálfur. Ég held að flestir hafi orðið mjög undrandi og kannski örlaði á hneykslun í byrjun en ég var ekki að sleppa mínu gamla nafni svo fjölskyldan hafði val um að nota það áfram. Ég gerði enga kröfu um að vera kölluð Eldey heldur lagði upp með að fólk gæti valið hvort það segði Eldey, Eldey Huld eða Huld. Ég held ég hafi náð bara nokkuð mjúkri lendingu með þeirri ákvörðun. Ég minnist þess þó að það voru ekki margir sem í byrjun notuðu nýja nafnið mitt nema nemendur mínir á unglingsaldri sem ég kenndi á þeim tíma. Þeir þurftu

engan aðlögunartíma og fannst þetta svo flott að ég var strax kölluð Eldey í þeirra hópi. Mér þótti mjög vænt um það.“

LA TRAVIATA
GIUSEPPE VERDI

SIGRÚN PÁLMADÓTTIR | JÓHANN FRIÐGEIR VALDIMARSSON | TÓMAS TÓMASSON

Í KVÖLD 17. febrúar	UPPSELT	föstudagur 7. mars	UPPSELT
miðvikudagur 20. febrúar	UPPSELT	sunnudagur 9. mars	UPPSELT
föstudagur 22. febrúar	UPPSELT	miðvikudagur 12. mars	UPPSELT
sunnudagur 24. febrúar	UPPSELT		
föstudagur 29. febrúar	UPPSELT		
laugardagur 1. mars	UPPSELT	Kynning á La traviata í boði VÍÓ kl. 19.15.	
miðvikudagur 5. mars	UPPSELT	Bergþór Pálsson annast kynningarnar.	

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 mánudaga - föstudaga. Miðasala á netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

KVIKMYNDAKLÚBBURINN
FJALAKÖTTURINN

SUN	MÁN
17. FEB	18. FEB
17:00—Joy Division	17:00—Hrossaþjófarnir
20:00—Hrossaþjófarnir	20:00—Melónuleiðin
22:00—Joy Division	22:00—Hrossaþjófarnir



sjálfstætt framhald myndarinnar Control og fjallar um breska rokkbandið Joy Division. 8 árum eftir að Ian Curtis, aðalsöngvari sveitarinnar, svipti sig lífi.

Allar upplýsingar er að finna á
WWW.FJALAKOTTUR.IS

Rannsóknar-styrkur

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða auglýsir hér með eftir umsóknum um rannsóknarstyrk til verkefna sem tengjast og hafa áhrif á þróun íslenska lífeyriskerfisins. Styrkurinn nemur einni milljón króna. Úthlutun styrksins fer fram á aðalfundi Landssamtaka lífeyrissjóða, sem haldinn verður 15. maí nk.

Umsóknum skal fylgja:

- Greinargóð lýsing á verkefninu og markmiðum þess.
- Tímaáætlun, sem gerir grein fyrir framvindu verkefnisins.
- Fjárhagsáætlun verkefnisins og framlag samstarfsaðila.

Ekki verður veittur styrkur til verkefna sem þegar er lokið. Þegar fyrir liggur ákvörðun um hver eða hverjir fá styrk verður gerður sérstakur samningur um rannsóknarverkefnið, þar sem fram kemur m.a. lýsing á markmiðum og fyrirhugaðri framkvæmd og hvernig greiðslum verður háttað.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Landssamtaka lífeyrissjóða, Sætúni 1, Reykjavík. Ennfremur má nálgast umsóknareyðublöð á veffanginu *www.ll.is*

Umsóknir þurfa að berast Landssamtökum lífeyrissjóða fyrir 24. apríl nk. Öllum umsóknum verður svarað.

Allar nánari upplýsingar gefur framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, Hrafn Magnússon, í síma 563 6450 eða á netfanginu *ll@ll.is*.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

512 50 50 Auglýsingasími
- Mest lesið

STUÐ MILLI STRÍÐA Umfjöllun fjölmiðla og hörundsæri

ÞÓRUNNI ELÍSABETU BOGADÓTTUR FINNST AÐ ÞÉR MEGI ÞYKJA HÚN LEIÐINLEG

Mér hefur alltaf fundist skrýtið þegar fólk sem gerir út á persónu sína í fjölmiðlum kvartar undan athyglinni sem það fær út á það. Nú er það svo að það er heill hellingur af fólki sem er í sviðsljósinu vegna vinnu sinnar eða annars, og það fólk getur yfirleitt ekkert að því gert hvort um það sé fjallað eða ekki. Það er svo ákvörðun hvers og eins hvort, og þá hversu mikið, hann eða hún tekur þátt í því öllu saman.

Margt af þessu fólki hugsar ekkert svo mikið út í þetta. Það tekur alveg þátt í þessu, svarar spurningum í föstum dálkum blaðanna og öðru smálegu. Það leyfir ljósmyndurum alveg að taka af sér myndir. En að öðru leyti spáir það held ég ekkert mjög mikið í þessa hluti. Ég skil oft ósköp vel að svona fólk verði pirrað þegar fjallað er um einkalíf þeirra á opinberum vettvangi.

Svo eru aðrir sem þrífast í sviðsljósinu og gera ýmislegt til þess að haldast örugglega þar. Ofgera manni gjörsamlega með því að birtast í nánast öllum tölublöðum af hverju einasta tímariti sem gefið er út. Og fara svo í alla mögulega sjónvarpsþætti líka. Mér finnst svo skrýtið þegar þetta fólk kvartar svo, ef umfjöllunin er ekki þeim að skapi.

En aftur að upphafinu, því flest þetta fólk hefur sér eitthvað til frægðar unnið. Látum það liggja á milli hluta hvort réttlátt sé að kvarta og fara jafnvel með mál fyrir dómstóla vegna umfjöllunar fjölmiðla um einkalíf fólks. En þegar fólk fer að kvarta og ráðast á fjölmiðlafólk vegna umfjöllunar um atvinnu þess, þá þykir mér of langt gengið. Ef fólk er með sjónvarpsþátt, sem alþjóð getur horft á, þá verður það bara að taka því að það getur ekki öllum líkað hann. Að sama skapi þarf ég að taka því að það nenna ekkert allir að lesa mína pistla, eða finnst þeir bara leiðinlegir. Ekki fer ég og kalla fólk öllum illum nöfnum á opinberum vettvangi bara út af því. Alveg eins og það er minn réttur að skrifa það sem ég vil hér, þá er það þinn réttur að finnast það ömurlegt.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



¡Viva España!

LEIKLIST

Sólarferð

eftir Guðmund Steinsson
Búningar: Margrét Sigurðardóttir og Ragnar Kjartansson
Tónlist: Kristinn Árnason
Lýsing: Lárus Björnsson
Leikmynd: Ragnar Kjartansson
Leikstjóri: Benedikt Erlingsson

★★★

Of lítil sýning á of stóru sviði.

Lítið stykki á stóru sviði. Að tromma upp á stóra svið Þjóðleikhússins með gamlan gamanleik sem sló í gegn fyrir þremur áratugum er vogað. Reyndar er það nú þannig að góðir gamanleikir geta lifað gegnum aldir en það er ekki sjálfgefið. Í þessari nýju uppfærslu af Sólarferð Guðmundar Steinssonar er verið að endurskapa ímyndaðar týpur áttunda áratugarins. Það er eins og leikararnir hafi staðið til hliðar við persónurnar og ákveðið að gera gys að því fólki sem var virkilega skondið á þeim tíma. Þetta er erfið aðferð og getur vel gengið upp, en hér var handritið ekki að vinna með aðferðinni né heldur tímasetningar eða það sem kallað er „tæming“upp á „nýslensku“.

Tvö pör fara saman í þessa hefðbundnu sólarlandaferð þar sem bæklingar hafa lofað sól og aftur sól. Hjónin Stefán og Nína koma sér fyrir í hótelherbergi þar sem leikurinn allur gerist að undanskildum svalaatriðum þar sem legið er í sólbaði og spjallað við aðra gesti á öðrum svölum. Þetta er hreyfimynd af innihaldslausu sumarfríi þar sem hamingjan felst í því að panta sér Cuba Libre á herbergið og brenna hverja skinntjutlu á kroppnum í dýrmætri sólinni frá morgni til kvölds. Líklega er ástæða þess að leiksýningin naut svona mikilla vinsælda 1976 sú, að þá var enn svolítið nýjabrum á hópferðum landans til Costa del Sol, eða hvað þær nú hétu þessar strendur sem menn timbraðir þekktu varla eftir að búið var að framkalla myndirnar úr instamatikvélunum. Það sem var skondið í þessari nýju uppfærslu nú var sveitamennskan í afstöðunni til útlandsins fyrir utan fágaðan gamanleik góðra leikara. Engu að síður einkenndist sýningin öll af einhverri tregðu.

Framvindan var engin í fyrri hlutanum og hefði mátt þétta leikinn þó virðing sé borin fyrir texta höfundar. Eftir hlé dynur á með ógnarfylleríi þeirra Íslendinga sem búa á hótelinu og þá fer allt úr böndum og eymingja karlfauskurinn hann Stefán er dreginn á tálar af ungri drukkinni konu. Eins fer hluti af Íslendingunum í skoðanaferð þar sem þau skeiða gegnum leikhúsið og er það nokkuð gott atriði.

Ragnar Kjartansson sér hér um leikmyndina sem er lítið annað en rúmið fyrir utan stólana sem hrukku í sundur og persónurnar settust aftur og aftur í, duttu á rassinn og allir hlógu. Þjónninn Manolo sem Juan Camilo Ronán Estrada túlkaði átti flotta innkomu þegar hann mætir í fyrsta sinn upp á herbergi til þeirra hjóna með Cuba Libre-glösin tvö á bakka sínum. Þau hafa ekki hugmynd um af hverju maðurinn glennir sig og stillir sér upp í alls kyns stellingar þar sem greiðsla á þjórfé er ekki til í þeirra orðaforða, hvað þá meira. Annað atriði þar sem Manolo er að blanda drykki handa vinunum fjórum með miklum tilfæringum aleinn á sviðinu hefði getað orðið að dansatriði eða einhverju, því allir biðu eftir einhverju en þetta varð í staðinn eins og langt myndskeið frá barþjónasamkeppni.

Ingvar E. Sigurðsson leikur Stefán sem pínist í gegnum þessa frídaga með herfilega kviðverki og pípandi skitu, reynir að þóknast sinni ströngu og dyntóttu frú og gerir það sem er í hans valdi til þess að lifa sig inn í þetta tilgangsleysi. Ingvar fór á kostum og samspil hans og Ólafíu Hrannar Jónsdóttur sem fer með hlutverk Nínu var mjög gott. Ólafía Hrönn túlkaði skemmtilega Nínu sem er ströng og siðprúð og lendir í augnabliks bólförum með þjóninum Manolo en einmitt það atriði kannski lýsir best hvernig tíðarandinn hefur breyst frá 1976. Þóra Friðriksdóttir í sama hlutverki undir rúmi með spænskum þjóni er alveg ógleymanleg sena. Hér var eins og einhver nútímaafgreiðsla væri á þessu óundirbúna hliðarspori.

Halldóra Björnsdóttir er vandvirk og hnyttin í túlkun sinni á hinum reynda sólarlandafara Stellu og túlkun Kjartans Guðjónssonar á manni hennar Jóni sem er varkár, friðelskandi og fékk sólsting á öðrum degi með lummulegt þunnt bítlahár niður á herðar, er eftirminnileg. Edda Arnljótsdóttir bókstaflega eignaði sér salinn þar sem hún leggjalöng og súkkulaðibrún í hömlulausu dansatriði spriklaði eins og engispretta þá er Íslendingahópurinn lenti á ofurfylleríi.

Esther Talía Casey fer með hlutverk ungu drukknu konunnar sem forfærir Stefán en það er eins og allir vita vandasamt að leika ölvaða manneskju þannig að það hefði kannski farið betur á að láta hana vera glettnari. Þröstur Leó Gunnarsson lék töffaralegan stuðbolta og fararstjóra af miklum styrk. Í örhlutverki túrista gaggandi af hliðarlínu mátti sjá Helgu Steffensen í fyndnu gervi sem kitlaði hláturtaugar áhorfenda.

Aðalmarkmið leikstjórans virðist einmitt hafa verið að kitla hláturtaugar en spurningin er hvort þær taugar hafi ekki verið orðnar svolítið þandar undir lokin?

Elísabet Brekkan



„Ég vil bara borða eins og svín. Fyrst Grammyverðlaunin eru búin get ég borðað hvað sem er. Súkkulaði, nammi, kolvetni, allt!“

BEYONCÉ, AÐSPURÐ UM HVAÐ HÚN VILDI GERA Á VALENTÍNUSARDEGINUM.

„Ég hef þurft að skipta aðeins um stíl. En ég er ennþá með frábæra leggi og geng í mínípilsum. Ég mun nota bikiní þangað til ég er áttræð… Ég mun eldast með reisn á opinberum vettvangi, og án hennar í einkalífinu.“

FYRIRSÆTAN **JERRY HALL** LÆTUR ALDURINN EKKI SLÁ SIG ÚT AF LAGINU.

„Fólk hefur spurt mig: „sveltirðu þig fyrir myndatökur?“ Ég segi alltaf: „Ekki séns. Til þess er Photoshop.““

SARAH MICHELLE GELLAR TREYSTIR Á TÆKNINA.

fólk

folk@frettabladid.is

Mandela vill Kryddpíurnar

Kryddpíurnar munu væntanlega koma fram á tónleikum til heiðurs Nelson Mandela í júní. Mandela fagnar þá 90 ára afmæli sínu, og hafa tónlistarmenn á borð við Rolling Stones, Annie Lennox og Bono þegar heitið þátttöku. Queen hefur einnig tilkynnt að hljómsveitin muni koma fram, og orðrómur þess efnis að Robbie Williams muni syngja með sveitinni í gervi Freddie Mercury gengur fjöllum hærra.

Mandela ku vera afar hrifinn af Kryddstúlkunum, en hann kynntist þeim fyrst þegar þær stóðu á hátindi frægðar sinnar. „Nelson vill endilega að þær komi fram í eitt skipti enn, og hefur trú á því að það muni gerast. Hann hitti stúlkurnar fyrst árið 1997 og kallaði þær þá hetjurnar sínar. Hann dáist að þeim,“ segir heimildarmaður Daily Mirror.

Kryddstúlkurnar hafa lýst því yfir að þær muni aftur hætta störfum þegar tónleikaferð þeirra lýkur í mánuðinum, en Mandela vonast til að ná þeim saman á ný fyrir tónleikana í Hyde Park í London. Kryddpíurnar voru beðnar um að koma fram á 89 ára afmæli Mandela í fyrra, en urðu að afþakka boðið vegna annarra skuldbindinga, auk þess sem Emma Bunton var þá kasólétt.

NÍRÆÐUR Í SUMAR Nelson Mandela fagnar níutíu ára afmæli sínu með stórtónleikum í London í júní.

„Það verður talað um þessa tónleika í áratug. Nelson er hetja og þúsundir aðdáenda munu mæta til að sýna honum stuðning sinn, og stærstu nöfnin í skemmtanaiðnaðinum líka,“ segir heimildarmaður Daily Mirror.

KOMA SAMAN FYRIR MANDELA? Kryddpíurnar munu væntanlega koma fram á tónleikunum, að minnsta kosti ef Mandela verður að ósk sinni.

NORDICPHOTOS/GETTY

Syngur til styrktar Vildarbörnum

Íslenska tónlistarkonan Kenya hefur samið lagið Réttum hjálparhönd sem er tileinkað ferðasjóð Icelandair, Vildarbörnum. „Ég hef unnið með börnum frá því ég byrjaði í skóla og mig hefur alltaf langað til að láta gott af mér leiða,“ segir Kenya. „Ég talaði við Icelandair og þau tóku svo vel í að ég myndi semja lag fyrir þau að ég ákvað að láta slag standa.“

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, er verndari sjóðsins, sem hefur það að markmiði að styrkja fötluð og langveik börn til að ferðast út í heim. „Ég var búin að vera með þetta lengi í maganum. Ég hélt maður þyrfti að vera voða frægur til að fólk tæki mark á manni en svo er ekki,“ segir Kenya.

Lagið kemur út á þriðjudag í verslunum Skífunnar og í Saga Boutique. Einnig verður hægt að nálgast það á síðunni Myspace.com/kenyaiceland. Allur ágóðinn rennur til Vildarbarna. Fyrsta plata Kenya, þar sem hún fær aðstoð þekktra tónlistarmanna, er væntanleg í haust og gengur undirbúningur hennar vel. - fb

KEYNA Söngkonan unga hefur samið lag til styrktar ferðasjóðnum Vildarbörn.

Óskum eftir að kaupa verk eftir

Kristján Davíðsson og Karl Kvaran

Helst stærri olíumálverk
Staðgreiðsla

Uppl. í síma 893 8968 og 896 6522

STÖÐ 2 FÆR FLEIRI JÚGANDI START Á NÝJU ÁRI



Hlutdeild heildaráhorfs á mínútu, 12-80 ára. Heimild: Capacent, vikan 4. til 10. febrúar 2008.

ÁSKRIFENDUR VITA HVAÐ ÞEIR VILJA

1.	American Idol	60,6%
2.	Laugardagslögin '07-'08	52,0%
3.	Bandið hans Bubba	45,1%
4.	Pushing Daisies	42,6%
5.	Spaugstofan 2007-2008	39,8%
6.	Oprah	39,6%
7.	Logi í beinni	39,4%
8.	Broken Trail	39,2%
9.	Sjálfstætt fólk	37,5%
10.	The Break Up	37,5%

Áskrifendur Stöðvar 2, 18-49 ára. Heimild: Capacent, vikan 4. til 10. febrúar 2008.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: STÖÐ 2 STÖÐ 2+ STÖÐ 2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ+ STÖÐ 2 SIRKUS STÖÐ 2 SIRKUS+

skemmtilegri

Átján úrvalsmyndir

Átján myndir verða á dagskrá kvikmyndaklúbbsins Fjalakattarins sem hefur sýningar sínar í dag. Á meðal þeirra verða myndirnar Joy Division, hin franska Hrossaþjófarnir sem hefur að geyma tónlist eftir Jóhann Jóhannsson, Melónuleiðin frá Króatíu, Ár úlfsins frá Finnlandi og íslenska heimildarmyndin Ketill eftir Joseph Marzolla og Tómas Lemarquis sem fjallar um hinn 71 árs Ketil Larsen.

„Við viljum kynna fyrir fólki stefnur og strauma í alþjóðlegri kvikmyndagerð. Þetta eru myndir sem væri annars ólíklegt að kæmu hingað," segir Hrönn Marínósdóttir hjá Fjalakettinum. „Markmiðið er að klúbburinn geti starfað allt árið um kring. Það stendur til að gera upp Tjarnarbíó í vor og vonandi þegar það opnar aftur höfum við ráðrúm til að vera með reglulegar kvikmyndasýningar yfir allt árið," segir Hrönn.

Skráning í klúbbinn er hafin á Filmfest.is. Félagsgjald er 5.000 krónur og veitir aðgang fyrir einn að öllum sýningum klúbbsins fram til marsloka. **- fb**

Líkt við Arcade Fire

Hljómsveitin Ollie Byr & The Trees frá New York spilar á Dillon í kvöld. Hljómsveitin, sem er á tónleikaferðalagi um heiminn, hefur verið áberandi í bandarísku neðanjarðarsenunni og hefur henni verið líkt við hljómsveitina Arcade Fire.

„Þeir ættu að höfða til aðdáenda Led Zeppelin, Beck og Arcade Fire," segir í dómi tónlistartímaritsins Billboard.

Ókeypis er á tónleikana á Dillon sem hefjast klukkan 20.30.

ESB vill bæta hag flytjenda

Evrópusambandið íhugar að framlengja einkarétt flytjenda og hljómplötuútgefenda á hljóðritunum sínum úr 50 árum í 95 ár. Félag tónskálda og textahöfunda á Íslandi tekur þessum breytingum fagnandi.

Ekki er um eiginlegan höfundarrétt að ræða heldur grannrétt sem er byggður á höfundarréttinum. Snúast þessi réttindi um rétt flytjenda og eigenda hljóðritana til að ráða yfir þeim án þess að þriðji aðili geti gefið upptökurnar út. Höfundarrétturinn sjálfur gildir aftur á móti í sjötíu ár eftir að höfundur lagsins fellur frá.

Elvis fyrir almenning

„Nú fer að styttast í að fjöldi af fyrsta Elvis-efninu fari að verða almenningseign. Nú eru að verða til alls konar söfn af eldgamalli músík sem einhver fyrirtæki standa á bak við sem lögðu aldrei krónu í upptökukostnað eða borguðu flytjanda. Þau eru að gefa þetta út og selja og þurfa engum að borga nema höfundum efnisins," segir Magnús Kjartansson, framkvæmdastjóri Félags tónskálda og textahöfunda.

Tuttugu ár í Björgvin og Bubba

Þessara áhrifa er þó ekki farið að gæta hérlendis, enn sem komið er. „Hljóðritunarsaga okkar er ekki mjög löng og það er kannski ekki alveg komið að þessu hér. En það ber þó að hafa í huga að 28. mars eru þrjátíu ár frá því Vilhjálmur Vilhjálmsson dó. Þessi ákvæði gætu á næstu tveimur áratugum haft afdrifarík áhrif hér á landi," segir Magnús, sem telur að útgefendur hér heima myndu taka breytingum á höfundarréttinum fagnandi yrði hann að veruleika. „Það eru ekki nema tuttugu ár í að Björgvin Halldórsson missi öll réttindi á sínum fyrstu plötum og að Bubbi missi allt tilkall til lagsins

CLIFF RICHARD Tónlistarmaðurinn Cliff Richard vill framlengja einkaréttinn á hljóðritunum sínum í 95 ár.

Stál og hnífur sem flytjandi," segir hann. Auk þess yrðu bæði Bubbi og Björgvin af ákveðinni prósentu af stefgjöldum laganna sem flytjendur.

Óréttlát lög

Á meðal þeirra sem hafa þrýst á Evrópusambandið að framlengja höfundarréttinn eru gömlu kempurnar Cliff Richard og Roger Daltrey úr hljómsveitinni The Who, sem sjá nú fram á að missa einkaréttinn á útgáfu verka sinna og að að stefgjöld til þeirra minnki. Á meðal vinsælustu laga þeirra eru Living Doll og My Generation. „Þessi lög eru samin á þeim tíma þegar menn gerðu ráð fyrir því að enginn hefði áhuga á fimmtíu ára gamalli upptöku. Þetta er sannarlega óréttlátt gagnvart útgefendum og flytjendum," segir Magnús.

freyr@frettabladid.is

MAGNÚS KJARTANSSON Magnús tekur því fagnandi ef Evrópusambandið breytir lögum sínum.

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

JUMPER	kl. 6, 8 og 10	12
LOVEWRECKED	kl. 2, 4, 6, 8 og 10	L
RAMBO	kl. 6.15, 8 og 10-P	16
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM	kl. 1.45 og 4	L
ALVIN OG ÍKORNARNIR	kl. 2 og 4	L

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000 — 5%

JUMPER	kl. 1.20 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	12
JUMPER LÚXUS	kl. 1.20 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	
MEET THE SPARTANS	kl. 4 - 6 - 8 - 10	
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM	kl. 1 - 3.20 - 5.40 ÍSLENSKT TAL	
CLOVERFIELD	kl. 8 - 10	14
BRÚÐGUMINN	kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	7
ALVIN OG ÍKORNARNIR	kl. 2 ÍSLENSKT TAL	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó!

JUMPER	kl. 3 - 6 - 8 - 10	12
BEFORE THE DEVIL KNOWS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20	16
MEET THE SPARTANS	kl. 3 - 6 - 8 - 10	
WALK HARD	kl. 3 - 6 - 8	14
THE ALIEN VS PREDATOR	kl. 10.10	16

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 450 kr. í bíó!

INTO THE WILD	kl. 3 - 6 - 9	7
RAMBO	kl. 8 - 10	16
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM	kl. 3 - 5.30 ÍSLENSKT TAL	
ATONEMENT	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	14
BRÚÐGUMINN	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	7

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — 450 kr. í bíó!

JUMPER	kl. 5.50 - 8 - 10	12
RAMBO	kl. 10	16
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM	kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 ÍSL. TAL	
BRÚÐGUMINN	kl. 2 - 4 - 8	7

5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

ÁLFABAKKA

NO COUNTRY FOR OLD MEN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
NO COUNTRY FOR OLD MEN	kl. 2 - 8 - 10:30	VIP
MR. MAGORIUMS ...	kl. 2 - 4 - 6	L
P.S. I LOVE YOU	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
SWEENEY TODD	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
UNTRACEABLE	kl. 8 - 10:30	16
UNTRACEABLE	kl. 5:30	VIP
CHARLIE WILSON´S WAR	kl. 10:30	12
DEATH AT A FUNERAL	kl. 2 - 4 - 6 - 8	7
THE GAME PLAN	kl. 1:10 - 3:20	L
TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL	kl. 1:10 - 3:20	L
BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL	kl. 1:30 - 3:30	L

KRINGLUNNI

JUMPER	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
MR. MAGORIUMS...	kl. 2 - 4 - 6 - 8	L
NO COUNTRY FOR OLD MEN	kl.10	16
P.S. I LOVE YOU	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL	kl. 2D - 3:30	L
TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL	kl. 1:30	L

SELFOSS

WONDER EMPORIUM	kl. 1:40 - 3:50 - 6	L
UNTRACEABLE	kl. 8 - 10:10	16
BRÚÐGUMINN	kl. 5:50 - 8	7
CLOVERFIELD	kl. 10:10	14
THE GAME PLAN	kl. 3:40	L
ALVIN OG ÍKO... M/- ÍSL TAL	kl. 1:40	L

AKUREYRI

MR. MAGORIUMS	kl. 2 - 4 - 6	L
P.S. I LOVE YOU	kl. 8	L
UNTRACEBLE	kl. 10	16
TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL	kl. 2	L
MEET THE SPARTANS	kl. 4 - 6 - 8	12
NO COUNTRY FOR...	kl. 10:30	16

KEFLAVÍK

JUMPER	kl. 8 - 10	12
MEET THE SPARTANS	kl. 4 - 6	12
SWEENEY TODD	kl. 10	16
DEATH AT A FUNERAL	kl. 8	12
ÁSTRÍKUR... M/ÍSL TALI	kl. 2 - 5	L
ALVIN OG ÍKO... M/ÍSL TALI	kl. 2	L

450 kr. HÁSKÓLABÍÓ REGNBOGINN 450 kr.
kl. 3 í Háskólabíó kl. 3 í Háskólabíó kl. 3 í Háskólabíó kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum

16. og 17. feb.
SparBíó 450kr
Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

TÖFRABÚÐIN (ENSKT TAL) KL. 2 í ÁLFAB., KRINGLU OG AK. KL. 1:40 Á SELFOSSI
GAME PLAN KL. 1:10 Í ÁLFABAKKA
DEATH AT A FUNERAL KL. 2 Í ÁLFABAKKA
BÝFLUGUMYNDIN M/ ÍSLENSKU TALI KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA, OG 2 Í KRINGLUNNI
TÖFRAPRINSESSAN M/ÍSL TALI KL. 1:10 Í ÁLFABAKKA, 1:30 Í KRINGLUNNI OG 2 Á AKUREYRI
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

Sími: 553 2075 - bara lúxus
Ódýrt í bíó
AMANDA BYNES
ATH. SÝND KL.2
LOVEWRECKED
ÍSLENSKT TAL
ATH. SÝND KL. 1.45
ATH. SÝND KL.2
ALVIN OG ÍKORNARNIR
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI
450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

NÝTT OG BETRA HÁSKÓLABÍÓ!

Framundan frábærar myndir!

Horton

Semi Pro

Indjana Jones



Sex and the City

Flugdreka hlauparinn

SENA BÝÐUR HÁSKÓLABÍÓ
VELKOMIÐ Í HÓP BETRI KVIKMYNDAHÚSA LANDSINS

SMÁRA BÍÓ · REGNBOGINN · HÁSKÓLA BÍÓ · BORGAR BÍÓ

> Búið að draga í riðla fyrir EM 2009

Dregið var í riðla fyrir Evrópumót landsliða karla og kvenna í körfubolta árið 2009 í Feneyjum á Ítalíu í gær. Karlalandslið Íslands leikur í B-deild í riðli með Hollandi, Austurríki, Danmörku og Svartfjallalandi. Kvennalandslið Íslands leikur einnig í B-deild og er í sex liða riðli með Slóveníu, Hollandi, Sviss, Svartfjallalandi og Írlandi. Leikið verður heima og að heiman hjá bæði körlunum og konunum og byrjar ballið í september næsta haust og lýkur haustið árið 2009.

sport

sport@frettabladid.is

BJÖRN BERGMANN SIGURÐARSON, ÍA: ER ALLUR AÐ KOMA TIL EFTIR AÐ HAFA GLÍMT VIÐ ÞRÁLÁT NÁRAMEIÐSLI

Sannkallaðir töfralæknar sem ég hitti í Hollandi

Hinn bráðefnilegi Björn Bergmann Sigurðarson, tæplega 17 ára gamall framherji ÍA, stimplaði sig heldur betur inn í Landsbankadeild karla síðasta sumar með Skagaliðinu. Í lok tímabilsins átti hann þó við þrálát nárameiðsli að etja sem hafa haldið honum utan vallar meira og minna síðan þá.

„Ég var að spila hálfmeiddur í lok síðasta sumars með ÍA og verkurinn í náranum fór bara versnandi eftir því sem ég spilaði meira. Síðan þegar ég var að fara að spila með U-19 ára landsliðinu þá var ég alveg ónýtur í náranum og þurfti að hætta alveg. Mér var svo í framhaldinu ráðlagt að hvíla neðri hluta skrokksins en þjálfa og lyfta með efri hlutanum og þetta gerði ég í þrjá mánuði án þess að finna miklar framfarir," sagði Björn Bergmann, sem fór á dögunum í tíu daga ferð til Hollands þar sem hann var í stífri sjúkraþjálfun og endurhæfingu.

„Læknarnir í Hollandi voru mjög ósáttir með að ég hafði ekki verið að lyfta með neðri hluta skrokksins líka og sögðu að ákveðið ójafnvægi væri komið á efri og neðri hluta skrokksins. Ég var í mjög stífri þjálfun hjá þeim frá níu til fjögur flesta dagana sem ég var úti og þeir nudduðu mig og teygðu á mér og létu mig fara í jóga. Ég var hættur að finna verkinn eftir þriggja daga meðferð, sem er alveg ótrúlegt og þetta hljóta bara að vera einhverjar töfralækningar hjá Hollendingunum," sagði Björn Bergmann, sem fékk æfingaáætlun fyrir næstu þrjár vikurnar áður en hann snýr aftur til Hollands til þess að fara í lokaskoðun.

„Ég þarf núna að æfa neðri hluta skrokksins á fullu til að vinna upp það sem ég hefði átt að vera búinn að þjálfa og fá þar með jafnvægi í þetta. Ég fer svo aftur til Hollands í byrjun mars til þess að fá grænt ljós á að byrja að æfa á fullu á ný," sagði Björn Bergmann, sem er mjög spenntur að fara að æfa aftur með ÍA.

„Það er kominn hugur í menn að byggja ofan á gott gengi liðsins síðasta sumar og ég get ekki beðið eftir því að fara að æfa á fullu og keppa. Ég er eiginlega bara svekktur yfir því að hafa ekki farið strax út til Hollands þegar ég meiddist," sagði Björn Bergmann að lokum.

WEST HAM
MOUTH
PORTSM
Verð á mann
í tvíbýli frá
58.900 KR.
4.–6.
APRÍL
Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Derby, Newcastle og Aston villa.
+ Nánari upplýsingar:
www.icelandair.is/ithrottaferdir
WWW.ICELANDAIR.IS
ÍSLENSKA SIA.IS ICE 40741 02/08

Akureyri barðist fyrir stigi

HK og Akureyri skildu jöfn, 26-26, í N1-deild karla í gærdag. Allt stefndi í sigur HK en baráttuglaðir Akureyringar skoruðu þrjú síðustu mörkin og náðu stigi.

HANDBOLTI HK og Akureyri skildu jöfn 26-26 í miklum baráttuleik í N1-deild karla í gærdag.

Það var í raun og veru fátt sem gladdi augað í fyrri hálfleik í Digranesi í gær. Leikurinn var hægur og liðunum gekk illa að keyra hraðaupphlaup. Leikmenn liðanna verða hins seint sakaðir um að berjast ekki. Gestirnir frá Akureyri ætluðu greinilega að selja sig dýrt og tóku fast á HK-mönnum og fengu fyrir vikið þrívegis tveggja mínútna brottvísanir í fyrri hálfleik.

Leikurinn var í járnum nær allan fyrri hálfleikinn en staðan var jöfn 5-5 þegar stundarfjórðungur var liðinn af leiknum. Akureyringar skoruðu þá tvö mörk í röð og voru skrefinu á undan HK-liðinu sem virkaði hálf áhugalaust. Á síðustu fimm mínútum fyrri hálfleiks tóku heimamenn þó við sér og skoruðu tvö síðustu mörkin í fyrri hálfleik og breyttu stöðunni í 14-12. Ragnar Hjaltested var líflegur í HK-liðinu og skoraði fimm mörk í fyrri hálfleik en Akureyringar gátu helst þakkað markverði sínum, Sveinbirni Péturssyni, fyrir að vera enn að fullu inni í leiknum en hann varði ellefu skot í fyrri hálfleik.

HK byrjaði seinni hálfleikinn af miklum krafti og sýndi loks sitt rétta andlit með hröðu spili. Staðan var orðin 20-15 eftir tíu mínútur og flest benti til þess að heimaliðið myndi sigra auðveldlega. Það vantaði neistann í Akureyrarliðið og markvarslan var engin fyrsta stundarfjórðunginn. Akureyringar náðu sér þó aftur á strik eftir að hafa tekið leikhlé til að fara yfir stöðuna og fóru aftur að berjast af sama krafti og í byrjun leiks. HK-liðið hélt eflaust að sigurinn væri í höfn þegar staðan var 26-23 og fimm mínútur eftir en Akureyringar höfðu ekki sagt sitt síðasta orð og skoruðu þrjú síðustu mörk leiksins og jöfnuðu 26-26. Akureyringar voru enn fremur óheppnir að taka ekki bæði stigin í lok leiksins þegar Goran Gusic skoraði á lokasekúndunum en markið var dæmt af þar sem endurtaka þurfti innkast og þar við sat. Sævar Árnason, þjálfari Akureyrar, var ánægður með baráttuna hjá sínum mönnum.

„Ég get ekki verið annað en sáttur með stigið miðað við hvernig leikurinn þróaðist. Við byrjuðum alveg hræðilega í seinni hálfleik og engin markvarsla var framan af. Liðið sýndi mikinn karakter að koma til baka eins og það gerði og taka stigið og mér finnst vera ákveðinn stígandi í okkar leik í vetur og við verðum bara að halda áfram að bæta okkur," sagði Sævar.

Ragnar Hjaltested, hornamaður HK, var ósáttur með að lið sitt missti leikinn niður í jafntefli.

„Við vorum með þetta í höndum okkar og það eru gríðarleg vonbrigði að klúðra þessu stigi. Við hættum bara síðasta stundarfjórðunginn og hleyptum þeim inn í leikinn eftir góða byrjun á seinni hálfleik," sagði Ragnar.

omar@frettabladid.is

ÖFLUGUR Ragnar Hjaltested, hornamaður HK, átti góðan leik gegn Akureyri í Digranesi í gær og skoraði níu mörk. Hér reynir Akureyringurinn Heiðar Þór Aðalsteinsson að stoppa hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ÚRSLITIN Í GÆR

N1-deild karla:

HK-Akureyri 26-26 (14-12)
Mörk HK (skot): Ragnar Hjaltested 9/4 (12/6), Augustas Strazdas 5 (7), Tomas Etutis 5 (9), Ólafur Bjarki Ragnarsson 2 (3), Gunnar Steinn Jónsson 2/1 (7/2), Arnar Þór Sæþórsson 1 (1),Sergey Petraytis 1 (2), Sigurgeir Árni Ægisson 1 (2).
Varin skot: Björn Ingi Friðþjófsson 13 (30/1), 43%, Egidijus Petkevicius 1 (10), 10%.
Hraðaupphlaupsmörk: 1 (Ragnar).
Fiskuð víti: 8 (Augustas 3, Ragnar 2, Sergey, Gunnar Steinn, Arnar Þór).
Utan vallar: 6 mínútur.
Mörk Akureyrar (skot): Einar Logi Friðjónsson 7 (14), Magnús Stefánsson 6 (11), Goran Gusic 4/1 (6/1), Heiðar Þór Aðalsteinsson 3 (3), Nikolaj Jankovic 2 (4), Björn Óli Guðmundsson 2 (5), Hörður Fannar Sigþórsson 1 (1), Ásbjörn Friðriksson 1 (3).
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 15/1 (38/7), 39%, Arnar Sveinbjörnsson 0 (3/1), 0%.
Hraðaupphlaupsmörk: 2 (Einar Logi 2).
Fiskuð víti: 1 (Magnús).
Utan vallar: 8 mínútur.
ÍBV-Stjarnan 34-33 (17-15)

N1-deild kvenna:

Fram-Haukar 35-30 (18-11)
Mörk Fram (skot) : Stella Sigurðardóttir 7/4 (12/4), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 5 (8), Annett Köbli 4/1 (4/1), Pavla Nevarilova 4 (7), Marthe Sördal 3 (3), Karen Knútsdóttir 3 (4), Ásta Birna Gunnarsdóttir 3 (4), Þórey Rósa Stefánsdóttir 3 (6), Hildur Knútsdóttir 1 (1), Sara Sigurðardóttir 1 (2), Guðrún Þóra Hálfdánardóttir 1 (2)
Varin skot : Kristina Kverdarine 17/0 42/5) 40%, Karen Einarsdóttir 1/0 (6/1) 16%
Hraðaupphlaup : 8 (Karen Knútsdóttir 3, Ásta Birna 2, Marthe 2, Pavla)
Fiskuð víti : 5 (Pavla 2, Ásta Birna, Marthe, Stella)
Utan vallar : 10 mínútur
Mörk Hauka : Ramune Pekarskyte 13/6 (17/6), Inga Fríða Tryggvadóttir 4 (5), Nína Kristín Björnsdóttir 3 (6), Hind Hannesdóttir 3 (6), Harpa Melsted 3 (7), Erna Þráinsdóttir 3 (8), Sandra Stojkovic 1 (5)
Varin skot : Latima Miliauskaite 4/0 (20/1) 20%, Bryndís Jónsdóttir 11/0 (30/4) 36%
Hraðaupphlaup : 1 (Harpa)
Fiskuð víti : 6 (Inga Fríða 2, Harpa, Hind, Erna, Sigrún Brynjólfsdóttir)
Utan vallar : 6 mínútur
Grótta-HK 26-33
Markahæstar hjá Gróttu: Anna Úrsúla Gumundsdóttir 5, Auksé Vysniauskaite 5, Karolína Gunnarsdóttir 5, Ragna Karen Sigurðardóttir 5.
Markahæstar hjá HK: Natalia Ceplonuska 12, Arna Sif Pálsdóttir 6, Jóna S. Halldórsdóttir 5.
FH-Stjarnan 20-24

Fram vann Hauka 35-30 í N1-deild kvenna í Framhúsinu í gærdag og er sem fyrr á toppi deildarinnar:

Þægilegur sigur toppliðs Framstúlkna

HANDBOLTI Fram vann góðan 35-30 sigur á liði Hauka í Framhúsinu í Safamýri í gær og eru sem fyrr í efsta sæti N1-deildar kvenna.

Leikurinn byrjaði fjörlega og var mikið skorað á fyrstu mínútum leiksins. Um miðjan fyrri hálfleikinn tók Framliðið yfirhöndina en sóknarleikur Haukanna gekk illa gegn sterkri vörn Fram. Framstúlkurnar fengu mörg hraðaupphlaup og náðu mest 9 marka forskoti og Haukar heillumhorfnar. Í hálfleik var staðan 18-11.

Í seinni hálfleik mættu Haukar ákveðnari til leiks. Sóknarleikur þeirra gekk mun betur, en þrátt fyrir það gekk þeim illa að saxa á forskot Framara. Þær náðu mest að minnka muninn í fjögur mörk en nær komust þær ekki og nokkuð þægilegur sigur Framara í höfn, lokatölur 35-30.

Þjálfari Fram, Einar Jónsson, var nokkuð sáttur að leik loknum.

„Fyrri hálfleikur var góður og við leiðum með 7 mörkum í hálfleik og varnarlega vorum við að spila vel. Seinni hálfleikur var afleitur hjá okkur og ef við ætlum að landa efsta sætinu og ég tala nú ekki um vinna Stjörnuna í næsta leik þá þurfum við að bæta varnarleikinn okkar. Það er nóg eftir af mótinu og leikurinn gegn Stjörnunni verður lykilleikur. Það er gaman að mæta Stjörnunni og Alla og vonandi að fólk fjölmenni á leikinn," sagði Einar.

Nína Kristín Björnsdóttir fyrirliði Hauka var ekki eins sátt.

„Við töpum þessum leik í fyrri hálfleik þar sem við vorum að spila illa í vörn, sókn og markavarslan var lítil.," sagði Nína Kristín.

- sjj

Á FLUGI Ásta Birna Gunnarsdóttir, fyrirliði Fram, stekkur hér upp og skorar eitt af þremur mörkum sínum gegn Haukum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÚRSLITIN Í GÆR

Iceland Express-deild kvk:

Valur-Grindavík 69-57 (34-33)
Stig Vals: Molly Peterman 33 (8 frák., 9 stoðs.), Signý Hermannsdóttir 12 (13 frák., 4 varin), Hafdís Helgadóttir 11, Þórunn Bjarnadóttir 6 (5 stoðs.), Guðrún S. Baldursdóttir 4, Tinna Björk Sigmundsdóttir 3.
Stig Grindavíkur: Tiffany Roberson 18 (15 frák.), Petrúnella Skúladóttir 11, Joanna Skiba 9, Jovana Lilja Stefánsdóttir 7, Berglind Anna Magnúsdóttir 5, Helga Hallgrímsdóttir 4, Ólöf Helga Pálsdóttir 2, Íris Sverrisdóttir 1.

Fjölnir-Haukar 59-91 (37-46)
Stig Fjölnis: Slavica Dimovska 28 (9 frák.), Efemia Sigurbjörnsdóttir 13 (8 frák.), Gréta María Grétarsdóttir 6 (7 frák., 5 stoðs.), Birna Eiríksdóttir 6, Hrafnhildur Margrét Jóhannesdóttir 2, Eva María Emilsdóttir 2, Erna María Sveinsdóttir 2.
Stig Hauka: Kiera Hardy 22 (12 frák., 8 stoðs.), Kristrún Sigurjónsdóttir 17, Unnur Tara Jónsdóttir 16 (8 frák., 6 stoðs.), Bára Fanney Hálfdanardóttir 14, Telma Björk Fjalarsdóttir 7 (15 frák.), Ragna Margrét Brynjarsdóttir 6, Sara Pálmadóttir 3, Aldís Pálsdóttir 2, Kristín Fjóla Reynisdóttir 2, María Lind Sigurðardóttir 2.

Áskorendakeppni Evrópu:

Konur:
RK Lasta-Valur 26-31 (12-16)
Mörk Vals (skot): Kristín Guðmundsdóttir 7 (10), Kristín Collins 5 (6), Ágústa Edda Björnsdóttir 5/3 (7/4), Eva Barna 4 (5), Íris Ásta Péturs dóttir 2 (2), Rebekka Skúladóttir 2 (3), Hafrún Kristjánsdóttir 2 (6/2), Dagný Skúladóttir 1 (2), Nora Valovics 1 (2), Berglind Íris Hansdóttir 1 (2), Hildigunnur Einarsdóttir 1 (3), Katrín Andrésdóttir (1).
Varin skot: Berglind Íris Hansdóttir 12 (32/2 37,5%), Jolanta Slapikiene 6(12/1 50%)
Hraðaupphlaup: 11 (Kristín G. 3, Kristín C., Rebekka, Ágústa, Nora, Íris, Hildigunnur, Dagný, Hafrún)
Fiskuð víti: 7 (Hafrún 2, Eva, Íris, Anna, Katrín, Kristín C.)
Utan vallar: 4 mínútur

Karlar:
Fram-CSU Poli Timisoara 24-26
Mörk Fram: Hjörtur Hinriksson 5, Halldór Jóhann Sigfússon 4, Stefán Baldvin Stefánsson 4, Andri Berg Haraldsson 3, Jóhann Gunnar Einarsson 2, Jón Björgvin Pétursson 2, Haraldur Þorvarðarson 1, Einar Ingi Hrafnsson 1, Rúnar Kárason 1, Björn Guðmundsson 1.
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 6, Magnús Gunnar Erlendsson 5.

Valur vann öruggan fimm marka sigur á Lasta Radnicki sem hefði hæglega getað orðið talsvert stærri:

Valsstelpur á góðri leið í átta liða úrslit

HANDBOLTI Valur vann góðan sigur, 31-26, á Lasta Radnicki frá Serbíu í sextán liða úrslitum Áskorendakeppni Evrópu.

Valur valtaði yfir Napredak, sem einnig er frá Serbíu, í 32 liða úrslitum en Lasta Radnicki er mun sterkara lið. Það tók Val 17 mínútur að ná yfirhöndinni í leiknum og þegar flautað var til hálfleiks munaði fjórum mörkum á liðunum, 16-12.

Valur jók forskotið í sex mörk í upphafi síðari hálfleiks, 14-20. Þá tók við afleitur tíu mínútna kafli þar sem serbneska liðið skoraði sex mörk gegn engu og leikurinn skyndilega orðinn jafn.

Valur svaraði því með fimm mörkum í röð og þegar fjórar mínútur voru eftir var munurinn orðinn átta mörk, 31-23, þrátt fyrir að sóknarleikur Vals gengi illa en sjö síðustu mörk Vals komu úr hraðaupphlaupum.

ERFITT Valsstúlkan Eva Barna brýst hér af harðfylgi í gegnum vörn Lasta Radnicki í leik liðanna í Vodafone höllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Serbarnir skoruðu þrjú síðustu mörk leiksins og á liðið veika von um að slá Val út þegar liðin mætast á nýjan leik í dag.

Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari Vals, er ekki sáttur við forskotið sem liðið fer með í síðari leikinn í dag.

„Ég er ósáttur að vera ekki með meira forskot. Við vorum klaufar í lokin. Á móti kemur þetta er hörkulið að mínu mati með marga flinka leikmenn, og þær eru sterkar á fótunum. Þetta er langt frá því að vera búið. Mér finnst við vera sterkari en þær og eiga mikið inni varnarlega. Ég er sannfærður um að við klárum þetta.“ **- gmi**

Sætin í úrslitakeppni Iceland Express-deildar kvenna:

Valskonur eiga von

KÖRFUBOLTI Valskonur eiga enn von um sæti í úrslitakeppni kvenna eftir 12 stiga sigur á Grindavík, 69-57, í Vodafone-höllinni í gær.

Það leit þó ekki vel út í byrjun því Grindavík var komið níu stigum yfir, 15-24, eftir fyrsta leikhluta. Valskonur tóku þá við sér og tóku öll völd á vellinum undir frábærri stjórn Molly Peterman sem átti stórleik.

Molly endaði leikinn með 33 stig, 9 stoðsendingar og 8 fráköst en 9 stig Hafdísar Helgadóttur í þriðja leikhluta áttu líka mikinn þátt í því að Valsliðið náði frumkvæðinu í leiknum.

Signý Hermannsdóttir var sterk í fyrri hálfleik þegar hún skoraði öll 12 stigin sín og Þórunn Bjarnadóttir og Tinna Björk Sigmundsdóttir voru traustar að vanda.

Hjá Grindavík var meðalmennskan allsráðandi en það var helst Petrúnella Skúladóttir sem stóð upp úr í leik liðsins. Joanna Skiba, sem var 38 stig í síðasta leik.

Haukar hafa enn átta stiga forskot á Val í baráttunni um 4. og síðasta sætið inn í úrslitakeppnina eftir 32 stiga stórsigur á Fjölni, 91-59. **- óój**

FRÁBÆR Molly Peterman skoraði 33 stig fyrir Val í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Golf með Express ferðum

Benidorm
Real de Faula
15.-22. mars
Verð á mann í tvíbýli
119.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, gisting á Hotel Sheraton ásamt morgunverði, rútuferðir til og frá flugvelli, íslensk fararstjórn og 5 golfhringir.

London
Hanbury Manor
19.-24. mars
Verð á mann í tvíbýli
92.800 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, gisting á hótelinu ásamt morgunverði og 5 golfhringir.

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

19 FARÞEGA HÓPFERÐABÍLL

- Kraftur - Öryggi - Þægindi - Hagkvæmni

IVECO DAILY TOURYS

Mikill og góður búnaður m.a.:

- 3,0 ltr. HPI - 176 hestöfl.
- Fæst rafskipt eða beinskipt
- 19 lúxus farþegasæti með þriggja punkta öryggisbeltum
- Hjólbarðar 195/75R16
- ABS diskahemlar að framan og aftan
- Spólvörn - Stöðuleikastýring
- Rafdrifin farþegahurð

- Tímastillt olíumiðstöð fyrir vél og hús
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Hæðarstillanlegt ökumannssæti
- Upphitaðir rafstýrðir speglar
- Rafmagns rúðuvinda í ökumannshurð
- RDS útvarp með geislaspilara og míkrafón
- Hraðlosun á tveimur öftustu sætaröðum
- Öll sæti á stillanlegum brautum

Og margt fleira....

Ný sending til afgreiðslu strax á afar hagstæðu verði

Krókhálsi 16, Reykjavík • Gleráreyrar 2, Akureyri • sími 588 2600

VÉLAVER HF
www.velaver.is

AUGLÝSINGAST. E. BACKMAN

ÚRSLITIN Í GÆR

Enski FA-bikarinn:

Man. Utd.-Arsenal	4-0
1-0 Wayne Rooney (16.), 2-0 Darren Fletcher (20.), 3-0 Nani (38.), 4-0 Darren Fletcher (74.).	
Chelsea-Huddersfield	3-1
1-0 Frank Lampard (18.), 1-1 Michael Collins (45.), 2-1 Frank Lampard (60.), 3-1 Salomon Kalou (70.).	
Liverpool-Barnsley	1-2
1-0 Dirk Kuyt (32.), 1-1 Stephen Foster (57.), 1-2 Brian Howard (90.).	
Bristol Rovers-Southampton	1-0
Cardiff-Wolves	2-0
Coventry-WBA	0-5

Skoska úrvalsdeildin:

Celtic-Hearts	3-0
1-0 Jan Vennegoor (14.), 2-0 Scott McDonald (51.), 3-0 Andreas Hinkel (76.). Eggert Gunnþór Jónsson lék allan leikinn fyrir Hearts.	

Ítalska Serie A-deildin:

Inter-Livorno	2-0
1-0 David Suazo (14.), 2-0 David Suazo (18.).	
Parma-AC Milan	0-0
Juventus-Roma	1-0
1-0 Alessandro Del Piero (45.).	

Spænska La Liga-deildin:

Real Betis-Real Madrid	2-1
0-1 Royston Drenthe (6.), 1-1 Edú (32.), 2-1 Mark Gonzalez (35.).	
Espanyol-Sevilla	2-4
0-1 Luis Fabiano (6.), 0-2 Frederic Kanoute (11.), 1-2 Luis Garcia (41.), 1-3 Christian Poulsen (74.), 2-3 Coro (76.), 2-4 Diego Capel (78.).	

Hollenska úrvalsdeildin:

Roda-Twente	3-1
Bjarni Þór Viðarsson kom ekkert við sögu hjá Twente að þessu sinni.	

Æfingaleikur á La Manga:

Valerenga-Lyn	2-2
0-1 Endre Fotland Knudsen (34.), 1-1 Kristofer Hæstad (56.), 1-2 Magnus Powell (74.), 2-2 Jarl André Storbæk (88.). Theodór Elmar Bjarnason lék allan leikinn fyrir Lyn.	

Man. Utd rassskellti Arsenal

Manchester United vann 4-0 stórsigur á erkifjendum sínum í Arsenal í sextán liða úrslitum FA-bikarsins á Old Trafford í gær. United lék frábæran bolta en Arsenal var algjörlega heillum horfið og nánast óþekkjanlegt.

NIÐURLÆGING Leikmenn United fóru á kostum í gær og hreinlega niðurlægðu Arsenal á köflum í leiknum.

NORDPHOTOS/AFP

FÓTBOLTI Englandsmeistarar Manchester United hreinlega slátruðu Arsenal 4-0 í sextán liða úrslitum FA-bikarsins á Old Trafford í gær, en þetta var 100. FA-bikarleikurinn hjá Sir Alex Ferguson með United-liðið.

Greinilegt var á byrjunarliðum beggja liða í gær að knattspyrnustjórarnir voru með leikina í Meistaradeild Evrópu í byrjun næstu viku í huga þar sem bæði liðin hvíldu lykilmenn. Sir Alex Ferguson ákvað að láta Ryan Giggs og markahrókinn Cristiano Ronaldo sitja uppi í stúku og Arsene Wenger byrjaði með Emmanuel Adebayor og Mathieu Flamini á varamannabekknum. Wayne Rooney var hins vegar kominn aftur í byrjunarliðið eftir að hafa tekið út leikbann og hann átti heldur betur eftir að láta til sín taka.

Rooney opnaði markareikninginn fyrir United strax á 16. mínútu með glæsilegu skallamarki eftir skallasendingu frá Anderson. United-liðið lék á als oddi á meðan Arsenal-liðið virtist hálf skelkað. Hinn skoski Darren Fletcher, sem hefur ekki fengið mörg tækifæri í liði United í ár, bætti öðru markinu við stuttu síðar, einnig með skalla, eftir góðan undirbúning hjá Nani, en boltinn hafði hugsanlega einhverja viðkomu í Willam Gallas, varnarmanni Arsenal, á leið sinni í markið. Nani var svo sjálfur á ferðinni á 38. mínútu og skoraði þriðja mark United eftir frábæra sendingu frá Michael Carrick með góðu skoti sem Jens Lehmann í marki Arsenal réð ekkert við. Markið undirstrikaði kannski helst flata vörn Arsenal-liðsins sem var opnuð trekk í trekk með góðum stungusendingum United-manna. Ekki voru fleiri mörk skoruð í fyrri hálfleik þó svo að færin hafi vissulega verið til staðar og þá hjá United-mönnum.

MINNTI Á SIG Darren Fletcher hefur lítið fengið að spila með United í ár en nýtti tækifæri sitt vel í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Gremja Arsenal manna

Snemma í seinni hálfleik dró til tíðinda þegar Emmanuel Eboue, leikmaður Arsenal, fékk að líta rauða spjaldið fyrir háskaleik en Eboue stökk þá upp í skallaeinvígi við Patrice Evra og fór með takkana í síðu hans. Hvort sem brotið var viljandi eða óviljandi leit það mjög illa út og í raun ekkert annað í stöðunni fyrir dómarann en að dæma rautt spjald. Arsenal var ekki til stórræðanna eftir það enda einum færra en liðið fékk sennilega sitt besta færi í leiknum þegar Eduardo da Silva átti skalla rétt yfir á 65. mínútu. United-menn voru þó ekki hættir og stuttu síðar leit fjórða markið dagsins ljós. Fyrrnefndur Fletcher skoraði þá sitt annað mark og minnti rækilega á sig og enn og aftur var það Nani sem var arkitektinn að markinu. Lokatölur urðu 4-0 og erfitt að benda á einhvern einn sem stóð upp úr hjá United. Rooney, Nani, Fletcher og Anderson áttu allir frábæran dag, en Arsenal-liðið var í heildina séð heillum horfið.

omar@frettabladid.is

FÖGNUÐUR Leikmenn Barnsley fagna hér frænkum sigri sínum gegn Liverpool á Anfield í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Óvænt úrslit urðu í sextán liða úrslitum FA-bikarsins:

Barnsley sló Liverpool út á Anfield

FÓTBOLTI 1. deildarlið Barnsley gerði sér lítið fyrir og sló Liverpool út úr sextán liða úrslitum FA-bikarsins á Anfield í gær. Chelsea lenti í vandræðum með 2. deildarlið Huddersfield en hafði á endanum sigur.

Flestir bjuggust við frekar auðveldum sigri Liverpool á heimavelli sínum Anfield gegn Barnsley, sem er um miðja 1. deildina, en annað kom á daginn. Liverpool lék án Fernando Torres og fyrirliðinn Steven Gerrard sat á varamannabekknum en að öðru leyti stillti Rafa Benitez upp frekar sterku byrjunarliði.

Dirk Kuyt skoraði fyrsta mark leiksins eftir rúman hálftíma eftir sendingu frá Ryan Babel og aðeins frábær markvarsla frá Luke Steele í marki Barnsley kom í veg fyrir að Liverpool náði ekki að keyra yfir gestina og staðan var 1-0 í hálfleik.

Barnsley-menn náðu hins vegar að svara fyrir sig og öllum að óvörum jöfnuðu þeir leikinn á 57. mínútu. Þar var á ferðinni Stephen Foster með skalla eftir sendingu frá Martin Devaney. Liverpool bætti í sóknina en Steele varði og varði og Harry Kewell átti svo skot sem fór í stöng og allt leit út fyrir að óvænt jafntefli yrði niðurstaðan. En alveg í blálokin náði Brian Howard að skora sigurmark Barnsley og tryggja gestunum frækinn sigur gegn Liverpool og farseðilinn í átta liða úrslit keppninnar.

Chelsea lenti einnig í basli með 2. deildarliðið Huddersfield en náði, ólíkt Liverpool, að klára dæmið í seinni hálfleik og vinna 3-1. Frank Lampard skoraði tvö mörk og lagði upp eitt fyrir Chelsea og virðist vera að komast í sitt gamla leikform eftir að hafa verið meiddur.

- óþ

Með bílinn handa þér

KOMDU ÚT AÐ LEIKA

www.landrover.is

Aðrir aukahlutur á mynd: Ljóskastarar

DISCOVERY 3 S Windsor
KR. 6.240.000

Windsor staðalbúnaður: 6 þrepa sjálfskipting, Terrain Response fjórhjólakerfi, hæðarstillanleg loftpúðarfjöðrun, sjö fullorðinssæti, Hljóðlát TDV6- 189 hestafla díselvél, hiti í fram- og aftursætum, hiti í framrúðu og rúðusprautu, skriðstillir o.fl.

Bíll á mynd: DISCOVERY 3 S Windsor með G4 aukahlutapakka að verðmæti kr. 390.000. Aðrir aukahlutur á mynd: Ljóskastarar

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200

LAND ROVER

GO BEYOND

dagskrá

> Robert Duvall

Duvall hefur gifst fjórum sinnum. Núverandi konan hans heitir Luciana Pedraza og er 42 árum yngri en hann. Þau giftust árið 2004 en höfðu verið í sambúð í sjö ár fyrir þann tíma. Duvall sést í sínu fyrsta „almennilega" hlutverki í myndinni To Kill a Mockingbird sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR UPPGÖTVAR NÝJAN GAMLAN ÞÁTT

Lyft, skorið og teygt

Þættirnir Nip/Tuck hafa á einhvern undraverðan hátt algerlega farið framhjá mér í þessi fimm ár sem þeir hafa verið framleiddir. Þetta er furðulegt miðað við þá staðreynd að ég fíla bæði læknadrama og elska að horfa á umbreytingaþætti eins og The Swan og Extreme Makeover. Auðvitað á maður ekki að viðurkenna slíkt en kannski alger óþarfi að reyna að mála sig fegurri en maður er. Þá hefur þátturinn Dr. 90210 einnig fengið fastan sess í sjónvarpsglápi mínu og því í hæsta lagi undarlegt að Nip/Tuck hafi aldrei heillað mig.

Nú er sá tími liðinn og ekki aftur snúið. Einn þáttur síaðist inn fyrir slysni á dögunum vegna einstakrar efniseklu á öðrum stöðvum. Furðulegt siðgæði hinna siðlausu lýtalækna Sean McNamara og Christian Troy er á einhvern hátt heillandi og um leið ekki svo fjarlægt raunveruleikanum ef maður tekur þættina Dr. 90210 trúanlega.

NIP/TUCK Fínstroknir á yfirborðinu. Siðlausir undir niðri.

Það er þó vel skiljanlegt að þættirnir séu sýndir seint um kvöld og merktir með eldrauðu merki sem bannar börnum innan sextán ára að horfa. Þættirnir eru með eindæmum svæsnir og klúrir. Þar er siðgæðið í lágmarki og fjálglega rætt um kynlífsathafnir. Læknarnir sem á yfirborðinu eru fínstroknir og fágaðir eru undir niðri siðlausir svallarar með ýmis skemmd epli í skápunum.

Þættirnir hafa verið sýndir á Íslandi frá árinu 2004. Í fyrstu voru þeir félagar með læknastofu í Miami en eftir einhverjar óhentugar uppákomur neyddust þeir að flytja til mekka lýtalækninga í Los Angeles. Nú er bara að sjá hversu lengi þeim tekst að halda sig á beinu brautinni. Miðað við þennan eina þátt sem ég hef séð er ekki ólíklegt að þeir eigi eftir að ganga í gegnum einhverjar hrakningar.

EKKI MISSA AF

19.50 Northern Trust Open SÝN

20.00 The Sound of Music STÖÐ 2 BÍÓ

20.20 Forbrydelsen SJÓNVARPIÐ

20.25 Pushing Daisies STÖÐ 2

21.30 Boston Legal SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Í næturgarði, Brummi, Kóalabræður, Landið mitt, Herkúles, Sígildar teiknimyndir, Fínni kostur, Fræknir ferðalangar, Sigga ligga lá, Konráð og Baldur og Dalabræður

11.20 Laugardagslögin

12.30 Silfur Egils

13.45 Viðtalið

14.15 Mótókross

15.00 Íshokkí Bein útsending frá leik karlaliða SR og SA.

17.30 Táknmálsfréttir

17.40 Galdra-Max

18.00 Stundin okkar

18.30 Spaugstofan

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

20.20 Glæpurinn (18:20) (Forbrydelsen: Historien om et mord) Danskir spennuþættir af bestu gerð. Ung stúlka er myrt og við rannsókn lögreglunnar fellur grunur á ýmsa. Meðal leikenda eru Sofie Gråbøl, Lars Mikkelsen, Bjarne Henriksen, Ann Eleonora Jørgensen og Søren Malling. Þættirnir eru endursýndir á þriðjudagskvöldum kl. 23.20.

21.20 Sunnudagsbíó - Að drepa hermikráku (To Kill a Mocking Bird) Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

23.25 Silfur Egils

00.35 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

STÖÐ 2 BÍÓ

06.15 My Boss´s Daughter

08.00 Beauty Shop

10.00 Diary of a Mad Black Woman

12.00 The Sound of Music

14.50 My Boss´s Daughter

16.15 Beauty Shop

18.00 Diary of a Mad Black Woman

20.00 The Sound of Music Heimsfræg söngvamynd sem sópaði að sér verðlaunum.

22.50 Carried Away

00.35 The Prophecy 3

02.00 Bookies

04.00 Carried Away

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Stubbarnir, Barney og vinir, Doddi litli og Eyrnastór

08.05 Algjör Sveppi

08.10 Barnatími Stöðvar 2 Fífí, Könnuðurinn Dóra, Pocoyo, Krakkarnir í næsta húsi, Dexter´s Laboratory, Charlie and Lola, Ginger segir frá, Tracey McBean, Kalli litli kanína og vinir, Tutenstein og A.T.O.M.

12.00 Hádegisfréttir

12.25 Neighbours

12.45 Neighbours

13.05 Neighbours

13.25 Neighbours

13.45 Neighbours

14.10 Bandið hans Bubba (3:12)

15.00 Pushing Daisies (1:22)

15.45 ´Til Death (11:22)

16.10 Logi í beinni

16.55 60 mínútur

17.45 Oprah (Celebrity Hairstylists Reveal Their Secrets)

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.05 Mannamál

19.50 Sjálfstætt fólk

20.25 Pushing Daisies (2:22) Pushing Dasies er einn af þessum örfáu þáttum sem eru allt í senn einstaklega frumlegir, vandaðir, rómantískir, spennandi, fyndnir og umfram allt skemmtilegir. Pushing Daisies fékk þrjár tilnefningar til Golden Globe-verðlauna í ár, fleiri en nokkur annar framhaldsþáttur sem frumsýndur var í vetur.

21.10 Cold Case (5:23) Fimmta sería eins vinsælasta þáttar Stöðvar 2 síðustu árin.

21.55 Prison Break (12:22) Í lok síðustu þáttaraðar lentu flóttamennirnir í klóm laganna varða í Panama og hafa nú verið lokaðir inni í skelfilegasta fangelsi Panama og þótt víðar væri leitað. Það þýðir aðeins eittt; hefja þarf nýja flóttatilraun.

22.40 Corkscrewed (3:8) Stórskemmtilegur þáttur fyrir alla sanna áhugamenn um vín og vínrækt.

23.05 Bandið hans Bubba (3:12)

23.55 Mannamál

00.40 Crossing Jordan (9:17)

01.25 Supernova

02.50 Supernova

04.15 ´Til Death (11:22)

04.40 Pushing Daisies (2:22)

05.25 ´Til Death (11:22)

05.50 Fréttir

06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

07.50 Gillette World Sport

08.20 Spænski boltinn (Real Betis - Real Madrid)

10.00 Spænski boltinn (Zaragoza - Barcelona)

11.40 FA Cup 2007 (Man. Utd - Arsenal)

13.20 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu

13.50 FA Cup 2007 Bein útsending frá leik Sheffield Utd. og Middlesbrough í ensku bikarkeppninni.

15.50 FA Cup 2007 Bein útsending frá leik Preston og Portsmouth í ensku bikarkeppninni.

17.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Getafe og Valencia í spænska boltanum.

19.50 Northern Trust Open Bein útsending frá lokadegi Northern Trust Open en mótið er hluti af PGA mótaröðinni.

23.30 Tiger in the Park

00.20 Cristiano Ronaldo Glæsilegur heimildarþáttur um einn besta knattspyrnumann heims í dag.

01.10 NBA - All Star Game Bein útsending frá Stjörnuleik NBA þar sem allar skærustu stjörnur NBA körfuboltans mæta til leiks.

SÝN 2

13.50 Masters Football (North West Masters) Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glenn Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby og Peter Beardsley. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

16.05 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar)

16.40 PL Classic Matches (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

17.10 PL Classic Matches

17.40 Season Highlights (Hápunktar leiktíðanna)

18.40 Aston Villa - Newcastle Útsending frá leik Aston Villa og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.

20.20 Chelsea - Liverpool Útsending frá leik Chelsea og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

22.00 Masters Football

SKJÁREINN

11.00 Vörutorg

12.00 World Cup of Pool 2007

12.50 Professional Poker Tour (e)

14.15 Rachael Ray (e)

15.10 Bullrun (e)

16.10 Canada's Next Top Model (e)

17.00 Queer Eye (e)

18.00 The Bachelor (e)

19.10 The Office (e)

19.40 Top Gear (2:17) Vinsælasti bílaþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrárliði og áhugaverðar umfjallanir.

20.30 Psych (3:16) Bandarísk gamansería um mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. Alríkislögreglan rekur slóð peningafalsara til Santa Barbara og sendir sinn eiginn miðil á staðinn. Nú verða Lassiter og félagar hans í lögreglunni að vinna með Shawn til að sanna að hann sé betri miðill.

21.30 Boston Legal (3:14) Bráðfyndið lögfræðidrama um skrautlega lögfræðinga í Boston. Denny Crane verjar við Carl Sack um að hann geti ekki unnið mál þar sem Mexíkói er sakaður um ómannlega meðferð á dýrum eftir að hann var staðinn að hanaati. Alan og Lorraine taka að sér mál ungrar stúlku sem vill fara í mál við skólann sinn eftir að hún smitaðist af alnæmi.

22.30 Dexter (5:12) Bandarísk þáttaröð um dagfarsprúða morðingjann Dexter sem vinnur fyrir lögregluna í Miami. Hann er sjálfskipaður böðull sem myrðir bara þá sem eiga það skilið. Leyndarmál fortíðar ásækja Dexter. Hann kemst að því að morðingi móður hans er enn á lífi og ákveður að leita hann uppi.

23.25 C.S.I. New York (e)

00.20 C.S.I. Miami (e)

01.10 Vörutorg

02.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasínþáttur – mannlíf og menning á Norðurlandi. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Besti afþreyingarvefurinn 2007

Samtök vefiðnaðarins völdu **visir.is** besta afþreyingarvefinn fyrir árið 2007.

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn sem hlýtur verðlaunin Afþreyingarvefur ársins 2007 er í senn fræðandi, áhugaverður, yfirgripsmikill og vinsæll en hefur um leið mikið afþreyingargildi. Vefurinn inniheldur allt sem góður afþreyingarvefur þarf að hafa, vel unninn texta, gott myndmál, útvarpsefni, sjónvarpsefni, sem og síaukna aðkomu notenda, sem er eitt af því sem skiptir sífellt meira máli hjá framsæknum vefjum í dag. Vefurinn verður að teljast inni í daglegum rúnti íslenskra netverja enda einn af fjölsóttustu vefjum landsins."

visir.is
...ég sá það á visir.is

Sjá vef Samtaka vefiðnaðarins – svef.is

Í KVÖLD

SÝN KL. 23.50

Stjörnuleikurinn

Hinn árlegi stjörnuleikur fer fram í kvöld þar sem allar skærustu stjörnur NBA-körfuboltans mæta til leiks. Í fyrra var það Kobe Bryant sem stal senunni og var valinn besti leikmaður stjörnuleiksins í fyrra en hann mætir til leiks eins og undanfarin ár. Í liði Vesturstrandarinnar eru menn á borð við Yao Ming, Tim Duncan, Carmelo Anthony og Allen Iverson ásamt títtnefndum Kobe Bryant. Einnig er valinn maður í hverju rúmi í liði Austurstrandarinnar og má nefna menn á borð við Dwight Howard, Jason Kidd, Kevin Garnett, ásamt hinum mögnuðu leikmönnum, þeim Dwayne Wade og Lebron James.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

To Kill a Mockingbird

Sjónvarpið kl. 21.20

Frábær mynd þar sem Gregory Peck fer á kostum en hann hlaut Óskarinn fyrir leik sinn í myndinni. Myndin er frá 1962 og er byggð á Pulitzer-verðlaunabók Harper Lee um lögmann í Suðurríkjunum á kreppuárunum sem ver blökkumann gegn tilhæfulausri nauðgunarákæru og börn hans gegn fordómum.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Ársól
09.03 Lárétt eða lóðrétt
10.05 Veðurfregnir
10.15 Af sagnameistaranum Knut Hamsun
11.00 Guðsþjónusta í Keflavíkurkirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Gárur
14.00 Hvað er að heyra?
15.00 Útvarpsleikhúsið: Nornirnar
15.35 Sírenur
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Úr tónlistarlífinu: Myrkir músíkdagar 2008
17.30 Úr gullkistunni
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Seiður og hélog
18.52 Dánarfregnir og augýsingar
19.00 Útúr nóttinni... og inní daginn
20.00 Leynifélagið
20.30 Brot af eilífðinni
21.10 Orð skulu standa
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Til allra átta
23.00 Andrarímur
00.07 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks
16.25 Hollyoaks
16.50 Hollyoaks
17.15 Hollyoaks
17.40 Hollyoaks
18.05 Hollywood Uncensored (22:26) Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood. Hér verður öllum spurningum svarað.
18.30 Falcon Beach
19.15 George Lopez Show, The (11:18)
19.40 Sjáðu
20.05 Comedy Inc. (2:22) Sprenghlægilegur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.
20.30 Special Unit 2 (8:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
21.15 Extreme: Life Through a Lens (2:13) (Öfgar. Lífið í linsunni) Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.
22.00 X-Files (9:24)
22.45 Falcon Beach
23.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

10.30 EastEnders **11.00** Amazon - Truth & Myth **11.30** Amazon Abyss **12.00** Tribe **13.00** The Dobsons of Duncraig **13.30** Mad About Alice **14.00** The Aristocrats **15.00** Doctor Who **15.45** Doctor Who Confidential **16.00** My Dad's the Prime Minister **16.30** My Hero **17.00** EastEnders **17.30** EastEnders **18.00** Space Race **19.00** Space Odyssey - Voyage To The Planets **19.50** The Ship **20.40** Trouble at the Top **21.20** I'll Show Them Who's Boss **22.00** Theatre Biz **23.00** EastEnders **23.30** EastEnders **0.00** Space Race **1.00** Space Odyssey - Voyage To The Planets **2.00** Theatre Biz **3.00** The Ship

DR 1

10.30 Godt arbejde **11.00** TV Avisen **11.10** Boxen **11.30** SPAM **12.00** SKUM TV **12.15** Flemmings Helte De Luxe **12.35** Family Guy **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Sommer **14.45** HåndboldSøndag **16.30** Sigurd og Bigbandet **17.00** Chimpanserne fra Gombe **17.30** TV Avisen med Sport **18.10** Landsbyhospitalet **19.00** Sommer **20.00** 21 Søndag **20.40** SøndagsSporten **20.50** Napoleon **22.25** Höök

NRK 1

9.00 NRKs sportssøndag **9.45** V-cup alpint: Slalåm 1. omgang, menn **10.15** V-cup langrenn **10.40** VM skiskyting 2008 **11.55** V-cup langrenn **12.20** V-cup alpint: Slalåm 2. omgang, menn **13.10** VM skiskyting 2008 **15.00** V-cup kombinert **15.30** V-cup hopp **16.20** Sport i dag **16.30** Åpen himmel **17.00** Kalle og Molo **17.20** Sola er en gul sjiraff **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.30** Reinlykke **20.10** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **20.40** Vinterkyss **22.00** Kveldsnytt **22.15** Rally: Rally Finnskog **22.45** Sluttspill **23.40** Juristane **0.25** Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

11.25 Debatt **12.25** Antikrundan **13.25** Välkommen till Hebron **14.25** I love språk **15.25** Världen **16.25** De kastlösa **16.55** Anslagstavlan **17.00** Bolibompa **17.30** Skärgårdsdoktorn **18.30** Rapport **19.00** Andra Avenyn **19.30** Sportspegeln **20.15** Agenda **21.10** Genusmaskineriet **21.40** Grön design **22.10** Rapport **22.20** Tv-stjärnan **22.50** Min stora dröm **23.20** Brottskod: Försvunnen

HVAÐ SEGIR MAMMA?



„Hann var alveg æðislegt barn og er ennþá. Ég man eftir því að hann gaf út blað í Búðardal aðeins tíu ára gamall til að safna sér peningum þannig að þessi athafnamaður hefur alltaf blundað í honum. Og hann er alveg ótrúlega fylginn sér í þessu kvikmyndastússi sínu. En fyrst og fremst er hann Ólafur alveg ótrúlega ljúfur og góður drengur.“

Vilborg Eggertsdóttir er móðir kvikmyndaleikstjórans Ólafs Jóhannessonar sem hlaut Teddy-verðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Berlín.

HIN HLIÐIN BJÖRN „BORKO“ KRISTJÁNSSON TÓNLISTARMAÐUR

Saknar Lilla og Brúðubílsins

Hvað er að frétta? Allt ljómandi gott. Platan mín, Celebrating Life, er loksins að koma út og ég er að fara á Evróputúr til að fylgja henni eftir. Þannig að ég get ekki annað en verið kátur.
Augnlitur: Blár.
Starf: Kennari og tónlistarmaður.
Fjölskylduhagir: Ég á frábæra fjölskyldu.
Hvaðan ertu? Úr miðbænum.
Ertu hjátrúarfullur? Nei. Ég er öfgafullur rök- og efahyggjumaður.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Twin Peaks allra tíma og The Mighty Boosh svona nýverið.
Uppáhaldsmatur: Dýrakjöt.
Fallegasti staðurinn: Hlíðarendi.
iPod eða geislaspilari: Plötuspilari.
Hvað er skemmtilegast? Að leika knattspyrnu með KF Mjöðm.
Hvað er leiðinlegast? Að þurfa alltaf að bíða í heila viku eftir næstu Mjaðmaræfingu.
Helsti veikleiki: Leti og besservissismi.
Helsti kostur: Ég er afburðagreindur og ákaflega glaðvær.
Helsta afrek: Að hafa verið bílstjóri á Brúðubílnum.
Mestu vonbrigðin: Að neyðast til að hætta sem bílstjóri á Brúðubílnum þegar ég var að fara að taka við hlutverki Lilla.
Hver er draumurinn? Að sjá hund sendan út í geiminn.
Hver er fyndnasti/fyndnust? Friðrik Sólnes.
Hvað fer mest í taugarnar á þér? Yfirleitt fer léleg þjónusta mest í taugarnar á mér. Þessa dagana fer þó meira í taugarnar á mér að það skuli eiga að rífa annað hvert timburhús við Laugaveg til að byggja ljóta steypukassa.
Hvað er mikilvægast? Að bera virðingu fyrir sjálfum sér, samferðamönnum sínum og umhverfi sínu.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hljómsveitin Hjaltalín fagnaði fyrstu plötu sinni með útgáfutónleikum á Nasa á fimmtudagskvöldið. Stór hópur tónlistarunnenda var mættur á tónleikana enda þykir plata Hjaltalíns ágætlega heppnuð. Tveir gestir skáru sig þó úr og vöktu óskipta athygli. Þar voru mættir saman, jakkafataklæddir og glæsilegir, borgarfulltrúarnir **Gísli Marteinn Baldursson** og **Dagur B. Eggertsson**. Þeir félagar skáluðu í bjór og virtust skemmta sér hið besta. Svo vel skemmtu þeir Gísli og Dagur sér að til þeirra sást á Kaffibarnum eftir tónleikana.

- hdm

ÞÓRIR S. NJÁLSSON: FEGRUNARAÐGERÐUM KARLA FJÖLGAR Á HVERJU ÁRI

Íslenskir karlar hata ástarhandföng

Sífellt er að færast í aukana að íslenskir karlmenn láti laga aðeins útlitið hjá lýtalæknum. Vinsælast er að láta fjarlæga ástarhandföng og undirhöku og aðgerðir í kringum augu og nef eru einnig vinsælar. Engar nákvæmar tölur eru til um kringum fjölda slíkra aðgerða en áætlað má reikna með að þær séu í kringum hundrað á ári.

Dr. Ottó Guðjónsson hjá Læknahúsinu segir að ekki sé um neina eiginlega sprengingu að ræða en vissulega sé þetta hægfara þróun sem hófst fyrir fimm árum eða þegar umtalað góðæri fór að láta verulega á sér kræla í íslensku þjóðlífi. „Það var ekki úr háum söðli að detta,“ segir Óttó, sem hafði ekki tölur á reiðum höndum yfir hversu margar fegrunaraðgerðir á körlum hann framkvæmdi á ári hverju. „Þetta er ekki nein sprenging en vissulega finnur maður aðeins meira fyrir þessum áhuga,“ bætir hann við.

Þórir S. Njálsson, lýtalæknir hjá Lækningu, sagðist í samtali við Fréttablaðið gera í kringum þrjátíu slíkar aðgerðir á ári. Hann tók undir orð Ottós og sagði þetta vera hægfara þróun. „Þetta er vissulega aukning en ekkert sem hefur gerst snögglega,“ útskýrir hann. Þórir segist aðallega gera tvenns konar aðgerðir: annars vegar séu það hin illa séðu ástarhandföng sem eru fjarlægð með fitusogi og hins vegar aðgerðir í kringum augun. „Mönnum finnst þeir þá vera svolítið brúnaþungir og vilja létta aðeins útlitið og virka glaðlegri,“ segir Þórir.

Ólafur Jakobsson hjá Sérfræðilæknum í Skipholti vildi ekki gefa upp hversu margar aðgerðir hann framkvæmdi á ári. Hann tók undir með þeim Þóri og Ottó að ástarhandföngin og aðgerðir í kringum augun væru vinsælastar og svo væri undirhakan líka alltaf ofarlega á blaði. Ólafur hefur aðeins verið starfandi hér á landi í hálft ár og sagði þróun fegrunaraðgerða á körlum vera rólega hér. Í Svíþjóð, þar sem hann var áður við störf, hefði þessi þróun hafist fyrir um tuttugu árum.

freyrgigja@frettabladid.is

ENGIN SPRENGING Ottó Guðjónsson, lýtalæknir hjá Læknasetrinu, segist finna aðeins meira fyrir áhuga íslenskra karla á fegrunaraðgerðum.

ENGAR ÁSTARHANDFÖNG Ástarhandföng Nicolas Sarkozy voru fjarlægð af frönsku blaði til að láta hann líta betur út. Slíkar aðgerðir eru vinsælar hjá íslenskum körlum.

OG HVAÐ KOSTAR ÞETTA:

Aðgerð í kringum augu: 70 til 103 þúsund
Fitusog: 140 til 320 þúsund
Undirhaka: 90 þúsund
Nef: 180 til 350 þúsund
Heimildir: 10x.is og lytalaeknir.is

Ómar verður afi í fyrsta sinn

„Ég gerði þetta bara upp á gamla mátann, óskaði eftir leyfi hjá föðurnum, fór síðan niður á hné og bað hennar,“ segir Ómar R. Valdimarsson, talsmaður Impregilo og ræðismaður með meiru. En hann og unnustann Margrét Ýr Ingimarsdóttir ætla að ganga í það heilaga 08.08.09 eða 8. ágúst eftir eitt og hálft ár.

Árið 2008 verður ekki síður stórt í lífi skötuhjúanna en í lok apríl má reikna með fjölgun í fjölskyldunni. Margrét gengur nefnilega með stúlkubarn undir belti. Ómar hefur verið duglegur að leyfa lesendum bloggsíðu sinnar að fylgjast með meðgöngunni og meðal annars birt sónarmyndir af stúlkunni. Að sögn Ómars er það einmitt ástæðan fyrir þessum góða tíma sem líður þangað til brúðkaupið verður; þau vildu bíða þangað til erfinginn yrði orðinn ögn stálpaðri og gæti tekið þátt í athöfninni.

Þetta er fyrsta barn Ómars og Margrétar og einnig fyrsta barnabarnið hjá báðum fjölskyldunum.

FLYTUR HEIM Ómar Valdimarsson ætlar að flytja heim og vera sem næst fyrsta afabarninu sínu.

VON Á STÚLKU Þau Margrét og Ómar eiga von á stúlkubarni í apríl.

Ómar segir að það ríki mikil eftirvænting hjá báðum afaforeldrunum. „Já, hún er nú svo mikil að foreldrar mínir sem búa í Kenía hafa ákveðið að flytja heim vegna þessa,“ segir Ómar en faðir hans, Ómar Valdimarsson og eiginkona hans, Dagmar Agnarsdóttir, hafa verið búsett í Afríkuríkinu Kenía í þrjú ár þar sem Ómar hefur verið sendifulltrúi Rauða krossins í Naíróbí.

- fgg

Nálastungur Íslands ehf.
Ríkharður Mar Jósafatsson
Doctor of Oriental Medicine
Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg 47
Sími 458 9400 & 863 0180

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

VELJUM LÍFIÐ

Vandaðar innréttingar í eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og þvottahús

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

Gæða skúffur

HTH býður nú upp á hágæða skúffur sem dragast út að fullu og nýtast því skúffurnar mun betur. Mikil gæði á viðráðanlegu verði.

Ljúflokun



Allar nýju HTH skúffurnar koma með *„ljúflokun"* – eitt af þessum fínu smáatriðum sem er innifalið í verðinu.

- *Þú verslar innréttinguna í dag*
- *Þú færð hana afhenta beint af lager*
- *Þú sparar með því að setja hana saman sjálf/ur*

AEG

20% afsláttur af AEG eldhústækjum þegar keyptar eru HTH innréttingar.

- **Mikið úrval eldhús- og baðinnréttinga ásamt fataskápum**
- Fagleg ráðgjöf
- Flatar pakkningar – auðvelt að flytja
- Beint af lager
- Sérsniðið hönnunarforrit fylgir
- Framleiðsluvörur HTH eru samkvæmt nýjustu umhverfisstöðlum
- 5 ára framleiðslu- og gæðaábyrgð

BETRA VERÐ – MEIRI GÆÐI

ORMSSON
AKUREYRI · Sími 461 5003

ORMSSON

ORMSSON
SELFOSSI · Sími 480 1160

SMÁRALIND · Sími 530 2900 · Beinn sími í HTH 530 2907 og 530 2908

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Apótekið lægra verð

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs Jónssonar

Fallegur boðskapur

Summa jarðar virðist hafa verið furðu jöfn í gegn um aldirnar. Fjöldi atómanna, sem hér eru á sveimi og mynda reikistjörnuna með öllu sem á henni er, hefur víst sveiflast sáralítið síðastliðin árþúsund. Þetta þýðir auðvitað að ekki er hægt að búa neitt nýtt til nema eyðileggja eitthvað sem var fyrir. Hráefnið er takmarkað. En hvernig er það valið hvað eyðist og hvað lifir?

Í Matteusarguðspjalli 3:9 segir Jesús: „Öxin er þegar lögð að rótum trjánna og hvert það tré, sem ber ekki góðan ávöxt, verður upp höggvið og í eld kastað.“ Þetta finnst mér fallegur boðskapur, þótt einhverjir megi ekki til þess hugsa að alheiminum sé þannig fyrir komið að einhverju verði að eyða. Sú skoðun er víst ekki í tísku um þessar mundir að það skipti einhverju máli hvaða ávexti maður ber í lífi sínu hérna megin grafar.

ÞAÐ sem mér finnst fallegt við þennan boðskap er tvennt. Í fyrsta lagi er það engum duttlungum háð hvað lifir áfram og hvað deyr. Það sem ber góðan ávöxt lifir, svo einfalt er það. Hitt er brennt, það rennur saman við sköpunarverkið og verður að hráefni í nýja sköpun. Þetta er í raun náttúruvalskenning.

HITT sem er fallegt við þessa speki er að engum er áskapað að vera kastað í eld. Hver maður hefur frjálsan vilja til að ákveða breytni sína sjálfur. Öll eigum við val, við ráðum því sjálf hvaða ávexti við kjósum að bera, því Jesús er hér auðvitað að tala um ávexti andans en ekki frjósemi holdsins.

EN hverjir eru ávextir andans? Jesús talar um að gera öðrum mönnum það sem maður vill að þeir geri manni. Þetta finnst sumum ógeðfellt. Þeim finnst ósanngjarnt að ekki dugi til sáluhjálpar að passa sig að vera ekki beinlínis vondur við aðra, að gera þeim ekki það sem maður vill ekki að þeir geri manni. Jesús gengur lengra. Hann leggur beinar verknaðarskyldur á herðar okkar, enda vissi hann sem er, að það er hægðarleikur að valda öðrum óbætanlegu tjóni með aðgerðaleysinu einu saman.

NÚ á dögum er ekki vinsælt að fjasa um eld og eyðileggingu. Það er eins og það sé einhver miðaldakeimur af því. Nútímamaðurinn vill vera látinn í friði, engar skyldur eða skuldadægur – bara skilyrðislausan kærleik og fyrirgefningu. Gallinn er bara sá að kærleikur getur aldrei birst sem sinnuleysi.

GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn 17. febrúar, 48. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	9.18	13.42	18.06
Akureyri	9.11	13.27	17.43

Heimild: Almanak Háskólans

Einkaþotur eru svo 2007...

Með **fyrirtækjasamningi** við Iceland Express tryggirðu fyrirtækinu hagstæðara verð og sparar fyrirhöfn.

Hafðu samband í síma **5 500 600** eða sendu okkur línu á **vidskiptaferdir@icelandexpress.is** – Saman leggjum við grunninn að vel heppnaðri viðskiptaferð!

Fíton/SÍA

Kostirnir eru ótvíræðir:

- Hagstæðara verð
- Aðra leið
- Tíðar flugferðir
- Hægt að fljúga til eins áfangastaðar og heim frá öðrum
- Auðvelt að breyta bókunum
- Finnum hótel við hæfi
- Í boði að velja sæti
- Engin sunnudagaregla
- Engin hámarksdvöl
- Aðstoðum við bókanir á framhaldsflugi erlendra flugfélaga
- Fjórtán áfangastaðir í sumar
- Hagstæðir fyrirtækjasamningar í boði

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is